

BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON

Nærbuxur í uppáhaldi

Tíska Heimili Heilsa
allt í MIÐJU BLÁDSINS



TÓMAS TÓMASSON

Búlluveldið stækkar enn

Opnar nýjan stað uppi á Höfða
FÓLK 62



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. júní 2006 – 172. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Myndasöguhöfundur Íslands
JPV útgáfa hefur gefið út enska þýðingu á „Forðist okkur,” eftir Hugleik Dagsson. Hann fékk á dögum Grímuverðlaunin og vinnur nú að nýrri myndasögu og söngleik.
TÍMAMÓT 60



Fyrsta lagið í 25 ár
Eiríkur Hauksson og hljómsveitin Start taka upp nýtt efni og spila á tónleikum.
FÓLK 62




Litaglöd og tilraunakenn tíska
Tískuvikan í Milánó stendur yfir og allir þekktustu hönnuðirnir sýna fót sín. Herra-tískan virðist ætla að verða afar áhugaverð.
FÓLK 50




FH að stinga af
FH-ingar eru komnir með níu stiga forskot á toppi Landsbankadeildarinnar eftir 2-0 sigur á Grindavík í toppslagnum í gær. Skagamenn töpuðu enn einum leiknum og eru langneðstir.
ÍPRÓTTIR 58



VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL NYRÐRA - Í dag verður fremur hæg suðaustlæg átt. Víða væta í morgunsárið en léttir til norðanlands og austan þegar líður á daginn. Áfram skúrir syðra. Hiti 10-17 stig, hlýjast á Norðausturlandi.
VEÐUR 4



GÍSLI GUÐJÓNSSON OG JÓHANNA LINDBERGSDÓTTIR Hjónin voru seinust upp úr sundlauginni á Eskifirði eftir að mengunarinnar varð vart. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARDARSSON

Einn Eskfirðingur enn á gjörgæslu

Yfirlögregluþjónn og yfirlæknir sammála um að aðgerðir vegna mengunarslyssins á Eskifirði hafi tekist vel. Orsök slyssins er mannleg mistök. Allir nema tveir hafa verið útskrifaðir af sjúkrahúsi.

EITRUN Sjúklingarnir tveir sem sendir voru til Akureyrar eftir mengunarslysið á Eskifirði eru þeir einu sem ekki hafa verið útskrifaðir af sjúkrahúsi. Annar liggur enn á gjörgæslu en er þó ekki talinn í bráðri hættu. Ákvörðun verður tekin snemma í dag hvort hann verði útskrifaður þaðan. Hinn hefur verið útskrifaður af gjörgæslu en liggur nú á legudeild.

„Dagurinn eftir slysið er mjög góður, fyrst og fremst vegna þess að ekki urðu mjög alvarleg slys á fólki og aðgerðir tókust mjög vel,” segir Jónas Vilhelmsson, yfirlögregluþjónn í Fjarðabyggð. Jónas var aðgerðastjóri á vettvangi og hafði umsjón með samhæfingu aðgerða við að flytja sjúka, rýma hús, loka svæðum og hreinsa sundlaugin. Jónas var í sambandi við samhæfingarstöðina í Reykjavík og var

mannskapur og búnaður sendur frá Reykjavík og Akureyri auk þess sem björgunarsveitir, lögreglumenn og heilbrigðisstarfsmenn komu frá nærliggjandi bæjum.

Fjöldi tók þátt í aðgerðum eftir að klörgasmengun myndaðist í sundlaugarhúsinu á Eskifirði. Mannleg mistök eru orsök slyssins sem varð með þeim hætti að bílstjóri frá Olís tók óvart ediksýru í stað klórs í bíl sinn og dældi henni í klörgeymi sundlaugarinnar. Í kjölfarið myndaðist mengunin með þeim afleiðingum að 34 þurftu að leita sér lækninga. „Við lokuðum götum á Eskifirði til að greiða fyrir umferð og hið sama gerðum við síðar í Oddskarðsgöngum og í aðal-götunni í Neskaupstað þegar sjúklingar voru fluttir á Fjórðungs-sjúkrahúsið þar,” segir Jónas. Björgunarsveitarmenn nutu aðstoð

ar bæjarbúa við þessar aðgerðir.

Björgunarsveitarmenn tóku einnig þátt í að rýma hús og leikskóla í nágrenni sundlaugarinnar. „Samfélag á svona stöðum byggist á samkennd og að fólk þekki hvert annað. Mín reynsla er sú að svona þjappar fólk saman.”

Guðjón Leifur Gunnarsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar á Eskifirði og Reyðarfirði, stóð vaktina í heilsugæslunni á Eskifirði. „Ég upplifi spennufall,” segir Guðjón. Átta læknar voru að störfum þegar mest var ásamt fjórum hjúkrunarfræðingum og einum sjúkraliða. Guðjón segir að fólk hafi haldið ró sinni. „Þó sumir þyrftu að bíða með barnið sitt hóstandi í fanginu þá sýndu allir skilning á ástandinu,” segir Guðjón og bætir við að ekkert þjálf fólk í að bregðast við aðstæðum sem þessum.
- s.dg / sjá síðu 8

Jóhanna Lindbergsdóttir: Gat ekki talað í sólarhring

EITRUN „Ég gat eiginlega ekki talað fyrr en klukkan fimm í gær,” segir Jóhanna Lindbergsdóttir, sem varð fyrir klörgaseitrun í sundlauginni á Eskifirði á þriðjudag. Jóhanna varð fyrir mestri eitrun þeirra sem ekki voru fluttir á brott frá sjúkrahúsinu í Neskaupstað.

Jóhanna og Gísli Guðjónsson, eiginmaður hennar, voru í sundlauginni þegar óhappið varð og voru seinust allra upp úr lauginni. Að sögn Jóhönnu var vel hlúð að öllum á heilsugæslunni á Eskifirði og síðan á sjúkrahúsinu á Norðfirði.

Jóhanna segist hafa fengið spennufall þegar nokkuð var liðið frá slysinu. Hún var útskrifuð af sjúkrahúsinu í Neskaupstað í gær og ætlar að fara í sund aftur og það sem fyrst.
- s.dg

Straumur-Burðarás: Hugsanlega skipt upp

VÍÐSKIPTI Ekki er séð fyrir endann á togstreitu í hluthafahópi Straums-Burðarás.

FL Group er, eftir kaup á hlut Magnúsar Kristinssonar, Kristins Björnssonar og tengdra aðila, stærsti einstaki hluthafinn í Straumi. Björgólfur Thor og tengdir aðilar ráða meirihluta félagsins. Boltinn er því hjá Björgólfi. Líklegasta niðurstaðan er að Straumi-Burðarási verði skipt upp. Hinir kostirnir eru samvinna fylkinga, sem ekki hafa starfað saman, eða yfirtaka annars aðila á hlut hins.

Með kaupunum breikkar hluthafahópur FL Group með aðkomu Magnúsar og Kristins. Viðræður um kaup tóku skamman tíma eftir að Þórður Már Jóhannesson, fyrrum forstjóri Straums, og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, höfðu lagt á ráðin um viðskiptin. Líklegt er að Björgólfur, ásamt Jóni Ásgeiri muni leita leiða til framtíðarlausnar fyrir Straum og vilji forðast átök sem líkleg væru til að skaða fjárfestingu þeirra beggja.
- hh / sjá síðu 22

Fólkskuleg líkamsárás í Rimahverfi hefur verið kærð til lögreglunnar í Reykjavík: Lamdi bæði konu og blaðbera

LÍKAMSÁRÁS Lögreglan í Reykjavík hefur nú til rannsóknar alvarlega líkamsárás sem átti sér stað í Rimahverfi í Grafarvoggi á laugardag, en þá var ráðist á konu og hún lami.

Ungur blaðberi, sem átti leið framhjá húsinu þar sem árásin varð, var skallaður af áráðarmanninum og honum hótað. Árásin hefur verið kærð til lögreglunnar og vinnur hún að rannsókn málsins.

Gleðskapur hafði verið í íbúð í

fjölbýlishúsi í Laufrima fram eftir degi á laugardag, en milli sex og átta seinni partinn heyrðu nágrannar mikil óp út úr íbúð í húsinu. Eigandi íbúðarinnar, konan sem varð fyrir árásinni, lenti þá í miklu orðaskaki við áráðarmanninn. Að sögn lögreglu þekkjast þau.

Rífrildunum lauk með því að áráðarmaðurinn rauk út. Hann kom svo síðar á vettvang ásamt öðrum manni, vopnaður hafnaboltakylfu, og lamdi konuna, eftir stutt orðaskipti.

Arinbjörn Snorrason, varðstjóri í lögreglunni í Reykjavík, segir málið hafa komið inn á borð til lögreglunnar á laugardagskvöld. „Þessi árás er litin alvarlegum augum. Það er enn unnið að framgangi rannsóknarinnar, en fyrir liggur að það voru vitni að árásinni.”

Vitni að árásinni hafa verið yfirheyrð og áráðarmaðurinn einnig. Rannsókn málsins er langt komin og er hún nú inni á borði ofbeldisbrotadeildar.
- mh

Útsala
hefst í dag!
Opíð til 21



Kringlan



SPURNING DAGSINS

Gunnar, verður bygging óperuhússins tilfinningaþrungin og langdregin á köflum?

„Nei, þetta verður gert með miklum léttleika og gleði og við þurfum lengri tíma til að æfa söngvarana upp fyrir frumsýninguna.“

Gunnar I. Birgisson sagði að Kópavogsbær myndi fara rólega í byggingu óperuhússins sem þar á að rísa, en að framkvæmdum við það yrði ekki frestað.

Fuglalíf í Látrabjargi:

Varnarliðspotur ógna fuglum

DÝRALÍF Þrjár þotur varnarliðsins flugu meðfram Látrabjargi í gærmorgun að sögn Gísla Kristjánssonar, sem á jörð þar í grenndinni og var með ferðahóp við bjargið þegar atburðurinn átti sér stað. „Hávaðinn var gifurlegur enda magnast hann upp í bjarginu og svartfuglinn fælist og þúsundir eggja skolast í sjóinn þegar hann fer í slíku ofboði,“ segir hann. Hann segir að það sé mikið sjónarspil þegar fuglinn fælist í svona stórum hópum og telur að flugmennirnir geri þetta til að verða vitni að slíku sjónarspili. Ekki náðist í upplýsingafulltrúa varnarliðsins, Friðþór Eydal.



BARNA LEITAD Á RUSLAHAUGI Yfir hálfis mánaðar leit að tveimur stjúpusturum lauk í gær.

Telpna saknað í Belgíu:

Líkin fundust við lestarteina

BELGÍA, AP Belgíska lögreglan fann tvö barnslík í gær og staðfesti saksóknari síðar um daginn að þau væru af telpunum tveim sem saknað hafði verið í tæpar þrjár vikur.

Líkin fundust í hávöxnu grasi við lestarteina skammt utan við Liege, og voru um 10 metrar á milli þeirra, að sögn saksóknarans.

Karlarmaður, sem áður hefur verið dæmdur fyrir að nauðga börnum, situr í varðhaldi í tengslum við hvarf þeirra, en hann neitar sök. Til hans sást nærri staðnum þar sem telpurnar, 7 og 10 ára gamlar stjúpustur, hurfu úr götueislu í Liege þann 10. júní. - smk

HB-Grandi lokar frystihúsinu á Akranesi í fimm vikur og þrjár vikur á Vopnafirði:

Sprungu komin í fjöreggið

AKRANES Frystihúsi HB-Granda á Akranesi verður lokað í fimm vikur í sumar og frystihúsi fyrir-tækisins á Vopnafirði verður lokað í þrjár vikur. Á Skaganum er þegar búið að loka og verður opnað aftur í lok júlí.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að frystihúsi HB-Granda hafi aldrei verið lokað í svona langan tíma og því hafi ekkert verið lokað í fyrrasumar. Þetta sé bagalegt fyrir þá skólakrakka sem hafi haft atvinnu í frystihúsinu á sumrin. „HB hefur verið fjöregg okkar Akurnesinga í marga áratugi. Núna bendir allt



FJÖREGG AKURNESINGA Sú nýlunda er í sumar að frystihúsi HB-Granda verður lokað í fimm vikur og hafa sjö skólakrakkar, sem ráðnir voru í sumarvinnu, verið lánaðir til Norðanfisks sem er í eigu HB-Granda.

til þess að sprungu hafi myndast í fjöreggið,“ segir Vilhjálmur og hefur áhyggjur af því að Skaga-

menn hafi engan til að gæta hagsmuna sinna, þar sem allir stjórnendur HB hafi horfið á braut. Eggert Guðmundsson, forstjóri HB-Granda, segir að ástæðuna fyrir lokuninni megi finna í kvótastöðunni og verkaskiptingu milli frystihúsa. Þorskur sé unninn á Akranesi og ýsa á Vopnafirði, meira komi til vinnslu á Akranesi á öðrum árstímum. „Við notum stoppið til að fjárfesta og byggja upp aðstöðu til móttöku á fiski inn í landvinnsluna fyrir nálægt tutugu milljónir,“ segir hann og bendir á að sjö skólakrakkar hafi verið ráðnir inn í vor en lánaðir til Norðanfisks eftir lokunina. - ghs

Innkaupasamlag gegn háu lyfjaverði

Heilbrigðisráðuneytið hefur til skoðunar að setja upp innkaupasamlag lyfja ásamt Tryggingastofnun og heilbrigðisstofnunum. Forstjóra Vistor list ekkert á það.

LYFJAVERÐ Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að ráðuneytið sé með það til skoðunar að setja upp innkaupasamlag lyfja ásamt Tryggingastofnun og heilbrigðisstofnunum. Þetta yrði gert til að vinna gegn háu lyfjaverði.

Ráðherra hefur sent bréf til Lyfjastofnunar þar sem stofnunin er beðin um að bryna fyrir lyfjafræðingum að upplýsa sjúklinga um ódýrari samheitalyf, sé verðmunur frumlyfja og samheitalyfja meiri en fimm prósent.

Jafnframt er stofnunin beðin um að ítreka „þær heimildir sem hún hefur samkvæmt lyfjalögum til að knýja á um úrbætur, sé ástæða til að mati stofnunarinnar, svo sem að veita áminningu sem getur verið undanfari leyfissviptingar,“ eins og segir í tilkynningu ráðuneytisins.



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

Lyfjaverðskönnun ASÍ sýndi nýlega að lyfjaverð er hátt á Íslandi og að lyfjafræðingar hjá markaðsráðandi lyfsölu-keðjum láti undir höfuð leggjast að benda á ódýrari samheitalyf sem hafa sömu virkni og eru jafngóð og frumlyfin en bara ódýrari.

„Frumlyfin hafa lækkað verulega með samningum við þá sem selja frumlyfin en takmarkað magn af samheitalyfjum er flutt inn. Misbrestur er á því að ódýrari samheitalyf séu hér á markaði,“ segir Siv og hefur efasemdir um árangur markaðslögmálanna við



MISBRESTUR Á ÓDÝRARI SAMHEITALYFJUM Frumheitalyfín hafa lækkað verulega í verði, að mati heilbrigðisráðherra, en misbrestur er á því að ódýrari samheitalyf séu flutt inn. Markaðurinn virðist því ekki hafa skilað lægra verði.

að ná niður lyfjaverði.

„Þegar maður horfir á minningu á verði lyfja hér og erlendis þá virðist markaðurinn ekki hafa skilað lægra verði. Það er mjög sérstök staða að þurfa að fara að flytja inn lyf með innkaupasamlagi en hugsanlega eina svarið miðað við þá stöðu sem við erum í í dag,“ segir hún.

Hreggviður Jónsson, forstjóri Vistor, segir að sér lítist ekkert á það að ríkið setji upp innkaupasamlag. Ríkið ætti að kanna hvort markaðurinn hafi brugðist, velta

fyrir sér hvers vegna ef svo reynist vera og hvaða úrræði séu þá til staðar.

„Ég fæ ekki séð af hverju ríkið ætti að geta gert þetta betur en einhver annar,“ segir hann og bætir við að lyfjaverð á frumlyfjum sé orðið lægra hér en í Danmörku.

Hjalti Sölvason, framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu, mótmælir því harðlega að lyfjafræðingar standi sig ekki í stykkinu við að benda á ódýrari samheitalyf. Það komi berlega í ljós í könnun ASÍ.

ghs@frettabladid.is

Fæðingarorlofssjóður:

18 stöðugildi norður í land

BYGGDAMÁL Meginstarfsemi Fæðingarorlofssjóðs flyst til Hvammstanga í janúar á næsta ári og í júlí sama ár mun umsýsla atvinnuleysisstrygginga fara fram og vera staðsett á Skagaströnd. Félagsmálaráðherra tilkynnti þessa ákvörðun sína í gær. Þetta þýðir að tíu ný stöðugildi skapast á Hvammstanga og sex til átta á Skagaströnd. Skúli Þórdarson, sveitarstjóri Húnaþings vestra, hafði lýst yfir væntingum sínum um að af þessum flutningum yrði en fjölmörg störf hafa tapast á Hvammstanga á árinu, til dæmis vegna lokunar rækjuverksmiðjunnar Meleyrar. -jse



FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI Höfuðstöðvar fjármálafyrirtækisins SWIFT í Brussel í Belgíu. RÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannréttindasamtök um BNA:

Eiga engan rétt á upplýsingum

LONDON, AP Bresk mannréttindasamtök hafa beðið stjórnir 32 landa, þar með talið Íslands, um að koma í veg fyrir að bandarísk yfirvöld fái aðgang að trúnaðarupplýsingum um millifærslur í gegnum belgísku fjármálastofnunina SWIFT.

Bandarísk yfirvöld fóru fram á upplýsingarnar í tengslum við herferð sína gegn hryðjuverkum, og segja talsmenn þeirra að síðan árið 2001 hafi þau fylgst með milljónum millifærslna.

Samtökin Privacy International segja beiðnina brjóta í bága við lög um persónuvernd.

Belgísk yfirvöld sögðu í gær að bandaríska fjármálaráðuneytið hafi eingöngu farið fram á upplýsingar frá skrifstofum SWIFT í Bandaríkjunum, en ekki víðar um heim. Yfirvöld í Belgíu og Kanada láta nú rannsaka hvort skrifstofur SWIFT þar hafi veitt Bandaríkjunum trúnaðarupplýsingar. - smk

SRI LANKA

Sjálfsmorðsárás Maður á mótorhjólgerði sjálfsmorðsárás á bil þriðja valdasta hershöfðingja Sri Lanka í höfuðborg landsins, Colombo, á þriðjudag. Í árásinni fórst hershöfðinginn ásamt þremur öðrum og árásumanninum sjálfum í sprengingunni.

Göran Persson hefur metnaðarfull áform í orkumálum:

Ætlar sér að leysa Svíþjóð að mestu undan oki olíunnar

STOKKHÓLMUR, AP Sænska stjórnin skýrði í gær frá metnaðarfullum áformum um að draga verulega úr olíunotkun á næstu fjórtán árum. Meðal annars er stefnt að því að olía verði ekki notuð til húshitunar eftir árið 2020 og að bensínnotkun bifreiðaflotans verði þá minnkuð um helming.

„Við verðum ekki laus við olíu árið 2020, en á hinn bóginn verðum við ekki háð olíu í neinum geira, í þeim skilningi að við höfum aðra kosti,“ sagði Göran Persson forsætisráðherra þegar hann kynnti þessi áform í gær.

Hann nefndi þessar hugmyndir fyrst í september síðastliðnum, þegar hann lýsti því yfir að Svíþjóð gæti orðið fyrsta landið í

heiminum sem þurfi ekki á olíu að halda. Í gær ítrekaði hann þessi áform, lýsti þeim nánar og sagði þau vissulega vera framkvæmanleg.

„Ég held að við séum í þann mund að ganga í gegnum róttækar breytingar á venjum okkar,“ sagði Persson í gær.

Hugmyndirnar hafa verið útfærðar af nefnd sem Persson setti í málið í september síðastliðnum. Hann hefur ákveðið að gera þetta að kosningamáli og segir að þessi áform verði grundvallaratriði í stefnu ríkisstjórnarinnar að loknum kosningum í haust, nái Sósíaldemókrataflokkurinn nægum þingstyrk til þess að stjórnin sitji áfram. - gb



GÖRAN PERSSON Forsætisráðherra Svíþjóðar hefur fulla trú á því að Svíþjóð verði ekki lengur háð olíu árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.



Opið virka daga: 10-18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

Útsala

er hafin í 115 verslunum



Nú eru verslanir Kringlunnar fullar af spennandi útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins.

Opið til 21 í kvöld

Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
10.00 - 18.30	10.00 - 21.00	10.00 - 19.00	10.00 - 18.00	13.00 - 17.00

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Kringlan

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 28.06.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	76,30	76,66
Sterlingspund	138,95	139,63
Evra	95,83	96,37
Dönsk króna	12,847	12,923
Norsk króna	12,114	12,186
Sænsk króna	10,376	10,436
Japanskt jen	0,6558	0,6596
SDR	112,09	112,75

Gengisvísitala krónunnar
132,9201

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Líkamsárás í Sandgerði:

Rot og rifbeinsbrot

LÍKAMSÁRÁS Tveir menn á tvítugsaldri voru ákærðir í gær fyrir líkamsárás á rúmlega fertugan mann fyrir utan skemmtistaðinn Vitann í Sandgerði í júnímánuði í fyrra.

Réðust þeirra á manninn með spörkum og hnefahöggum með þeim afleiðingum að hann rotaðist. Fórnarlambið hlaut ýmsa áverka vegna árásarinnar, þar á meðal rifbeinsbrot.

Ákærvaldið krefst refsingar og þolandinn fer fram á ríflega átta hundruð þúsund krónur í skaðabætur.

- æpe



AFMÆLIÐ KYNNT María Björk Óskarsdóttir, Björgólfur Guðmundsson og Kjartan Gunnarsson kynna afmælisdagskrána.

Landsbanki Íslands:

Fagnar 120 ára afmæli í ár

AFMÆLI Landsbanki Íslands fagnar 120 ára afmæli sínu á laugardag með dagskrá á fjórtán stöðum víðsvegar um land.

„Það var tekin ákvörðun hjá bankaráði að minnast þessara tímamóta með veglegum hætti og munum við gera það í heilt ár, en upphaf afmælisársins og hápunkturinn verður núna á laugardaginn,“ segir María Björk Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri afmælisnefndar bankans.

Landsbankinn er elsti banki landsins og tók fyrst til starfa í Bakarabrekku í Reykjavík sem síðar var nefnd Bankastræti eftir honum. Í tilefni afmælisins kemur út söguannáll Landsbankans sem Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur hefur tekið saman. - öhö

Jón Sigurðsson gefur kost á sér sem formaður Framsóknarflokksins:

Halldór kallaði Jón fram

STJÓRN MÁL Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segist gefa kost á sér í embætti formanns Framsóknarflokksins, en kosningar fara fram á flokksþingi í ágúst.

„Ég er tilbúinn að taka við þeim skyldum sem mér eru lagðar á herðar,“ segir Jón. Hann segir marga flokksmenn hafa komið að máli við hann og hvatt hann til að gefa kost á sér.

„Jón er hinn vænsti maður sem Halldór hefur kallað fram á sjónarsviðið,“ segir Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Hún vildi ekki segja hvort hún ætlaði sjálf að gefa kost á sér til formanns. „Ég hef starfað lengi

í Framsóknarflokki og tel mig hafa nægan tíma til að ihuga þessi mál. Ég hef ekki tekið neina ákvörðun.“

Aðspurður um hvort Halldór Ásgrímsson hafi hvatt hann sérstaklega til að gefa kost á sér, segir Jón að hann láti ekki draga sig út í eitt eða neitt. „Ég tek þessa ákvörðun sjálfur og síðan taka fulltrúar sína ákvörðun á flokksþingi. Ég treysti þeim fullkomlega fyrir að velja rétt.“

Ekki náðist í Guðna Ágústsson, landbúnaðaráðherra og varaformann Framsóknarflokksins, vegna málsins, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- sps



JÓN SIGURÐSSON, IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA Segist ekki láta draga sig út í eitt né neitt heldur hafi hann tekið ákvörðunina sjálfur. Siv Friðleifsdóttir segir Halldór hafa kallað Jón fram á sjónarsviðið.

Grunur kviknaði með nýjum manni

Innra eftirlit hjá Tryggingastofnun ríkisins brást, meðal annars vegna þess að stjórnendur stofnunarinnar voru uppteknir af breytingum á upplýsingakerfum. Ríkisendurskoðun endurskoðar verkferla og vinnulag.

FJÁRSVIKAMÁLID Innra eftirlitið hjá Tryggingastofnun ríkisins brást í þau fjögur ár sem meint fjár- og bótasvik starfsmanns stofnunarinnar áttu sér stað. „Auðvitað má segja að innra eftirlitið og þær reglur sem um það eiga að gilda hafi brugðist að einhverju leyti. Það liggur fyrir,“ segir Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Hann telur málið einfalt. Einum starfsmanni hafi verið búið þau skilyrði að geta ákvarðað bætur og afgreitt þær sjálfur til gjaldkera án þess að nokkur annar hafi komið að málinu. Þetta eigi ekki að geta gerst. „Menn bera traust til fólks og svo bregst þetta traust,“ segir hann.

Fulltrúar Ríkisendurskoðunar munu skoða verkferla og vinnulag innan Tryggingastofnunar, þannig að fjár- og bótasvik geti ekki átt sér stað aftur með sama hætti. „Við skoðum þá áhættupunkta sem eru fyrir hendi og hvernig menn standa að verklagi,“ segir Sigurður. Hann telur að stjórnendur stofnunarinnar hafi verið svo uppteknir af meðal annars breytingum á upplýsingakerfum, að innra eftirlitið hafi setið á hakanum.

Kona, sem starfað hafði sem þjónustufulltrúi hjá Tryggingastofnun í rúm tuttugu ár, er sökuð um að hafa svikið út 75 milljónir, og er þetta talið eitt stærsta tryggingasvikamál Íslandssögunnar. Alls tengjast tuttugu manns málinu, þar á meðal sonur konunnar og tengdadóttir, auk 29 ára manns. Allt þetta fólk tók við peningum gegn ákveðinni þóknun, að sögn



TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS Fjársvikakonunni var sagt upp vinnunni um áramótin vegna mikilla fjarvasta og tók uppsögnin gildi 1. júní. Grunur um svikin kviknaði þegar nýr starfsmaður tók til starfa og hóf að spyrja spurninga.



SIGURÐUR ÞÓRÐARSON



KRISTINN H. GUNNARSSON

NFS. Nokkrir fjórmenninganna hafa játað aðild. Konan og sonur hennar búa í félagslegri íbúð í Breiðholti. Konunni var sagt upp

um áramótin vegna mikilla veikinda og fjarvasta frá vinnu og tók uppsögnin gildi 1. júní. Samkvæmt heimildum blaðsins fór nýr starfsmaður, sem tók við starfi konunnar, að spyrja spurninga og í kjölfar þess kviknaði grunur.

Kristinn H. Gunnarsson, stjórnarformaður Tryggingastofnunar, býst við að forstjórinn gefi stjórninni skýrslu um málið á næsta stjórnarfundum. „Við munum sjálf-sagt fara yfir eftirlitsþættina í stofnuninni, en það var í sjálfu sér innra eftirlitið sem uppgötvaði málið.“

ghs@frettabladid.is

Dæmdur á Reykjanesi:

Kynferðisbrot gegn stúlkum

DÓMSMÁL Karlmaður var í gær dæmdur, í Héraðsdómi Reykjanes, í sjö mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn tveimur stúlkum.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa ítrekað nuddað kynfæri stúlkanna innan klæða þeirra, en stúlkurnar voru sex og átta ára þegar atvikið átti sér stað.

Maðurinn játaði brot sín fyrir dómi og var dæmdur, auk skilorðsins, til að greiða eldri stúlkunni 250 þúsund krónur og þeirri yngri 150 þúsund. Honum var einnig gert að greiða sakarkostnað sem hljóðar upp á um hálfa milljón króna.

- æpe



LANDABRUGGARI Í MOSKVA Svo margir falla í valinn í Rússlandi eftir neyslu „samagonka“ að jaðrar við faraldur.

NORDICPHOTOS/AFP

Rússar þykja drykkfelldir:

Landadrykkjan drepur marga

MOSKVA, AP Fjórutíu og tvö þúsund Rússar deyja árlega úr neyslu heimatilbúins landa, að því er Rashid Nurgaliev, innanríkisráðherra Rússlands, greindi frá. Hann lét einnig hafa eftir sér að drykkjusýki Rússa væri „þjóðharmleikur,“ sem hefði fækkað Rússum stórlega frá falli Sovétríkjanna. Á árunum 1991 til 2001 jókst áfengisneysla í Rússlandi um fjórutíu prósent, samkvæmt mati Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.

Rússum fækkar nú um sjö hundruð þúsund manns á ári og er fólksfækkunin rakin til ringulreiðar í efnahagsmálum, sem hefur skaðað heilbrigðiskerfi landsins til muna. Fæðingartíðni er lægri og lífslíkur minni en áður, einungis 66 ár að meðaltali. - kóp

LÖGREGLUFRETTIR

Tengivagn velti Vörubíll með tengivagn lenti utan vegar í nágrenni við Námarskarð í fyrirkvöld, með þeim afleiðingum að tengivagn sem hann dró velti. Vörubíllinn hafði mætt bíl sem vék ekki nóg og þurfti því að fara út í kant sem gaf sig. Tengivagninn er gjörnýtur en engin meiðsl urðu á fólki.

Ferðafólk utan vegar Bíll með ferðafólki lenti út af Dettifossvegi eystri í fyrirkvöld. Engin meiðsl urðu á ferðafólkunni en bíllinn er talsvert skemmdur.

BÍLL DAGSINS
TOYOTA YARIS

Nýskr 12.04 - Beinskiptur - Ekinn 31 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	21°C léttskýjað	London	24°C léttskýjað	Alicante	29°C léttskýjað
Bilund	20°C hálfskýjað	Paris	26°C léttskýjað	Mallorca	26°C léttskýjað
Osló	24°C léttskýjað	Frankfurt	28°C skýjað	Algarve	27°C léttskýjað
Stokkhólmur	21°C léttskýjað	Friedrichshafen	26°C skýjað	Krít	27°C léttskýjað
Gautaborg	21°C léttskýjað	Berlin	25°C léttskýjað	Las Palmas	24°C heiðskirt

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Útsalan

er hafin í Smáralind

15-80 % AFSLÁTTUR

Opið til 21 í kvöld

Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18 / smaralind.is / 528 8000





KJÖRKASSINN

Hefur þú sent SMS-skilaboð undir stýri?

Já	47%
Nei	53%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Nýtir þú þér þjónustu bókasafna á sumrin?

Segðu þína skoðun á Vísí.is



Námsmaður í Danmörku ber Tryggingastofnun þungum sökum:

Meinað um fæðingarstyrk

RÉTTINDI „Svona framkoma er með ólíkindum og varð á endanum til þess að ég gafst bara upp á að reyna að fá styrkinn greiddan,“ segir Steindóra Þorleifsdóttir, námsmaður í Danmörku.

Hún segir sínar farir ekki sléttar gagnvart Tryggingastofnun ríkisins, sem meinaði henni um fæðingarstyrksgreiðslur þegar hún eignaðist barn skömmu eftir komuna til Danmerkur árið 2003. Voru forsendurnar þær að hún væri erlendis vegna vinnu, en ekki náms, þrátt fyrir að Steindóra hefði lagt fram gögn er sönnuðu hið gagnstæða, bæði frá Lánastofnun íslenskra námsmanna sem

og Háskólanum í Álaborg. Beiðni um endurskoðun var hafnað og þar sem enga hjálp var að fá frá því sveitarfélagi sem Steindóra býr í erlendis, hefur hún þurft að ala barn sitt án allrar fjárhagslegrar hjálpar.

Leitaði Steindóra síðast réttar síns á síðasta ári en fékk þá þau svör að of langur tími væri liðinn frá því að úrskurður féll í máli hennar og ekkert væri hægt að gera fyrir hana. „Í mínum huga er þetta mannréttindabrot gagnvart mér en málaferli eru kostnaðarsöm og ekki á færi námsmanna svo ég hef gefist upp.“

- aðe



SÖKUM UM SVIK Gögn er sönnuðu að Steindóra væri í námi erlendis þóttu ómarktæk að mati Tryggingastofnunar.

Líkamsárás í Keflavík:

Marðist og ökklabrotnaði

LÍKAMSÁRÁS Tveir tvítugir menn voru í gær ákærðir fyrir líkamsárás sem átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Traffic í Keflavík í nóvember í fyrra.

Þeim er gefið að sök að hafa ráðist í sameiningu á mann á þrítugsaldri, ýtt honum og veitt hnefahögg með þeim afleiðingum að hann féll til jarðar og ökklabrotnaði tvívegis. Eftir að maðurinn féll, héldu þeir áfram að sparka og kýla hann í andlit og líkama. Af þessu hlaut fórnarlambið umtalsverða áverka, auk ökklabrotsins.

Auk refsingar fer þolandir fram á skaðabætur upp á rúmlega milljón króna.

- æpe

afrit.is

- ✓ Afritun á hvers konar gögnum
- ✓ Einfalt viðmót og uppsetning
- ✓ Hagkvæm þjónusta fyrir alla
- ✓ Ókeypis aðgangur í 30 daga
- ✓ Sjálfsafgreiðsla á Netinu
- ✓ Vottuð fyrsta flokks þjónusta
- ✓ Vöktun allan sólarhringinn
- ✓ Þúsundir ánægðra viðskiptavina
- ✓ Örugg dulkóðun og samskipti



afrit.is

HLUTHAFAFUNDUR FL GROUP HF.

VERÐUR HALDINN

FÖSTUDAGINN 7. JÚLÍ 2006

AÐ NORDICA HOTEL, SUÐURLANDSBRAUT 2 OG HEFST FUNDURINN KL. 16.00.

Á DAGSKRÁ FUNDARINS VERÐA:

1. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á hlutum í Straumi-Burðarás Fjárfestingabanka hf. og hækkun hlutafjár í tengslum við kaupin um allt að kr. 1.803.956.507 að nafnverði.
2. Kosning stjórnar.
3. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthöfum er sérstaklega bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér.

Dagskrá, endanlegar tillögur, svo og önnur gögn munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir hluthafafund. Ennfremur verður hægt að nálgast tillögurnar á vefsíðu félagsins www.flgroup.is.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent við upphaf fundarinnar á fundarstað.

Reykjavík 28. júní 2006.
Stjórn FL Group hf.



550 5000

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið



Á LEIÐ Í STRÆTÓ Hugmyndin er að Smartkortíð gildi meðal annars til að greiða fargjald í strætisvagna sem og aðgang að sundstöðum borgarinnar. Samtals hefur Strætó bs. lagt ríflega 150 milljónir í verkefnið sem hugsanlega fer í gang í haust.

Kerfi sem kannski aldrei verður notað

Strætó bs. og Reykjavíkurborg hafa varið rúmum 109 milljónum króna á þremur árum í þróun svokallaðs Smartkortakerfis, sem enn bólar ekkert á. Búist er við að kostnaður við verkefnið muni verða um 130 milljónir í lok þessa árs.

SMARTKORT Borgarráð samþykkti 20. júní 2002 að innleiða svokölluð Smartkort hjá Reykjavíkurborg. Í kjölfar samþykktarinnar var undirritaður samningur vorið 2003, á milli Reykjavíkurborgar, Strætó bs. og Smartkorta hf., um þróun Smartkortakerfis.

Enn bólar ekkert á kerfinu í almennri notkun þremur árum síðar, en heildarkostnaður við þróun kortakerfisins var kominn upp í rúmar 109 milljónir króna um síðustu áramót. Áætlað er að kostnaðurinn verði orðinn um hundrað og þrjátíu milljónir króna í lok þessa árs.

Hingað til hefur Reykjavíkurborg borið helming kostnaðarinnar við þróunarverkefnið, eða rúmar 54 milljónir króna. Þar af hafa 85 prósent af hlut Reykjavíkurborgar komið frá Íþrótt- og tómsundasviði, sem sinnir æskulýðsmálum

borgarinnar.

Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir framtíð verkefnisins óljósa. „Ég vil að það verði farið yfir stöðuna eins og hún er núna, hvað hefur áunnist og í hvað peningarnir hafa farið og hversu langt við eigum í land að þessi kort skili borgarbúum einhverjum ávinningi,“ segir Gísli Marteinn. „Ef það er mjög langt sem verkefnið á í land og á að kosta margar milljónir í viðbót, finnst mér að við verðum að skoða málið alveg frá grunni.“

Smartkort er ný tegund greiðslukorta sem er án segulrandar, en innihalda þess í stað örgjörva sem geymir upplýsingar. Kortin átti að nota til að greiða fargjald í strætó og fyrir aðgang að sundstöðum borgarinnar.

Þar til gerður búnaður var keyptur

og prófaður í einhverjum tilfellum hjá sundstöðum borgarinnar.

Strætó bs. hefur, að sögn Ásgeirs Eiríkssonar framkvæmdastjóra, lokið við uppsetningu á kortabúnaði í vögnum sínum. Fjárfesting Strætó bs. í búnaðinum er um hundrað milljónir króna, að sögn Eiríks, og því er fyrirtækið búið að fjárfesta í verkefninu fyrir liðlega 150 milljónir króna. Eiríkur segir að kostnaður hafi verið töluvert meiri en reiknað var með í upphafi.

Björn Hermannsson hjá Gagna-prisma, sem hefur haft verkefnastjórn yfir verkefninu undanfarið, segir verkefnið í eðlilegum farveg. „Þetta er búið að vera þróunarverkefni og hefur tekið sinn tíma, enda um nýjung að ræða.“ Hann segist vongóður um að kerfið verði tekið í notkun í haust í áföngum.“

aegir@frettabladid.is

Lyflækningadeild Landspítalans í Fossvogi hefur verið lokuð vegna veirusýkingar:

Deildin hefur verið opnuð

HEILBRIGÐISMÁL Lyflækningadeild Landspítalans í Fossvogi hefur verið opnuð á ný eftir að veirusýkingar varð þar vart fyrir tveimur vikum síðan.

Var um að ræða svokallaða noro-veiru, sem olli meðal annars niðurgangi hjá sjúklingum á deildinni. Deildin hefur nú verið þríf og sóttþreinsuð og talið óhætt að hleypa sjúklingum aftur þar inn, en deildin var tæmd þegar sýkingarinnar varð fyrst vart.

Að sögn Más Kristjánssonar, yfirlæknis smitsjúkdómadeildar, hefur einnig orðið vart annarra tilfella sýkinga á öðrum deildum spítalans, en þó ekki alvarlegri en svo að ekki hefur þurft að koma til lokana þeirra, enn sem komið er.



LYFLÆKNINGAÐEILD OPNUÐ Á NÝ Tekist hefur að uppræta veirusýkingu á lyflækningadeild LSH og hefur deildin opnað á ný.

er. „Það eru stök tilfelli sem tekist hefur að einangra fljótt og örugglega. Slík tilfelli eru yfirleitt ekki alvarleg en það er ansi hvítleitt

ad þurfa að eiga við slík tilfelli sem geta alltaf komið annað slagíð upp á stofnunum sem þessum.“

- aðe

120 1886
2006

Við eigum
afmæli 1. júlí.
Þér er boðið!



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir bandaríski auðkýfingurinn sem ætlar að gefa 1,5 milljarða dala á ári til líknarmála?
- 2 Hvað hét bjarnýrið ítalskættaða sem var fellt í vikunni í Bæjaralandi í Þýskalandi?
- 3 Hvaða sjúkdómur olli því að Harry Kewell, leikmaður ástralska landsliðsins, gat ekki leikið gegn Ítölum í sextán liða úrslitum HM í Þýskalandi?

Eitrunarslysið á Eskifirði:

Mannleg mistök bílstjóra

EITRUN Það voru mannleg mistök flutningabílstjóra sem urðu til þess að edíksýru var dælt í klórgeymi sundlaugarinnar á Eskifirði í stað klórs í fyrradag, að sögn Þorsteins Ólafssonar, forstöðumanns heilðsöludeildar Olís. Bílstjóri á vegum fyrirtækisins var að ferma bíl sinn með klóri til flutninga í sundlauginna en tók edíksýru fyrir misgáning. Hann dældi henni síðan óafvitandi á klórgeymi sundlaugarinnar.

„Við erum að átta okkur á því hvað hefur farið úrskaidis og hvers vegna. Það er númer eitt hjá okkur að sjá til þess að svona lagað gerist ekki aftur.“

- sfs



KATRÍN JÓHANNSDÓTTIR Aðkomumenn voru forviða og spurðu hana fréttu.

Forvitnir aðkomumenn:

Leituðu fréttu í Shell-skála

EITRUN Katrín Jóhannsdóttir vinnur í Shell-skálanum sem er við aðalgötu Eskifjarðar. Hún segir að stöðugur straumur hafi verið af fólki þangað, bæði til að koma með fréttir og leita fréttu. „Það vissu flestir heimamenn hvað gengi á, en aðkomufólk kom til okkar forviða yfir hvað gengi á.“ Að sögn Katrínar telur bæjarfólk almennt að vel hafi verið brugðist við aðstæðum.

- sdg

Háskólamenntaðir starfsmenn á Svæðisskrifstofum afhentu áskorun til ráðherra:

Vonglaðir um fjármagn

KJARAVIÐRÆÐUR Félagsmenn í BHM, háskólamenntaðir starfsmenn á Svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra, ætla að safnast saman fyrir utan skrifstofu BHM í Borgartúni eftir hádegið í dag til að sýna samningamönnum ríkisins að þeir séu ekki sáttir við þróunina í kjaraviðræðunum við ríkið.

Um fjórutíu BHM-félagar fóru í fjármálaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið í gærmorgun til að afhenda áskorun á ráðherrana um að tryggja nægilegt fjármagn svo að hægt sé að gera stofnana-samning milli BHM og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra.



AFHENTU ÁSKORUN Ráðherra fékk afhenta áskorun í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins á Svæðisskrifstofum málefna fatlaðra vilja 25 þúsund

króna launahækkun eða sömu hækkun og háskólamenntaðir starfsmenn í sams konar störfum hjá sveitarfélögum.

Ásta Knútsdóttir, félagi í Þroskaþjálfafélagi Íslands, segir að hópnum hafi verið ágætlega tekið en þau hafi orðið fyrir vonbrigðum með að fá ekki að hitta ráðherrana. Hún segir að þau séu vonglöö um að nú komist hreyfing á samningamálin.

„Við vonumst til að nú losni um fjármagn til að semja um þessi sanngjörnu laun sem við förum fram á,“ segir hún. „Kannski nást ekki samningar í dag en vonandi fljótlega.“

- ghs

Vegaframkvæmdir:

Framkvæmdir skornar niður

FRAMKVÆMDIR Ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að fresta útboðum og framkvæmdum hins opinbera það sem af er 2006 og 2007 nær ekki til framkvæmda sem hafnar eru.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir að ákvörðunin nái hugsanlega til Sundabrautar eininkum nái hún til vegafarmkvæmda á Vestur- og Norðausturlandi sem verða boðnar út síðar á þessu ári og því næsta.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir að ákvörðunin snerti fáar framkvæmdir innan heilbrigðisráðuneytisins. Verið sé að kanna hvort hún geti haft áhrif á viðbyggingu á Siglufirði.

- ghs



ÁRBJÖRN MAGNÚSSON Sundlaugarvörðurinn á Eskifirði segir um röð af óhöppum að ræða þegar klórgasmengun varð í sundlauginni á Eskifirði. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARDARSSON

Röð af óhöppum

Yfirsundlaugarvörður segir mengunarslys í sundlaug Eskifjarðar engum að kenna heldur hafi þetta verið röð keðjuverkandi óhappa. Strax var ljóst að um klórgasmengun væri að ræða.

EITRUN „Hér er um röð af óhöppum að ræða, ég vil ekki tala um að neinn hafi gert mistök,“ segir Árbjörn Magnússon, yfirsundlaugarvörður í sundlaug Eskifjarðar, um klórgasmengunina sem átti sér stað á þriðjudaginn.

Daginn eftir slysið var enn megn klórlykt inni í sundlaugarbyggingunni. Eins og komið hefur í ljós var orsök mengunarslyssins sú að edíksýru var dælt í klórtank sundlaugarinnar fyrir mistök. Slanga var tengd úr tanki sem var í bíl við hliðina á sundlauginni og starfsmaður Olís var við bílinn þegar dæln hófst. Að sögn Árbjörns varð starfsmaðurinn strax var við að ekki væri allt með felldu og tjáði Árbirni að hér væri klórgas á ferð. „Þegar hann sá þessa gulu sliktu koma frá tankherberginu sagði hann mér að hlaupa strax inn og hringja á slökkviliðið, hann þekkti það um



KLÓRTANKURINN Edíksýru var dælt í tankinn fyrir mistök. FRÉTTABLAÐIÐ/HELGI GARDARSSON

leið að þetta væri klórgas.“ Árbjörn segir það lán í óláni að klórtankurinn var næstum því tómur og verr hefði getað farið.

Árbjörn sá að sundlaugargestir gripu um vit sín og hlupu inn í búningsklefana en klórgasið hafði dreifst út um allt hús gegnum loft-

ræstikerfið. Ástandið var því síst skárra þar. Árbjörn hringdi strax í neyðarlínuna og sundlaugarverðir drifu sundlaugargesti út undir bert loft.

Lögreglan mætti strax á staðinn og tók yfir stjórn á vettvangi. Árbjörn segir að starfsmaður Olís hafi getað veitt lögreglu allar upplýsingar á staðnum. Starfsmönnum sundlaugarinnar var ekki hleypt aftur inn í sundlauginna fyrr en um kvöldið, eftir að jafnvægi hafði verið komið á klórtankinn og loftið hreinsað.

„Fólk hefur mikið verið að hringja í dag og spyrja um fötin sín,“ segir Árbjörn en fæstir höfðu tíma til að grípa fötin með sér á hlaupum út úr byggingunni.

Árbjörn er mjög ánægður með viðbrögð lögreglu og annarra í þessum aðstæðum. „Þetta gekk allt mjög hratt fyrir sig og allir stóðu sig vel.“

- sdg

Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð:

Þakka skjót viðbrögð

TILKYNNING Bæjaryfirvöld í Fjarðabyggð eru þakklát þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu þá sem urðu fyrir klórgaseitrun í gær og komu þannig í veg fyrir frekari skaða. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Fréttablaðinu barst í gær.

„Það er samdóma álit þeirra sem að komu að allt hjálparstarf hafi gengið einstaklega vel og fagmannlega fyrir sig og allir hafi verið boðnir og búnir til þess að gera allt sem í þeirra valdi stóð til þess að aðstoða.“ Þá segir í tilkynningunni að það sé harmað að þessi atburður hafi orðið í einni af stofnunum sveitarfélagsins og að löggöf verði áhersla á að slíkir atburðir hendi ekki aftur.

Flestir þeirra sem urðu fyrir eitrun voru útskrifaðir af sjúkrahúsi í gær.

- öhó



ARNFRÍÐUR HAFFÞÓRSDÓTTIR Áttaði sig fljótt á aðstæðum og tók til starfa.

Lögglukona í sundlauginni:

Brást strax við mengunarslysi

EITRUN „Allt í einu gat fólk ekki andað en við sáum aldrei neinar gufur,“ segir Arnfríður Haffþórsdóttir lögreglukona. „Fullorðnir fóru strax að drífa krakkana upp úr lauginni og inn í klefana en það var ekki hægt að anda þar heldur og þá drifum við alla alveg út.“

Arnfríður lét keyra sig heim svo hún gæti drifið sig í lögreglubúninginn yfir bikinið og fór svo beint í vinnu. Arnfríður segir að frábært hafi verið að fylgjast með hvað samvinnan gekk vel milli fagaðila sem og almennings.

- sdg

LYFJA
- Lífið heil



„Ég geri meira fyrir mig og mína á sumrin“

nýtt í Lyfju



Demak'up

Hágæða 100% náttúrulegar bómullarvörur til andlitshreinsunar. Kaupauki fylgir með í verslunum.



Imedeem Tan Optimizer

Hylkin verka innan frá og örva myndun á fallettri sólbrúngu. Ver einnig húðina gegn öldrun af völdum sólar. Fyrir fallettri húð – 1 hylki á dag.



kaupauki

Aqualina

Með kaupum á 2 hlutum í Aqualina færðu kirsuberja-lotion 250 ml frítt með.*

* Á meðan birgðir endast.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þorshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

www.lyfja.is

Frábær, vönduð og spennandi undirföt

Triumph nú
í Hagkaupum,
Kringlu og
Smáralind

ODDI VO_B3324


Triumph
INTERNATIONAL

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



HITABYLGIJA Hún varði sig gegn hitanum með regnhlíf, þessi betlarakona í Búkarest í Rúmeníu í gær. Hitabylgja ríður nú yfir landið og hefur hitinn farið allt upp í 38 gráður í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur fjallar um eyðingu vargs í borginni:

Mávageri líkt við rottugang

UMHVERFISMÁL Afgreiðslu á tillögu borgarmeirihlutans um stóruaknar aðgerðir gegn mávi í borgarlandinu með skotveiðum og eitrun, var frestað á fundi umhverfis- og skipulagsráðs á mánudag að tillögu minnihlutans. Ástæðan er sú að minnihlutinn vill meiri umræðu um málið og telur það ósannað að það skili tilætluðum árangri að auka mávadrápið.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður skipulags- og umhverfisráðs, segir að þrátt fyrir að tillagan hafi ekki verið samþykkt á fundinum nú þá hafi hann hvatt meindýraeyða borgarinnar til að halda ótrauða áfram því enga sérstaka



VARGÖLD Margir borgarbúar eru orðnir þreyttir á mávagerinu við Tjörnina og borgaryfirvöld hyggjast skera upp herör gegn varginum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

samþykkt þurfi til þess. „Það er allt of mikið af vargi í borginni núna og borgarbúar eru farnir að tala um fljúgandi rottugang. Ég veit ekki um neina borg í heiminum sem

myndi ekki ráðast gegn slíku.“

Ólafur Karl Nielsen, vistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir aðallega um sílamáv að ræða. Hann segir að um gríðarlega stóran stofn að ræða og mögulegt sé að hrekja hann í burtu tímabundið. „Þá verður maður að standa þarna við allan daginn en það hræðir einnig aðra fugla og fólk. En ef á að slá á allan þennan fjölda þá verður það aldrei gert við Tjörnina því þar er aðeins yfirfallið af tugum þúsunda fugla. Það er ekki mögulegt að fækka fuglinum öðruvísi en að ráðast gegn stóru meginvörpunum, til dæmis í kringum Keflavíkurflugvöll.“

- shá

Hrefnuveiðar:

Búið að veiða ellefu dýr

HVALVEIÐAR Nú hafa verið veiddar ellefu hrefnur af þeim fimmtíu sem má veiða samkvæmt Alþjóðahvalveiðiráðinu, en veiðitímabilið hófst þann 13. júní síðastliðinn og stendur til fjórða ágúst. Í byrjun gengu veiðarnar hægt vegna leiðinlegs veðurs en nú hefur ræst úr og vonast er til að það náist að klára kvótann.

Að sögn Gunnars Bergmann, framkvæmdastjóra Félags hrefnuveiðimanna eru þrjú bátar að veiðum núna, en sá fjórði mun bætast við á næstunni. Hann segir að vel gangi að veiða núna en að hrefnurnar séu nokkuð magrari en í fyrra.

- gþg



HESTAR Hesthús ganga kaupum og sölum.

Kópavogur slær Reykjavík við: **Hesthús gera gæfumuninn**

FASTEIGNIR Vikuna 16.-22. júní var fleiri kaupsamningum þinglýst í Kópavogi en Reykjavík samkvæmt tölum frá Fasteignamatí ríkisins (FMR). Þetta mun vera einsdæmi. Alls var 93 kaupsamningum þinglýst í Kópavogi en tuttugu færri í Reykjavík.

„Þarna var að falla til töluverður slatti af hesthúsum í Kópavogi,“ segir Konráð D. Þorvaldsson hjá FMR, en undir liðnum aðrar eignir voru skráðar 79 eignir í Kópavogi en aðeins ellefu í Reykjavík.

Þegar meðaltal síðustu tólf vikna er skoðað er 89 eignum þinglýst vikulega í Reykjavík en 28 í Kópavogi.

- eþa

Hundrað milljónir í tekjur vegna dvalarleyfa:

Afgreiðslugjöld hjá Útlendingastofnun

GJALDTAKA Útlendingastofnun krefst nú gjalda fyrir afgreiðslu leyfa frá stofnuninni og má gera ráð fyrir að gjaldtakan færi stofnuninni vel yfir hundrað milljónir króna í tekjur á ársgrundvelli.



NYR TEKJUSTOFN Engin leyfi eru lengur veitt hjá Útlendingastofnun án greiðslu afgreiðslugjalds. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Um er að ræða gjalddöku fyrir búsetu- og dvalarleyfi en slík leyfi kosta nú 8.000 krónur fyrir 18 ára og eldri en 4.000 krónur fyrir þá er yngri eru. Er sami kostnaður við framlengingu leyfa.

Eru engar umsóknir afgreiddar nema greitt sé fyrir og er það engin trygging fyrir að leyfið fáiast afgreitt en allt að 1.200 umsóknir berast frá einstaklingum hvern mánuð þessa dagana. Þess utan berast mánaðarlega allt að 400 umsóknir frá fyrirtækjum vegna stóriðju og getur kostnaður þeirra numið talsverðum upphæðum héðan í frá.

Útlendingastofnun hafði áður með höndum útgáfu vegabréfa sem var helsti tekjustofn hennar en sú útgáfa hefur nú færst til Þjóðskrár og munu tekjur af afgreiðslu leyfa að einhverju leyti koma í staðinn fyrir það.

- aðe



RÁÐIST INN Á GAZA-SVÆÐIÐ Þúsundir ísraelskra hermanna, ásamt herflugvéla og skriðdreka, réðust inn á Gaza-svæðið í gær í þeim yfirlýsta tilgangi að frelsa félagasinn sem herskáir Palestínunenn rændu á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ófriður á Gaza-strönd

Ísraelsher réðst inn á Gaza-svæðið í gær til að reyna að frelsa hermann sem er þar í gíslingu. Ísraelar hóta áframhaldandi árásum.

GAZA-SVÆÐIÐ, AP Mikil átök brutust út á Gaza-svæðinu í gær, eftir að þúsundir ísraelskra landgöngu-liða réðust inn á svæðið. Innrásin var gerð í kjölfar nokkurra loftárása þar sem Ísraelsher skaut sprengjum og eyðilagði þrjár brýr og eina orkuver svæðisins.

Árás Ísraelshers er yfirlýst tilraun til að leysa úr haldi ísraelskan hermann sem rænt var á sunnudag, en talið er að palestínskir uppreisnarmenn hafi staðið að mannráninu.

Heimastjórn Palestínu, sem Hamas-liðar leiða, kallaði í gær eftir fangaskiptum við Ísrael, en áður hafði Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, aftekið að slík skipti gætu farið fram þegar uppreisnarmennirnir fóru fram á að Ísraelar slepptu palestínskum konum og börnum úr fangelsum í stað upplýsinga um hermanninn.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínumanna, fordæmdi árás Ísraela og sagði hana „glæp gegn mannréttindum“.


Olmert sagði árás Ísraela hins vegar vera bara byrjunina og að ísraelskir hermenn hikuðu ekki við að grípa til „röttækra aðgerða“ til að frelsa hermanninn.

Talsmenn uppreisnarmanna sögðu ránið á hermanninum ekki vera mannrán í eiginlegri merkingu þess orðs, heldur væri þetta hluti af lögmætum hernáðarátökum og bættu við að búast mætti við frekari ránum á ísraelskum hermönnum, yfirgæfi herinn ekki Gaza-svæðið.

Jafnframt heyrðust óstaðfestar fregnir af frekari mannránnum á Ísraelum á svæðinu.

Innrás á Gaza-svæðið

Ísraelski herinn hefur ráðist inn í suðurhluta Gaza-svæðisins í tilraun til að endurheimta ísraelskan hermann sem þar var tekinn höndum. Innrásin hófst við Kerem Shalom-landamæraströðina og var gerð eftir að ísraelskar herflugvélar skutu á brýr við Netzarim og Deir al Balah og á orkuver í Gaza-borg.



Heimildir: Fréttastofur © GRAPHIC NEWS

Ekki bárust tilkynningar um neitt manntjón á Gaza-svæðinu í gær, en íbúar þess hófu að sanka að sér vatns- og ljósgjafabirgðum, því raforkuverið sem skemmt var þjónar um 65 prósentum svæðisins og er afgangi vatnsdælanna á svæðinu.

Evrópusambandið kallaði eftir friðsamlegri lausn á málinu, en talsmaður George W. Bush Bandaríkjaforseta sagði Ísraela hafa rétt til að verja sig. smk@frettabladid.is

ÚTSALAN HEFST Í DAG

Evans er vinsælt tiskuvörumerki frá Bretlandi sem býður upp á spennandi úrval af nýjustu tisku í stærðum 16-28 fyrir konur.

Evans

Evans | Smáralind | s. 522 8400 | evans@evans.is

útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður

300

til

70

prósent

afsláttur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ÚTI 33303 06/2006

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF



DRYKKJARVATN Þessi indverski drengur nær sér hér í drykkjarvatn úr polli handa fjölskyldu sinni. Yfir 40 prósent Indverja lifa á minna en 60 krónum á dag, og hafa ekki aðgang að heilnæmu drykkjarvatni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Og Vodafone kærir Símann fyrir samkeppnisbrot:

Segja Símann misnota ráðandi stöðu

SAMKEPPNISMÁL Og Vodafone hefur kært Símann til Samkeppniseftirlitsins vegna gruns um að fyrirtækið misnoti ráðandi stöðu sína á ADSL-markaðnum og mismuni þannig símnötendum í landinu.

Símann ræður yfir svokölluðu grunnneti sem þýðir að setja þarf upp ADSL-tengingu á símalínu notanda áður en önnur fjarskiptafyrirtæki geta boðið viðskiptavinum sínum upp á aðgang að netinu. Hefur borið á að viðskiptavinir annarra en Símans verði að bíða nokkra daga eftir slíkrri tengingu meðan viðskiptavinir Símans séu afgreiddir samdægurs. Og Vodafone telur ástæðu til að samkeppniseftirlit-



EKKI VIÐ SAMÁ BORD Kæra Og Vodafone á hendur Símanum hefur borist Samkeppniseftirlitinu.

ið beiti sér fyrir því að skilja heildsölu Símans frá öðrum þáttum í rekstrinum.

Í yfirlýsingu frá Símanum er lýst yfir furðu á málflutningi Og Vodafone. Um 80 prósent allra viðskipta-



vina beggja fyrirtækja eru tengdir innan fjögurra daga samkvæmt könnun Póst og fjarskiptastofnunar, en hluti verkbeiðna Og Vodafone séu ófullnægjandi og það útskýri tafir á afgreiðslu pantana. - aðe

Seltjarnarnes:

Bæjarstjórinn heldur áfram

STJÓRNMÁL Jónmundur Guðmars-son var ráðinn bæjarstjóri Seltjarnarness á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar Seltjarnarness sem fór fram um miðjan mánuðinn. Sjálfstæðisflokkurinn fékk hreinan meirihluta í bæjarstjórn í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum en Jónmundur var einnig bæjarstjóri á síðasta kjörtímabili.

Forseti bæjarstjórnar er Ásgerður Halldórsdóttir en hún skipaði annað sæti á lista Sjálfstæðisflokksins og Sigrún Edda Jónsdóttir, þriðji maður á lista flokksins, er fyrsti varforseti bæjarstjórnar. - gþ

Átak gegn utanvegaakstri:

Náttúran þarf samherja

UMFERÐ Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra, mun í dag ýta úr vör átaki gegn utanvegaakstri sem



JÓNÍNA BJARTMARZ

Ferðaklúbburinn 4x4 og Vélhjólafélagið standa fyrir í samvinnu við Ferðafélag Íslands, Umhverfisstofnun, Landgræðsluna og Landvernd. Náttúra Íslands þarf á öllum samherjum að halda um þessar mundir, segir í fréttatilkynningu umhverfisráðuneytisins. Þar kemur einnig fram að þetta fyrsta opinbera verkefnið sem Jónína innir af hendi eftir að hún tók við ráðherraembætti. - shá

Írösk stjórnvöld upplýsa árásina á Samarra í febrúar:

Einn handtekinn

BAGDAD, AP Írösk stjórnvöld hafa handtekið mann sem grunaður er um aðild að sprengjuárásinni á Gullnu moskuna í Samarra í febrúar. Hinn handtekni, sem er sagður vera frá Túnis, heitir Yousri Fakher Mohammed Ali en gengur einnig undir nafninu Abu Qudama. Hann er þó ekki talinn vera forsprakki árásarinnar á moskuna. Höfuðpaurinn er sagður heita Haitham Sabah Shaker Mohammed al-Badri, en hann hefur ekki verið handsamaður.

Peir Abu Qudama og al-Badri voru í hópi með tveimur Írökum og fjórum Sáði-Aröbum þegar þeir gerðu árásina á Gullnu moskuna þann 22. febrúar síðastliðinn. Þeir komu fyrir sprengjum í moskunnni, sem er tólf hundruð ára gömul og einn helgasti staður sjáa-múslima. Árásin vakti mikla reiði meðal



EYÐILEGGINGIN Hið fagra gullna hvolfpak moskunnar í Samarra eyðilagðist algerlega í árásinni í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sjáa-múslima og brutust út harkaleg átök milli þeirra og súnna-múslima, en sjár kenndu súnnum um árásina. Átökin stóðu vikum saman og kostuðu hundruð manna lífi. Meira en 20 þúsund fjölskyldur hröktust að heiman og tugir moskna voru eyðilagðar eða skemmdar. - gb



GULA GULLIÐ Nokkru minna verður veitt af þorski á næsta fiskveiðidæmi. Óveruleg breyting verður þó á aflaverðmæti á milli ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ISE

193.000 tonn af þorski

Fimm þúsund tonnum minna verður veitt af þorski á næsta fiskveiðidæmi en á því sem er yfirstandandi. Óveruleg breyting verður á aflaverðmæti milli ára.

SJÁVARÚTVEGUR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að leyfilegur heildaraflí þorsks á næsta fiskveiðidæmi verði 193 þúsund tonn en hann er 198 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðidæmi sem lýkur 31. ágúst næstkomandi.

Við ákvörðun á heildarafla þorsks á næsta fiskveiðidæmi er byggt á breyttari aflareglu. Nú ákvarðast aflamark sem meðaltal af aflamarki síðasta fiskveiðidæmis og hlutfalli af viðmiðunarstofni í upphafi úttektaárs. Þetta er í samræmi við tillögur Aflareglunefndar frá árinu 2004 en áfram er miðað við óbreytt veiðihlutfall, 25 prósent. Þetta hefur í för með sér að veidd verða fimm þúsund tonnum meira af þorski á komandi fiskveiðidæmi en annars hefði verið gefið leyfi fyrir og er umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar.

Aðspurður um hvort ákvörðun fiskveiðiheimilda í þorski umfram ráðgjöf gæti haft slæm áhrif á afrakstursetu þorsks í framtíðinni svaraði sjávarútvegsráðherra að hann liti svo á að úthlutunin væri mjög ábyrg og annars hefði hann aldrei lagt hana til. „Ég vek athygli á því að um litlar breytingar er að ræða frá þeirri aflareglu sem var í gildi. Ég vil undirstrika að þorskstofninn okkar er ekki undir sérstakri vát.“ Einar segir stóra málið vera hvernig staðið verði að uppbyggingu þorskstofnsins og til þess vanti heildarmynd. „Þess vegna það ég Hagfræðistofnun Íslands að gera úttekt á þjóðhagslegum áhrifum af breyttari aflareglu og skoða áhrif af mismunandi veiðihlutfalli á þorski.“ Hér vísar ráðherra til úttektar sem Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar, mun leiða og tekur til áhrifa breyttrar aflareglu og veiðihlutfalls til lengri og skemmri tíma fyrir efnahagslífið í heild,

LEYFILEGUR HEILDARAFLI FISKVEIÐIÁRIÐ 2006-2007 Í TONNUM

Tegund	Kvóti 06/07	Ráðgjöf Hafró
■ Þorskur	193.000	187.000
■ Karfi	57.000	57.000
■ Ýsa	105.000	95.000
■ Ufsi	80.000	80.000
■ Grálúða	15.000	15.000
■ Steinbitur	13.000	12.000
■ Skarkoli	6.000	5.000
■ Sandkoli	2.000	1.000
■ Skötuselur	3.000	2.200
■ Ísl. síld	130.000	130.000
■ Humar	1.800	1.700



FRÍÐRIK J. ARNGRÍMSSON

EINAR K. GUÐFINNSSON

sjávarútveginn, einstök fyrirtæki, útgerðarstaði og landsvæði.

Við ákvörðun á heildarafla annarra fisktegunda er stuðst í meginatriðum við tillögur Hafrannsóknastofnunarinnar. Undantekning er að leyfilegt verður að veiða sama heildarmagn af ýsu og á yfirstandandi fiskveiðidæmi, eða 105 þúsund tonn. Tillaga Hafrannsóknastofnunarinnar kvað á um 95 þúsund tonn. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útvegmanna, segir fátt koma á óvart. „Það eru reyndar breytingar á aflareglunni í þorski og ég held að það sé skynsamleg breyting. Þessi aðferðafræði gengur til dæmis ekki eins nærri umfangi þegar hann er að koma inn í veiðina.“

svavar@frettabladid.is

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK



20%
AFSLÁTTUR

SMEG gaseldavélar á tilboði

Smeg gaseldavél - 70 sm

4 gashellur með pottjárnsgryndum
65 ltr ofn með 8 kerfum
Verð: kr. 198.500

Tilboð: kr. 158.800

Smeg gaseldavél - 90 sm

5 gashellur með pottjárnsgryndum
97 ltr ofn með 8 kerfum
Verð: kr. 247.500

Tilboð: kr. 198.000



smeg
hönnun og gæði

Smeg gaseldavélar eru ítalskar gæðavélar fyrir alla þá sem unna glæsileika og góðum mat.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Smeg gaseldavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20 – 108 Reykjavík – Sími 588 0200 – www.eirvik.is

DEBENHAMS

Útsala

50 til 70% afsláttur af völdum vörum

SJÓÐHEIT TILBOÐ:

COTTONFIELD
PÓLOBOLIR

~~4.990 kr.~~

1.990 kr.

OSBORNE
SPARISKYRTUR

~~5.990 kr.~~

1.500 kr.

JACKPOT
DÖMUBOLIR

~~2.490 kr.~~

990 kr.

KERTASKÁLAR

~~999 kr.~~

399 kr.

EASY CARE
LÖK OG KODDAVER

~~499 kr.~~ ~~1.990 kr.~~ ~~2.590 kr.~~
200 kr. 800 kr. 1.000 kr.

VASAR

~~899 kr.~~

350 kr.

~~1.290 kr.~~

500 kr.

AUK ÞESS **20%** afsláttur af handklæðum

AÐEINS FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS!



DEBENHAMS

SMÁRALIND



BALLETÆFING Þessir rúmensku ballettdansarar voru þaulsætnir við æfingarnar í Dresden í Þýskalandi fyrr í vikunni. Þar er nú verið að setja upp ballett við undirleik tónlistar eftir Wolfgang Amadeus Mozart. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stofna hollvinasamtök Ingólfsfjalls til að berjast gegn malarnámi í fjallinu:

Vilja láta friðlýsa Ingólfsfjall

NÁTTÚRUVERNÐ Sigurður Sveinsson, lögmaður á Selfossi, segir stofnun hollvinasamtaka Ingólfsfjalls vera í bígerð. „Það er ljóst hvað markmiðið er og þetta verður ærin barátta,“ segir Sigurður og segir marga vilja stöðva malarnám í fjallinu. „Það verður ekki aftur tekið sem þegar hefur verið gert, en ef það á að taka áttatíu metra af fjallsbrúninni verður það verra en nokkurn tímann.“

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Suðurlands kærðu ákvörðun bæjarstjórnar Ölfuss frá 11. maí, þess efnis að framkvæmdaleyfi yrði veitt til efnistöku úr fjallinu. Framkvæmdir sem þýða



MALARNÁM Í INGÓLFSFJALLI Sigurður segir Ingólfsfjall vera mörgum hjartfólgið.

lækkun eða breytingu á fjallsbrún í sunnanverðu fjallinu voru því tímabundið stöðvaðar meðan

málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála.

Sigurður segir marga vera ósátta vegna umhverfisspjallanna og breytinga á útliti fjallsins. „Auðvitað er eyðileggingin á fjallinu það sem bæjarbúum blöskrar helst.“ Sigurður segir einnig marga hafa bent á aðra staði á svæðinu þar sem hægt væri að sækja mól.

Samtökin eru ennþá á frumstigi, en Sigurður segist finna mikinn meðbyr meðal Sunnlendinga og að samtökin verði án efa öflugur málsvari friðlýsingar á Ingólfsfjalli.

Héraðsdómur Reykjaness:

Líkamsárás á unga stúlku

LÍKAMSÁRÁS Maður var í gær sýknaður í Héraðsdómi Reykjaness af líkamsárás á unga stúlku í fyrra.

Manninum var gefið að sök að hafa snúið upp á hönd stúlkunnar, fyrir utan bifreið sem hann ók og stúlkan var farþegi í, skellt henni niður í malbik, tekið hana háls-taki og kylt í magann.

Maðurinn og stúlkan þekktust þar sem maðurinn, sem vann sem félagsráðgjafi, hafði haft afskipti af stúlkunni í gegnum tíðina starfs síns vegna.

Ákærvaldinu tókst ekki að sanna sekt mannsins fyrir rétti og var hann því sýknaður. - æpe

Líkamsárás á Snorrabraut:

Lamdi leigubílstjóra í andlitið

LÍKAMSÁRÁS Maður er ákærður fyrir að hafa ráðist á leigubílstjóra í apríl á síðasta ári.

Árásin var gerð á gatnamótum Miklubrautar og Snorrabrautar og er mannum gefið að sök að hafa gripíð í handlegg leigubílstjórans og slegið hann hnefahögg í andlitið og sparkað í hné hans. Leigubílstjórinn hlaut mar, roða og eymsli í andliti og á hné.

Ákærvaldið krefst refsingar og leigubílstjórinn fer fram á skaðabætur. - æpe

SVARTFJALLALAND

Fær aðild að Sameinuðu þjóðunum Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma að Svartfjallaland fengi aðild að Sameinuðu þjóðunum. Svartfjallaland verður þar með 192. ríkið sem fær aðild.

Ráðgert er að hefja ferjusiglingar frá Bakka árið 2010:

Hálftímasigling til Vestmannaeyja

SAMGÖNGUR Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu samgönguráðherra þess efnis að ferjusiglingar frá höfn í Bakkafjöru hæfust árið 2010. Rannsóknun á hafnarsvæðinu er ekki lokið ennþá. Tillagan, sem byggð er á rannsóknarvinnu starfshóps um samgöngubætur milli lands og Eyja, gerir ráð fyrir að ferjulægi í Bakkafjöru verði framtíðartenging milli lands og Eyja, en heildarkostnaður við uppbyggingu hafnarinnar og byggingar nýrrar ferju er talinn nema 3,8 til 4,5 milljörðum króna.

Eftir þessa breytingu stýttist ferðatíminn til og frá Vestmannaeyjum niður í hálftíma en siglingin með Herjólfri tekur í tvær klukkustundir og 45 mínútur, miðað við

eðlilegar aðstæður. Gert er ráð fyrir að siglingar með nýrri ferju hefjist árið 2010.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, segir þessar breytingar skipta sköpum fyrir Vestmannaeyjar og Suðurland í heild sinni. „Ég er ánægður með þessa viðurkenningu ríkisstjórnarinnar og samgönguráðherra, á þeim vaxtarmöguleika sem skiptir sköpum fyrir Vestmannaeyjar,“ sagði Elliði.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra segir áætlaðan smíðatíma nýrrar ferju vera 15 til 18 mánuði. Ljóst er nú að ekki verður ráðist í gerð jarðgangna en rannsóknir á þeim möguleika gáfu ekki tilefni til þess að þær væru raunhæfur kost-



STURLA VIÐ LÍKAN AF HÖFNINI Rannsókn á staðarháttum í Bakkafjöru er ekki lokið ennþá en ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu samgönguráðherra um að stórbæta samgöngur til Vestmannaeyja með uppbyggingu hafnar í Bakkafjöru. Reiknað er með því að siglingarnar frá höfninni hefjist árið 2010. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ur í stöðunni. „Að teknu tilliti til þeirrar niðurstöðu starfshópsins að ekki sé réttlætlanlegt að leggja til að farið verði í frekari rannsóknir varðandi gerð jarðgangna milli lands og Vestmannaeyja og þess hversu fýsilegur kostur ferjulægi í Bakkafjöru er miðað við þær rannsóknir sem unnar hafa verið, var ekkert því til fyrirstöðu að taka

ákvörðun í málinu,“ sagði Sturla eftir að ákvörðun ríkisstjórnarinnar lá fyrir.

Samkvæmt áætlunum er reiknað með því að framkvæmdir hefjist á næsta ári en fram að þeim tíma sem tekur að koma siglingunum frá Bakkafjöru í gagnið verður leitast við að hámarka nýtingu á núverandi samgönguleiðum. - mh



VIÐSKIPTAVINURINN Í FYRSTA SÆTI

Glitnir Fjármögnun býður fjölbreytta kosti við fjármögnun bíla og atvinnutækja.

Eigð'ann

Eignastu bílinn með hjálp Glitnis

- Bílalán
- Bílasamningur

Leigð'ann

Greiddu aðeins fyrir afnot af bílnum

- Einkaleiga
- Rekstrarleiga

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á www.glitnirfjarmognun.is

GLITNIR
FJÁRMÖGNUN

Blindrafélagið og Hitt Húsið:

Pýða matseðla á blindraletur

ADGENGI Blindrafélagið og Sérsvait Hins Hússins standa að verkefni sem á að vinna að bættu aðgengi blindra og sjónskertra að veitingastöðum og kaffihúsum í Reykjavík. Þetta kemur fram í tilkynningu frá félagunum.

Með bættu aðgengi er til dæmis átt við matseðla á blindralettri og með stækkuðu lettri, en einnig getur lýsing, hávaði og uppröðun borða haft áhrif. Þeir sem standa að verkefninu munu hafa samband við staði og bjóða fram þjónustu sína, að þýða og prenta út matseðla á blindralettri og gera hljóðlesningu á matseðli sem síðan er sett á geisladisk. - sps

Hvíldardagurinn er haldinn heilagur í Frakklandi - of heilagur að mati margra:

Vilja hafa opið á sunnudögum

FRANKLAND, AP Á flestum stöðum í Frakklandi má ekki hafa verslarnir opnar á sunnudögum, en á verslunargötunni Champs-Élysées eru þó leyfðar undantekningar. Flókin reglugerð ræður ferð og tvær lögsóknir munu brátt skera úr um hvað má og hvað má ekki.

Franskir verslunarmenn og verkalýðsfélögin hafa eldað grátt silfur um hvort hafa megi búðir opnar á hvíldardeginum eða ekki. Kaupmenn vona að sunnudagsopnun geti dregið eitthvað úr atvinnuleysinu sem þjakar Frakkland, en það mælist nú 9,3 prósent. Nú er svo komið að tveir hópar hafa lagt fram kærur vegna nýrrar



A CHAMPS ELYSÉES Skotar í eyðsluham á Parísarbreiðgötunni frægu. Frakkar deila nú um sunnudagsopnun verslana við hana. tveggja ferkílómetra verslunarmiðstöðvar á Champs-Élysées sem mun verða opin á sunnudögum. Ákærurnir, Félag fataiðnaðarins og Kristilega verkalýðsfélagið,

segja að búðir muni ekkert græða á þessum opnunartíma og vera stórlega undirmanaðar á álagstímum.

Í Evrópu eru reglur um opnunartíma verslana mismunandi eftir löndum. Í Póllandi og Króatíu mega búðir hafa opið á sunnudögum, en kaþólska kirkjan hefur barist hatramlega gegn því. Í Þýskalandi hefur kaupmönnum verið leyft að breyta afgreiðslutíma í verslunum sínum meðan á heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu stendur, þó að stjórnarskráin frá 1949 leggi blátt bann við öðru en hvíld og trúariðkun á hvíldardeginum. -sgj

Norski herinn:

Rannsókn á spillingu hafin

NOREGUR, AP Efnahagsbrotadeild norsku lögreglunnar hóf í gær rannsókn á samningum milli norska hersins og þýska fyrirtækisins Siemens. Óháð rannsóknarnefnd komst nýverið að þeirri niðurstöðu að Siemens hafi vísitandi sent norska hernum of háa reikninga fyrir verkefni, sem unnin voru á árunum 2000 til 2004. Samtals nemur upphæðin, sem ofreiknuð var, um 450 milljónum íslenskra króna. Nefndin sagðist einnig hafa upplýsingar um óviðeigandi gjafir til starfsmanna hersins og ráðgjafa, en vildi þó ekki fullyrða hvort þessar gjafir væru ólöglegar. -gb

Svíi frá Sómalíu dæmdur:

Neyddi dóttur sína í umskurð

SVÍÐJÓÐ, AP Sænskur dómstóll felldi á mánudag dóm yfir manni af sómölskum uppruna, sem ákærður var fyrir að neyða dóttur sína í umskurð. Maðurinn, Ali Elmi Hayow, er sænskur ríkisborgari en fór með dóttur sína, þá þrettán ára gamla, úr landi í janúar 2005 til Mogadishu í Sómalíu til að láta umskera hana, en talið er að um þrjár milljónir stúlkna hljóti þessa hrottalegu meðferð ár hvert.

Umskurður kvenna hefur verið bannaður í Svíþjóð frá árinu 1982, en þetta er fyrsta ákæran vegna hans þar í landi. Sakvæmt lögunum er einnig refsivert að flytja barn úr landi til slíkrar aðgerðar. Hayow þarf að greiða dóttur sinni sem svarar þremur og hálfri milljón íslenskra króna í skaðabætur. -sgj



FLÓÐ Í TARLISUA Í RÚMENÍU Hitabylgjan í Rúmeníu kemur í kjölfar mikilla flóða fyrr í mánuðinum. NORDICPHOTOS/APF

Hitabylgja í Rúmeníu:

Eldri borgarar deyja úr hita

RÚMENÍA, AP Að minnsta kosti tveir eldri borgarar létu lífið í hitabylgju sem hefur gengið yfir norðurhluta Rúmeníu síðustu daga. Kona sem var að störfum við akuryrkju féll niður og lést úr hjartaáfalli og sömu sögu er að segja af áttatíu og átta ára gömlum manni sem var á leiðinni út í bú.

Í einni borginni var hringt hundrað og fjörutíu sinnum á sjúkrahúsi vegna ástandsins og hefur heilbrigðismálaráðneyti Rúmeníu varað fólk við upphöfnun og ofreynslu í hitanum. -kóp

Líkamsárás á Thorvaldsen:

Lamdi mann með glerflösku

LÍKAMSÁRÁS Rétt liðlega tvítugur maður var í gær ákærður fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, eins og segir í ákærinni.

Honum er gefið að sök að hafa slegið mann í höfuðið með glerflösku, inni á Thorvaldsen bar við Austurvöll í septembermánuði í fyrra. Maðurinn hlaut skurð í hársvörð eftir árásina.

Ákærvaldið krefst refsingar yfir manninum og verður málið tekið fyrir síðar á þessu ári. -æþe

ÞÚ GETUR FARIÐ HVERT SEM ER ...

MEÐ FERÐAÁVÍSUN MASTERCARD



Sæktu um MasterCard kort með ferðaávísun hjá þínum banka eða sparisjóði og þú færð 5.000 kr. stofnávísun.

Í hvert skipti sem þú notar kortið þitt hækkarðu næstu ávísun og getur notað hana til að lækka ferðakostnaðinn. MasterCard ferðaávísun gildir sem greiðsla upp í allar ferðir til útlanda og innanlands líka.

Golfferðin að sjálfsgöðu, en líka netflug, viðskiptaferðir, borgarferð eða sumarfrí á sólarströnd með fjölskyldunni. Þitt er valið. Nýttu þér ferðafrelsið sem ferðaávísun MasterCard veitir þér og sæktu um kort strax í dag.

Nánari upplýsingar á kreditkort.is

„ORÐRÉTT“

Óhreinir menn

„Viðkomandi hljóta að hafa verið ansi þurftir fyrir það.“

ÓLAFUR HELGI KIARTANSSON, SÝSLUMAÐUR Í ÁRBOURG, UM ÞJÓFNAD Á HEITUM POTTI ÚR SUMARBÚSTAD Á SVÆÐINU. FRÉTTABLAÐIÐ, 28. JÚNÍ.

Frestanir

„Það þarf að hægja á undirbúningi nýs tónlistarhúss og fresta hátækisjúkrahúsi“

GUNNAR BIRGISSON, BÆJARSTJÓRI Í KÓPAVOGI, UM FRAMKVÆMDIR RÍKISINS. MORGUNBLAÐIÐ, 28. JÚNÍ.

tilveran

nær og fjær

SJÓNARHÓLL

FERDALÖG TIL OG FRÁ ÍSRAEL

Nærgöngul yfirheyrsla

„Ég get ekki sagt að vandræði Dorrit við að komast frá Ísrael komi mér á óvart í sjálfu sér. Það virðast vera einhverjar reglur í gildi í Ísrael um að maður verði að framvísa sínu ísraelska vegabréfi í Ísrael ef maður er með slíkt vegabréf á annað borð. Ég hefði ekki boðið í það á sínum tíma ef eitthvað hefði komið upp á hjá okkur hjónum í sambandi við vegabréf þegar við vorum að ferðast frá Ísrael. Við hefðum sjálfsgætt þurft að gefa heimlikar skýringar þannig að það kemur ekki á óvart að heyra sögur af fólki sem lendir í erfiðleikum að komast út úr Ísrael,“ segir Stefán Haraldsson, formaður Farfugla.

Stefán var á ferðalagi á vegum Farfugla í Ísrael í janúar 2000. Hafði verið þar á fundi og framlengdu þau hjónin dvöl sína. Þau ætluðu að fljúga frá Tel Aviv og mættu á flugvöllinn snemma morguns en Stefán var þá fávæður. Þegar þau voru búin að innrita sig og fara í gegnum ítarlega vopnaleit voru



STEFÁN HARALDSSON

þau tekin í yfirheyrslur hvort á sínum borðsendanum. „Við vorum spurð um það hvað við hefðum verið að gera í Ísrael, hvert við hefðum ferðast í landinu, við vorum mikið spurð út í fundinn, á hvern vegum hann væri, hvaða fólk hefði staðið að honum, við hverja við hefðum talað og um hvað, hverja við hefðum hitt og hver hefði skipulagt það. Þetta var ekki nein ferðamannakönnun.

Þetta voru vopnaðir landamæraverðir sem yfirheyrðu okkur um okkar ferðir og við vissum reyndar fyrirfram að slíkt væri gert. Það er umtalað og það vita allir sem fara til Ísrael. Það er auðvelt að komast inn í landið en erfiðt að komast út úr landinu. En manni fannst þetta vera óþægileg og nærgöngul yfirheyrsla,“ segir hann.

Hjónin voru langa hríð í yfirheyrslu hvort í sínu lagi. „Ég var svo veikur að ég hafði ekkert tímaskyn en fyrir rest frekjaðist ég svolítið, sagðist vera fávæður og myndi gubba og þá var mér sleppt,“ segir hann.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KRISTJÁN Þ. HALLDÓRSSON, VERKEFNISSTJÓRI SAMFÉLAGSMÁLA HJÁ ALCOA Á NORÐURLANDI

Hef gaman af krefjandi verkefnum

„Ég er að setja mig inn í nýja starfið þessa dagana og kynna mér starfsemi Alcoa og kynna mér afstöðu sveitastjórna á svæðinu“ segir Kristján Þ. Halldórsson rekstrarverkefningur sem nýverið var ráðinn verkefnisstjóri samfélagsmála hjá Alcoa á Norðurlandi. Kristján býr ásamt fjölskyldu sinni á Kópaskeri og hefur búið það undanfarin fjórtán ár, en hann er fæddur og upp alinn upp í nágrenni Kópaskers. Hann þekkir því aðstæður á norðurlandi mjög vel.

Kristján segist munu verða eitthvað á ferðinni næstu vikur vegna nýja starfsins en síðar í sumar verði væntanlega komið upp fastri aðstöðu á Húsavík.

„Alcoa auglýsti eftir verkefnisstjóra í samfélagsmálum hér á svæðinu vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka við Húsavík og þar sem ég hef mikinn áhuga á framgangi þess máls, sem er afar mikilvægt

fyrir okkur hér á Norðurlandi, ákvað ég að sækja um starfið. Það stóð líka þannig á að ég var milli verkefna og það hentaði því vel núna að taka þetta verk að mér.“

Kristján hefur gaman af því að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni. Hann er nú nýlega kominn frá Frakklandi, þar sem hann gekk ásamt vinum sínum og eiginkonu á fjallið Mont Blanc.

„Þetta var ólíkt því sem ég hef prófað áður. Það var gaman að kynna þessu svæði og sjá hvernig menn bera sig að. Við fengum heimamenn með okkur og það var gaman að læra af snjöllu fólki á svæðinu.“

Kristján segist hlakka til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem biða hans sem verkefnisstjóri samfélagsmála hjá Alcoa. „Það er mikið hagsmunamál fyrir okkur að af þessum framkvæmdum verði og ég mun vinna ötullega að því.“



OFURMARAFON Í LAPPLANDI Ofurmarafonhlauparnir Ellert Sigurðsson, Pétur Franzson, Gunnar Richter og Elín Ruth Reed. Hlaupið verður ræst klukkan tíu á föstudagskvöldið og hlaupið alla nóttina. „Þetta er bara ævintýri,“ segir Elín. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

Taka þátt í næturhlaupi í Lapplandi

Fjórir Íslendingar ætla að taka þátt í 100 kílómetra ofurmarafonhlaupi í Lapplandi aðfararnótt laugardags. Þetta eru hlauparnir Elín Ruth Reed, Pétur Franzson, Gunnar Richter og Ellert Sigurðsson.

Fjórmenningarnir verða í hópi 47 hlaupara sem munu þreyta þetta ofurmarafon. Hlauparnir eru alls staðar að úr heimnum.

„Þetta er eitt af fáum næturhlaupum í heiminum. Það er startað klukkan tíu á föstudagskvöldið og svo er hlaupið alla nóttina. Þetta er norðar en Reykjavík og bjart

nánast allan sólarhringinn,“ segir Elín.

„Við völdum þetta hlaup aðallega svo að við myndum ekki lenda í miklum hita því að hitastigið þarna er svipað og hér að nóttunni en annars er þetta bara ævintýri. Þetta er á óvenjulegum stað og fáir sem fara þarna, það er út úr allri alfaraleið.“

Ofurmarafonhlaupið verður ræst í litlum bæ sem heitir Adak í sænska hluta Lapplands. Hlaupið er svo að segja tvískipt, 50 kílómetrar eru á mól og í skógi og 50 kílómetrar á malbiki. Hlaupaleiðin er hæðótt og er hlaupið í kringum nokkur vötn sem tengjast saman.

Adak er svo lítill bæur að þar er hvorki hótél né veitingastaður.

Fjórmenningarnir fengu auða íbúð til umráða og munu liggja þar á dýnum þær nætur sem þau verða á svæðinu. Aðrir þátttakendur munu gista í skólastofum og á tjaldsvæði.

Elín á von á því að hlaupið geti tekið frá átta tímum. Sjálf á hún von á að vera 11-12 klukkustundir á hlaupum og telur að það verði helst mýflugur sem skapi óvissu. „Það má búast við að það verði ekki hvernig það kemur út,“ segir hún.

Hlauparnir hafa undirbúið sig í hálf tveggja vikur að meðaltali um 95 kílómetra á viku. Frá áramótum hefur hópurinn hlaupið sjö hlaup sem eru lengri en 35 kílómetrar. ghs@frettabladid.is

Farangurskassar

Verð frá 19.900



Hapro farangurskassi er snjöll lausn til að koma öllum farangrinum fyrir í bílinum.

Það sem upp á vantar



Sterku kerrumar frá Camp-let í mörgum stærðum



Fortjöld frá Isabella fyrir fellihýsi, ferðabíla og hjólhýsi. Öruglega bestu fortjöld sem fánleg eru.



Hestakerrur frá Camp-let sem bera af



Ný hentug skjóltjöld í garða frá Isabella. Verð frá 24.900 kr.



GISLI JÓNSSON

Kleithálsi 13 // s. 587 6644 // www.gisli.is

Fengum alls konar veður

„Hún gekk bara mjög vel og þetta var bara æðislegt,“ segir Bjarki Birgisson aðspurður um hvernig hjólríðaðferðin hafi gengið en hann og Gyða Rós Bragadóttir komu í bæinn á föstudag úr hjólríðaðferð sinni um landið. Ferðin var farin til að vekja athygli á börnum með geðraskanir og er til styrktar Barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans (BUGL).

„Það er bara ánægjulegt að vera búinn að þessu, gaman að verða fyrsti einstaklingurinn til að bæði hjóla og labba hringinn í kringum Ísland,“ segir Bjarki en í fyrra gekk hann hringinn ásamt Guðbrandi Einarssyni undir kjörórðinu Haltur leiðir blindan. Þau eru sammála um að það sem hafi verið



BJARKI OG GYÐA VIÐ HEIMKOMUNA ÁSAMT INGIBJÖRGU PÁLMAÐÓTTUR Þau hafa verið tæpar sex vikur í ferðinni en hringvegurinn er 2.700 kílómetra langur.

eftirminnilegast úr ferðinni var hversu veðrið var breytilegt, allt frá sól og hita til stórhriðar. Erfið-

ast segja þau að hafi verið mót-vindurinn og brattar brekkur, og heildarnar reyndust strembnar. „Við bjuggumst við að Kamarnir yrðu erfiðastir en þeir voru eiginlega léttastir,“ segir Bjarki.

Gyða segir ferðina hafa verið bæði skemmtilega og erfiða og leiðinlegast hafi verið þegar veðrið lék þau grátt með kulda og vindi. „Ég bjóst ekki við því að það myndi fara að snjó eða koma hálka, maður hélt að það yrði komið sumar,“ segir Gyða.

Bjarki segist ætla að taka sér hvíld í tvö ár frá hringferðum en útilokar ekki að sú þriðja verði farin í framtíðinni. Það sem tekur við núna hjá þeim er frí og að hvíla sig vel. ■



911 Turbo

**Tæknilega séð
ætti þessi bíll ekki að vera til.**

**Frumsónum nýjan 911 Turbo í dag.
www.porsche.is**



**Bílabúð
Benna**

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
Ný heimasíða: www.porsche.is

885 kr. kg
~~1185~~

Goða lambalæri
frosið

40%
afsláttur

299 kr. kg
~~498~~

4 grillborgar með
brauði

Sumartilboð Krónunnar

2 PAKKAR

Krónu
súkkulaði kex

299
kr/pk

Krónu
eldhúsrúllur

199
kr/stk

Krónu
samlokur

129
kr/stk

Pik-nik
kartöflustrá

299
kr/stk

Kingsford
grillkol

259
kr/stk

Einnota grill
169
kr/stk

**GRILLVÖRUR
Í FERÐALAGIÐ**

Hunts
grillsósur 4 teg

169
kr/stk



**Virk
Sam-
keppni**

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORDURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / virkir dagar 11-21 / Allir dagar 12-23 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19 / virkir dagar 11-19
laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / laugardagar 11-21 / föstudagar 11-20 / laugardagar 11-19 / laugardagar 11-19
sunnudagar 12-18 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-19 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 12-21 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19 / sunnudagar 11-19
lokad / lokad / lokad / lokad / lokad / lokad / lokad / lokad / lokad / lokad

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

20%
afsláttur

1358 kr. kg
1698

Krónu kryddaðar
svínakótilettur

20%
afsláttur

1319 kr. kg
1649

Krónu kryddaðar
grísahnakkasneiðar

30%
afsláttur

498 kr. kg
714

Goða lambaframpartur
grillsagaður

30%
afsláttur

Goða svið
soðin
469 kr/kg

20%
afsláttur

af Gourmet lærisneiðum
eða frampartasneiðum

Léttmjólk í
flösku
79 kr/stk

Sun lolly
3 tegundir

169 kr/pk

Krónu brauð
gróft og stórt

99 kr/stk

HM
leðurfótbolti

898 kr/stk

2 fyrir
1
Siesta kaffi
400 gr

Appelsínur í
neti 2 kg

189 kr/pk


Jöklasalat

169 kr/kg

Alltaf frábær tilboð alla daga

Svona erum við

> Hjónavígslur á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARÐ
BLÁTT ÁFRAM

Í vikunni bárust fréttir af því að tuttugu þúsund manns hafi skrifað á undirskrifta-

lista um afnám fyrningarfrests á kynferðisbrotum gagnvart börnum. Þar eru alþingismenn hvattir til þess að samþykkja lagafrumvarp Ágúst Ólafssonar þess efnis. Samtökin Blátt áfram standa fyrir undirskrifta-söfnunni en Sigríður Björnsdóttir framkvæmdastjóri þeirra er til svara.

SIGRÍÐUR BJÖRNSDÓTTIR
hjá Blátt áfram

Hver er saga samtakanna? Blátt áfram var stofnað út frá því að við tvíbúrasystur, ég og Svava, urðum fyrir kynferðisofbeldi í æsku og fórum ekki að vinna í okkar málum fyrr en við vorum orðnar 25, 27 ára gamlar og út frá því gerðum við okkur grein fyrir því að ef umræða um kynferðisofbeldi hefði verið opin hefðum við reynt að leita okkur hjálpar miklu miklu fyrr. Við þýddum bækling yfir á íslensku sem við höfum verið að senda inn á öll heimili á landinu og eftir það fengum við mikil viðbrögð frá fólki.

Hvert er hlutverk samtakanna? Hlutverk samtakanna er fyrst og fremst forvarnafræðsla, að fræða fullorðin fólk um að vera ábyrgt í upplæddi og hjálpa börnunum að verða að heilbrigðum einstaklingum.

Hvernig rekið þið samtökin? Við reukum þau eingöngu á styrkjum, íslenska þjóðin styrkir okkur reglulega og svo erum við líka að fara og tala við ráðuneytin og fá styrki frá þeim.

FBL-GREINING: LANDSMÓT HESTAMANNA

Tólf þúsund á stærsta hestamótinu

Landsmót hestamanna fer fram á Vindheimamelum í Skagafirði vikuna 26. júní til 2. júlí. Búið er við allt að tólf þúsund gestum á svæðinu, þar af um þrjú þúsund erlendum ferðamönnum.

Hvað er Landsmót?

Landsmót eru eins konar Ólympíuleikar íslenskra hestamanna, en þar drífur að mörg þúsund hestamenn frá öllum landshlutum á þetta stærsta mót í heimi þar sem íslenskir hestar koma saman. Einnig er mótið einn stærsti hestamarkaður landsins en fjölmargir koma á mótið til þess að kaupa eða selja gæðing. Mótið stendur yfir í viku og eru stórar skemmtanir haldnar á kvöldin þegar keppni er lokið.

Hversu oft er Landsmót?

Fyrsta Landsmót hestamanna var haldið árið



1950 á Þingvöllum þar sem 133 hross voru sýnd. Þá var aðeins keppt í einum flokki gæðinga auk kappreiða og kynbótasýninga. Eftir það voru Landsmót haldin á fjögurra ára

fresti, allt þar til á ársþingi Lands sambands Hestamannafélaga árið 1995 þegar ákveðið var að halda þau á tveggja ára fresti. Fyrsta mótið sem haldið var eftir þeim reglum var Landsmót í Reykjavík árið 2000 og er landsmótið í ár hið fjórða sem haldið er eftir að biðin á milli móta var stýtt. Ákveðið hefur verið að næsta Landsmót verði haldið á Gaddstaðaflosum við Helli árið 2008.

Í hverju er keppt á Landsmóti?

Á Landsmóti er keppt í gæðingakeppni, tölti, kappreiðum og kynbótasýningum. Keppendum er skipt í hópa eftir aldri og getu en algengt er að keppt sé í barnaflokki, unglingsflokki, ungmennaflokki, A-flokki gæðinga og B-flokki gæðinga. Búið er við að um þúsund hestar komi við sögu með einum eða öðrum hætti á mótinu.

Örlög Straums í höndum Björgólfs Thors og Jóns Ásgeirs

Kaup FL Group á 24 prósent hlut í Straumi-Burðarási er leikflétta sem er hönnuð af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, og Þórði Má Jóhannessyni, fyrrverandi forstjóra Straums. Ítök FL Group í fjármála-kerfinu stórukast en seljendur eignast fjórðung hlutafjár í félaginu. Björgólfur á næsta leik.

„Þetta átti sér mjög stuttan aðdraganda. Við töldum okkar geta slegið þrjú flugur í einu höggi að taka þennan hlut,“ segir Hannes Smáráson, forstjóri FL Group, um kaup félagsins á 24,2 prósent hlutafjár í Straumi-Burðarási af Kristni Björnsyni, Magnúsi Kristinssyni og Þórði Má Jóhannessyni.

Heildarhlutur FL Group er þar með kominn í 26 prósent í fjárfestingabankanum. Kaupverðið nemur 47 milljörðum króna sem seljendur fá aðallega í hlutabréfum í FL Group sem metin eru á 35 milljarða.

Hannes leggur á það áherslu að kaupin eru gerð í því skyni að efla Straum og ætlar FL Group að leggja sitt af mörkum til þess að koma á starfsfriði inn eigendahópsins. „Viðskiptin tengjast ekkert þeim deilum sem hafa átt sér stað í Straumi. Við teljum að þessi kaup geri bæði FL Group og Straum að enn öflugri félögum og leggjum áherslu á að einblína fram á veginn,“ sagði forstjóri FL Group á þriðjudagskvöldið. Sú



Í ÞÁ GÖMLU GÖÐU DAGA Björgólfur Thor Björgólfsson, Þórður Már Jóhannesson og Magnús Kristinsson þegar allt lék í lyndi - að minnsta kosti á yfirborðinu.

mynd sem Hannes dró upp af stöðu mála umrætt kvöld er þó engan veginn svona skýr og einföld.

Hittust um helgina

Eftir sögulegan stjórnarfund í síðustu viku, þegar meirihluti stjórnar Straums undir forystu stjórnarformannsins Björgólfs Thors Björgólfssonar lét reka forstjórnann Þórð Má Jóhannesson, vaknaði sú hugmynd hjá Kristni og Magnúsi, sem fóru fyrir minnihlutunum, að koma bréfum sínum í hendur annarra. Sættu þeir sig illa við málalok og töldu að þar sem búið var að afgreiða boðun hluthafafundar í júlí hefði stjórnin ekkert umboð til að vísa forstjóra frá störfum. Viðræður þeirra við FL Group fóru á flug um helgina og var ekki aftur snúið. Viðskipti þessi fóru fram án þess að samráð væri haft við stjórnarformanninn.

Þetta hlýtur að teljast nokkuð óvæntur leikur af hálfu FL Group en félagið nýtti sér þá spennu sem hafði verið að magnast í Straumi og keypti hlutabréf af miklum mót eftir því sem gengi Straums hækkaði. Eftir þessi viðskipti er ljóst að þræðir FL Group liggja orðið víða í bankakerfinu. Félagið, sem er að langstærstum hluta í eigu Hannesar, og Baugs Group, er stærsti hluthafinn í Glitni banka með 24 prósent hlut, sem er metinn á um það bil 62 milljarða króna, og það er einnig stærst í Straumi-Burðarási með 26 prósent hluti, um sex prósentum meira en Samson Global Holding,

eignarhaldsfélag Björgólfsfeðga. Auk þess heldur FL Group utan um þriggja prósent hlut í KB banka. Við kaupin eflist FL Group enn frekar en eftir útgáfu nýs hlutafjár fyrir 1,8 milljarða að nafnvirði verður eigið fé félagsins um 110 milljarðar og markaðsvirði líklega um 140 milljarðar.

Ekkert kaffiboð

Það er gaman að velja því fyrir sér hvort þessi viðskipti séu leikur í þeirri fléttu að steypa saman Straumi-Burðarási og FL Group eins og margir í viðskiptalífnum hafa velt fyrir sér. Björgólfur Thor og Hannes Smáráson hafa ekki áður starfað saman og ekki heldur Björgólfsfeðgar, aðaleigendur Landsbankans, og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, sem hefur nú orðið mikil ítök í FL Group, Glitni og Straumi í gegnum eignarhlut Baugs í FL Group. Ekki má því horfa fram hjá því að þessir aðilar gætu verið að horfa enn lengra fram í tímann, jafnvel á sameiningu Glitnis og Landsbankans, sem áður hefur komið til umræðu.

Hins vegar segja heimildamenn Fréttablaðsins að FL Group sé ekki komið inn í Straum til að drekka kaffi með Björgólfi Thor. Leikfléttan er sú að FL Group kemur Magnúsi og Kristni úr óþægilegri stöðu, eignast sjálfst yfir fjórðung hlutafjár í Straumi sem er staða sem félagið getur átt um langa hríð og síðan komi í ljós hver niðurstaðan verður. Arkitektarnir á bakvið þessa skák eru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og fyrr-



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS Hann og Þórður Már Jóhannesson voru forkólfar þess að FL Group keypti hluti Kristins og Magnúsar.

verandi forstjóri Straums, Þórður Már Jóhannesson, sem naut mikils trausts hjá Kristni og Magnúsi. Ákvörðun um framhaldið ræðst af því hvað Björgólfur Thor vill gera, enda ráði hann enn för í Straumi með hlut Samsonar og Fjárfestingafélagsins Grettis á bak við sig en hefur óþægilega minnihlutaeigendur í samstarfi við sig. Hugsanlegt er að Straumi-Burðarási verði hreinlega skipt upp milli FL Group, sem fengi Straum, og Björgólfsfeðga sem fengju Burðarás. Og jafnvel gæti það gerst að Björgólfur taki yfir Straum gegn því að greiða öðrum hluthöfum gott verð fyrir sinn snú.

Síðustu sviptingar vekja jafnframt spurningar um stöðu Björgólfs Thors í íslensku viðskiptalífi sem virðist eiga fáa bandamenn þessa dagana. Samstarfsmönnum Jóns Ásgeirs hefur aftur á móti fjölgað um tvo.

Björgólfur vildi Magnús út

Niðurstaðan er stórgóð fyrir þá féлага, Kristinn og Magnús, sem

VILTU SKJÓL Á
VERÖNDINA?

MARKISUR



www.markisur.com

Firem Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Niðurstöður nýrrar könnunar á virkni heilahvela þegar kemur að stærðfræðinni:

Móðurmálið lykilatriði í lausn dæma

BANDARÍKIN, AP Fólk sem hefur ensku að móðurmáli leysir reikningsdæmi á annan hátt en það sem elst upp við kínversku. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á virkni heilahvela við lausn á reikningsdæmum.

Tveir hópar fólks, sem höfðu annars vegar ensku og hins vegar kínversku að móðurmáli, voru látnir leysa einföld reikningsdæmi og notuðu báðir hóparnir arabísku tölustafina, sem nýttir eru í kínversku, ensku og íslensku.

Báðir hóparnir leystu dæmin án vandkvæða, og nýttu við það þann hluta heilans sem notaður

er við lestur og skilning á magni. Hins vegar kom það vísindamönnum á óvart að uppgötva að þeir enskumælandi nýttu einnig þann hluta heilans sem hefur með tungumál að gera, á meðan þeir kínversku notuðu þann hluta heilans sem hefur með skilning á myndrænum upplýsingum að gera, að sögn Yiyuan Tang, kínversks háskólaprófessors sem leiddi rannsóknina.

Talið er að rannsóknin geti leitt til uppgötvana sem gætu auðveldað samskipti mismunandi þjóða og þjóðfélagshópa, því hún útskýrir að hluta til mismuninn í hugsun Bandaríkjamanna og Kín-



LEITAD LAUSNA Enskumælandi og kínverskumælandi fólk notar mismunandi hluta heilans þegar kemur að lausn stærðfræðidæma.

verja, að sögn Tang.

Rannsóknin var fjármögguð bæði af kínverskum og banda-

rískum aðilum og voru niðurstöðurnar birtar í bandarísku vísindatímariti á þriðjudag. - smk



HRÁSLAGAVEÐUR Rok og rigning ríkti í New York í gær, þó að komið sé langt fram á sumar. Gífurleg úrkoma víðs vegar um norðausturhluta Bandaríkjanna undanfarið hefur neytt fjölmarga til að yfirgefa heimili sín vegna flóða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON, STJÓRNARFORMAÐUR STRAUMS-BURÐAR-ÁSS Heldur utan um 38 prósent hlutafjár. Talið er að hann muni eiga næstu leiki í skákinni um völdin í Straumi.

leika stórt hlutverk í þessari fléttu, eftir að hafa verið komnir í óþægilega stöðu sem minnihlutaeigendur í Straumi. Andað hefur köldu milli Björgólfs Thors og Magnúsar um langa hríð, miklu lengur en frá aðalfundi Straums þegar allt fór í háaloft. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vildi Björgólfur Thor losna við Magnús úr Straumi í janúar með því að kaupa fimmtán prósent hlut Eyjamannsins en Magnús tók það ekki í mál. Björgólfur Thor sagði sjálfur í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku að hann hefði verið tilbúinn að selja hlut sinn í mars fyrir reiðufé, en ekki hlutabréf, en enginn kaupandi var til staðar.

Hagnaður þeirra Kristins og Magnúsar af fjárfestingu sinni í Straumi er með ólíkindum en þeir keyptu stóran hlut árið 2003 þegar Straumur var lítið en stórhuga fjárfestingafélag. Magnús keypti tæp tíu prósent á genginu 4,55 en salan fór fram á genginu 18,9. Þeir félagar munu vera hæstánægðir með viðskiptin og eru síður en svo sestir í helgan stein, enda fá þeir stóran hlut í FL Group, Magnús fimmtán prósent og Kristinn tíu prósent sem þýðir væntanlega að þeir munu setjast síðar í sjö manna stjórn. Ekki er þó víst að bandalag þeirra nái lengra en sem því nemur, en því má ekki gleyma að þeir eru með óbeinum hætti hluthafar í Straumi, og gleyma líklega aldrei samskiptum sínum við Björgólf.

Boltinn hjá Björgólfi

Eftir stendur að þau læti, sem valdið hafa Straumi ómældum skaða, eru horfin en valdamynstrið í eigendahópnum hefur tekið breytingum. Björgólfur Thor fer áfram með meirihluta en minnihlutinn hefur margfaldað styrk sinn eftir komu FL Group, félags í eigu fjölda peningamanna, og lætur seint vaða yfir sig. Ekki er talið ólíklegt að mikið eigi eftir að gerast í Straumi og á hlutabréfmarkaði á næstunni. Boltinn er hins vegar hjá Björgólfi sem ræður stöðunni. Vill hann nánara samstarf, uppskiptingu eða yfirtöku?



FRÉTTASKÝRING
EGGERT ÞÓR ADALSTEINSSON
eggert@frettabladid.is

KAUPTHING MANAGER SELECTION

Société d'Investissement à Capital Variable
Registered office: 35a, avenue J.F. Kennedy
L-1855 Luxembourg
RC Luxembourg B 72.942

NOTICE TO SHAREHOLDERS

Luxembourg, June 29, 2006

Dear Shareholders,

The board of directors of KAUPTHING MANAGER SELECTION (the "Fund") has decided to amend the existing Prospectus of the Fund in order to reflect the following changes:

1. The transfer of the registered office of the Fund always in the Grand Duchy of Luxembourg from the following address: 12, rue Guillaume Schneider, L-2522 Luxembourg to the following new address: 35a, avenue J.F. Kennedy, L-1855 Luxembourg;
2. Appointment of Kaupthing Bank hf., with registered office at Borgartun 19 IS-105 Reykjavik, Iceland, as new Sub-Paying Agent in Iceland in replacement of Icebank Ltd.
3. Appointment by Kaupthing Bank Luxembourg S.A., acting as the Fund's Central Administration Agent, of European Fund Administration (shortly « EFA »), a joint stock company with its registered office at 2, rue d'Alsace, P.O. Box 1725, L-1017 Luxembourg, as sub-contractor of the Fund's Registrar and Transfer Agent's function. Kaupthing Bank Luxembourg S.A. retains responsibility to the SICAV, for the performance of the duties sub-contracted to EFA.
4. Amendment to the entities entitled to accept subscription, redemption and conversion orders which are EUROPEAN FUND ADMINISTRATION S.A., Luxembourg and/or KAUPTHING BANK LUXEMBOURG S.A., Luxembourg.
5. Change of dealing times in relation to applications for subscriptions, redemptions and conversions of the Fund's shares which must be received by the entities as mentioned in item 2 above, in writing or facsimile message, by no later than 12:00 a.m. (Luxembourg time) in order to be executed on the following valuation date (instead of 3.00 p.m. (Luxembourg time) previously).
6. Amendment to the classes of shares available in the Fund to activate the I (D) shares – distribution shares for class I shares – in the following compartments: KAUPTHING MANAGER SELECTION–North America, KAUPTHING MANAGER SELECTION–Europe, KAUPTHING MANAGER SELECTION–Asia Pacific, KAUPTHING MANAGER SELECTION–Emerging Markets.
7. Amendment to the fee structure due to the Investment Manager who will be entitled to receive out of the assets of each compartment a fee of 0.75% p.a. per compartment for class I shares, calculated daily on the compartment's net assets and which will be paid at the end of each calendar quarter.

8. Amendment to the fee structure due to the Central Administration Agent who will be entitled to receive out of the assets of each compartment a fee of 0.10% p.a. per compartment for class A shares and 0.05% p.a. per compartment for class I shares, calculated daily on the compartment's net assets and which will be paid at the end of each calendar quarter. Moreover for services rendered in the capacity of Registrar and Transfer Agent, the Central Administration Agent may charge commissions of the net assets of the compartments of the Fund in accordance with the customary practice in the Grand Duchy of Luxembourg. The level of this commission will be fixed contractually between the SICAV and the Central Administration Agent.

9. Amendment to the Investment objectives and policy of each Fund's compartment to specify the reference benchmark of each compartment as follows:

- For KAUPTHING MANAGER SELECTION–North America: the Morgan Stanley Capital International, USA Total Return Net (MSCI USA Total Return Net);
- For KAUPTHING MANAGER SELECTION–Europe: the Morgan Stanley Capital International, Europe Total Return Net (MSCI Europe Total Return Net);
- For KAUPTHING MANAGER SELECTION–Asia Pacific: the Morgan Stanley Capital International, Pacific Total Return Net (MSCI Pacific Total Return Net);
- For KAUPTHING MANAGER SELECTION–Emerging Markets: the Morgan Stanley Capital International, Emerging Markets Total Return Net (MSCI Emerging Markets Total Return Net);
- For KAUPTHING MANAGER SELECTION–Global Styles: the Morgan Stanley Capital International, World Total Return Net (MSCI World Total Return Net).

The above changes shall be reflected in an updated version of the Prospectus, dated July 2006, available free of charge at the registered office of the Fund.

Shareholders who do not agree with the above changes may have all or part of their Shares redeemed, without any charges, during a period beginning on the date of this publication up to July 30, 2006, at the relevant Net Asset Value per Share.

The Board of Directors



KAUPTHING BANK

Thinking beyond

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.477 -0,10% Fjöldi viðskipta: 247 Velta: 23.283 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Atorka 2,12%
Alfesca 1,04%
Mosaic 0,63%

MESTA LÆKKUN

↓ Straumur-Burðarás 2,19%
FL Group 1,14%
Össur 0,94%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 62,70 -0,48% ... Alfesca 3,86 +1,04%... Atorka 6,12 +2,12% ... Bakkavör 44,30 +0,45% ... Dagsbrún 5,70 +0,53% ... FL Group 17,50 -1,14% ... Flaga 3,83 +0,00% ... Glitnir 17,70 -0,00% ... KB banki 734,00 +0,41% ... Landsbankinn 20,40 +0,49% ... Marel 70,90 -0,85% ... Mosaic Fashions 15,80 +0,63% ... Straumur-Burðarás 18,30 -2,19% ... Össur 107,00 -0,94%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Áhætta í tryggingum fjárfestinga

Fulltrúar bæði banka og fyrirtækja lögðu eyrun af athygli við orð fulltrúa undirstofnunar Alþjóðabankans í vikunni á fundi Viðskiptastofnunar utanríkisráðuneytisins um fjárfestingar í ótryggari heimshornum þar sem stjórnvöld þykja völt eða stríð eru yfirvofandi.

Stofnunin, sem heitir MIGA, býður tryggingar gegn slíkum áföllum. Athygli vakti að meðal fundargesta var athafnamaðurinn Holberg Másson, sem sjálfum hefur á lífsleiðinni gengið misvel að feta þröngan stíg dyggðanna. Hann rak á sínum tíma fyrirtækið Netverk og fór nokkuð fyrir honum á netbólutímum áður en halla

fór undan fæti. Forvitnilegt verður að sjá hvaða áhættusömu fjárfestingar hann hefur í huga. Fulltrúi MIGA tók Holberg ljúflega og kvaðst hlakka til að heyra frá honum.



Horfa björtum augum á laxinn

Um þessar mundir eru 300 þúsund tonn af eldislaxi í kvám í Noregi, um 20 þúsund tonnum meira magn en á sama tíma í fyrra. Fiskifrættir hafa eftir norska sjávarútvegsblaðinu Fiskaren að framleiðendur séu bjartsýnir á stöðugleika í greininni á næsta ári og útlit sé fyrir að þarnaæsta ár verði gott. 115 milljón laxaseiði hafa verið sett til framhaldseldis og búist er við að í haust verði 68 milljón seiði sett í eldi. Horfur eru á að 610 þúsund tonnum af eldislaxi verði slátrað í Noregi í ár en það er 38 þúsund tonnum meira en í fyrra.

MARKAÐSPUNKTAR

Greiningardeild Glitnis banka hrósar aðgerðum ríkisins til að draga úr verðbólgu. Deildin segir það hins vegar sorglega staðreynd að varað hafi verið við aukinni verðbólgu við upphaf þensluskeiðsins og hefði átt að ráðast fyrr í aðgerðir.

Verðbólguhjöðun er ekki í sjónmáli í Afríkuríkinu Simbabwe. Verðbólgan í landinu hækkaði um 150,6 prósent á milli mánaða og mældist 1.193,5 prósent í maí. Samkvæmt þessu þurfa landsmenn í Simbabwe að greiða 13 sinnum meira fyrir vörur en í fyrra.

Verð á olíu hefur hækkað um 22,8 prósent það sem af er þessu ári, þar af um tvö prósent í vikunni. Greiningardeild Landsbankans hefur eftir fréttastofu Bloomberg að ástæðan nú sé m.a. lítið framboð og olíuleki við Mexíkóflóa.

Línur ljósar í Gretti

Sund hefur keypt 31 prósent hlut Tryggingamiðstöðvarinnar í Fjárfestingafélaginu Gretti og er þar með orðinn stærsti hluthafinn með 49 prósent hlut.

Markaðurinn greindi frá því á dögnum að eigendur myndu verja stöðu sína eftir að TM fór fram á innlausn hluta í Gretti.

Aðrir hluthafar Grettis eru Landsbankinn og Ópera, fjárfestingafélag Björgólfsfæða.

Grettir er meðal stærstu hluthafa í Straumi-Burðarás en á einnig hluti í Avion Group, Icelandic Group og Landsbankanum. Þetta er eitt öflugasta fjárfestingafélag landsins en markaðsverðmæti innlendra hlutabréfa nemur rúmum 34 milljörðum króna.

Ekki kemur fram hvert kaupverðið er, en TM bókfærði hlutinn á 5,5 milljarða króna þann 31. mars síðastliðinn. Greitt var með peningum.



TM SELUR HLUT SINN Í GRETTI Sund kaupir hlutinn og á orðið 49 prósent hlutafjár.

Sigurður G. Guðjónsson lögmaður hefur jafnframt verið ráðinn framkvæmdastjóri Grettis. Hann hefur starfað fyrir Jón Kristjánsson, stjórnarformann Grettis og einn eigenda Sunds.

- eþa

Segja ekkert tilefni til að ógilda samruna við Senu

Forstjóri Dagsbrúnar furðar sig á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins um að ógilda kaup félagsins á afþreyingarfyrirtækinu Senu. Ákvörðuninni hefur verið skotið til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Verði samruni fyrirtækjanna ógiltur ganga kaupin til baka.

Samkeppniseftirlitið hefur ógilt kaup Dagsbrúnar á Senu. Samruni fyrirtækjanna er sagður styrkja markaðsráðandi stöðu beggja á ýmsum mörkuðum fjölmöðlunar og afþreyingar, sem takmarkað geti samkeppni og gert þeim kleift að „haga verðlagningu sinni, viðskiptakjörum og þjónustu án þess að taka tillit til keppnautanna sinna og neytenda,“ segir í ákvörðuninni. Þá er talið að samkvæmt skilningi samkeppnislaga og í ljósi hlutfjárreignar og tengsla við aðra stóra hluthafa fari Baugur Group með yfirráð í Dagsbrún.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir ákvörðunina hafa komið mjög á óvart. Hann segir að búast hefði mátt við einhverjum takmörkuðum skilyrðum



Á AÐALFUNDI DAGSBRÚNAR Í FEBRÚAR Þórdís Sigurðardóttir stjórnarformaður og Gunnar Smári Egilsson forstjóri Dagsbrúnar. Samkeppniseftirlitið hefur ógilt kaup félagsins á afþreyingarfyrirtækinu Senu, sem áður hét Skífan.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

á sviðum þar sem rekstur fjölmöðlahluta Dagsbrúnar og Senu skarist að sáralitlu leyti. „Þess í stað fáum við ákvörðun sem byggir á því að Stöð 2 sé markaðsráðandi á markaði sem í raun er ekki annað en stöð 2. Þetta er á skjön við fyrra álit Samkeppnissráðs frá árinu 2000, þar sem sjónvarpsmarkaður er þannig skilgreindur að RÚV og Stöð 2 keppi á sama markaði,“ segir hann og bendir á að rekstrarform sjónvarpsstöðvanna sé í raun eins. „Þetta er sambland af áskriftar- og auglýsingatekjum. Hlutfallið er meira að segja sambærilegt. Eini munurinn er að sá sem ekki borgar áskriftina að RÚV missir sjónvarpið sitt. Úrskurðurinn er því sam-

bærilegur við að Morgunblaðið væri talið markaðsráðandi meðal áskriftarblaða og ætti ekki í samkeppni við Fréttablaðið.“

Gunnar Smári hafnar því jafnframt að Baugur fari með yfirráð í Dagsbrún, en í yfirlýsingu Baugs Group í gær kemur fram að eignarhlutur félagsins nemi 31 prósent. „Yfirtökunefnd og yfirvöld sem fylgjast eiga með slíku hafa enda engar athugasemdir gert,“ segir Gunnar Smári. Hann segir Dagsbrún ekki verða fyrir fjárhagslegum skaða vegna málsins en óþægilegt sé samt að það teyfist meðan áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur það til umfjöllunar.

olikr@frettabladid.is

Kaupthing rífur og byggir

Alþjóðlegi fjárfestingasjóðurinn Project Abbey (Guernsey) Ltd hefur tryggt sér stærsta framkvæmdaverk í Bretlandi nú um stundir.

Um er að ræða kaup á lóð bresku ríkisspítalanna í West End-hverfinu í Lundúnum. Fyrirtækið mun meðal annars rífa Middlesex-sjúkrahúsið, sem staðið hefur autt síðan starfsemi þess flutti fyrir nokkru, og sinna uppbyggingu á svæðinu.

Singer & Friedlander, breski bankinn sem að fullu í eigu Kaupthings banka, kom að



LOFTMYND AF MIDDLESEX-SJÚKRAHÚSINU Á myndinni sést hversu stórt framkvæmdasvæðið er í Lundúnum.

fjármögnun kaupa Project Abbeys á framkvæmdum á reitnum, sem er rúmum 12.000 fermetrar að flatarmáli.

- jab

Karen Millen vinsæl í Rússlandi

Fáar breskar tískuvöruverslunarkeðjur skila jafn miklum hagnaði á erlendra grundu og Mosaic Fashions, að sögn Dereks Lovelock, forstjóra félagsins. Á síðasta rekstrarári jókst velta félagsins um 41 prósent erlendis. Einkum hafa verslanir undir merkjum Karen Millen og Oasis gengið vel í útrás til annarra landa og er viðbúið að verslunum fjölgi hratt á næstu árum.

Lovelock nefnir sérstaklega Rússland þar sem unga, nýrka fólk hefur tekið Karen Millen

opnum örmum og hefur sérleyfishafinn í Rússlandi opnað fimm verslanir í Moskvu. Þá er Oasis-verslunin í Moskvu í hópi fimm söluhæstu verslana Oasis sem eru alls 240.

Derek er spurður af hverju breskar verslunarkeðjur sæki svo til Íslands sem raun ber vitni. „Markaðurinn á Íslandi og í Skandinavíu svipar mjög til þess breska. Smekkur neytenda er sá sami, tískan sú sama og líkamsbygging fólks mjög lík.“ Hann bendir á að ef farið er til Suður-Evrópu ráði aðrir



VERSLUN OASIS Í SMÁRALIND

straumar för, litur og smekkur eru ólíkir því sem Norður-Evrópubúar eiga að venjast auk þess sem líkamsbygging er önnur.

- eþa

Samvinnulífeyrissjóðurinn

Aukaársfundur

Samvinnulífeyrissjóðsins og stofnfundur nýs lífeyrissjóðs

Stjórn Samvinnulífeyrissjóðsins boðar til aukaársfundar á Grand Hótel í Reykjavík föstudaginn 30. júní kl. 12 á hádegi.

Kynntar verða, og bornar undir atkvæði, tillögur að breytingum á samþykktum sjóðsins vegna sameiningar Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífiðnar og einnig viðauki við samrunasamning sjóðanna. Hægt er að skoða tillögurnar á heimasíðu sjóðsins: www.sls.is.

Strax að loknum aukaársfundinum verður stofnfundur nýs sameinaðs lífeyrissjóðs Samvinnulífeyrissjóðsins og Lífiðnar.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórn Samvinnulífeyrissjóðsins

Forstjóraskipti hjá Opnum kerfum

Agnar Már Jónsson hefur að eigin ósk sagt upp störfum sem forstjóri Opinna kerfa. Gylfi Árnason, forstjóri móðurfélagsins Opinna kerfa Group, tekur tímabundið við störfum hans. Gylfi gegndi starfinu jafnframt á undan Agnari sem tók við starfinu í nóvember 2004.

„Ég stýri fyrirtækinu í sama dúr og hann gerði áður þannig að þetta hefur ekki í för með sér neinar breytingar aðrar á rekstri eða starfsemi fyrirtækisins,“ segir Gylfi og áréttar að starfslok Agnars séu ekki í neinum tengslum við breytingar sem urðu nýverið á

eignarhaldi fyrirtækisins. „Við þökkum Agnari góð störf og í honum er eftirsjá,“ segir Gylfi.

Agnar Már staðfestir að breytingin hafi ekkert með eignarhald fyrirtækisins að gera heldur hafi verið tímabært að snúa sér að öðrum verkefnum. „En núna fyrst tekur við sumarfrí með fjölskyldunni,“ segir hann glaðbeittur. „Svo bíður bara gnótt tækifæra.“ - óká

GYLFI ÁRNASON Gylfi er núna forstjóri bæði Opinna kerfa á Íslandi og móðurfélagsins Opinna kerfa Group.



Njóttu sólarinnar.



ODD/VO_B3324

Börnin elska sólina og sjóinn.
Þess vegna býður NIVEA upp á sérstaka vörulínu, fyrir börn, með aukinni vatnsvörn svo að þú þurfir ekki að hafa áhyggjur þegar börnin þín baða sig og leika í sólinni.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

ÚTGIJÖLDIN

> Strætisvagnaferð fullorðinna í Reykjavík, stakt fargjald, ein ferð.



Heimild: Hagstofa Íslands

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: ÞORSTEINN PÉTURSSON FORVARNAR- OG FRÆDSLUFULLTRÚI

Vélsleðar ekki mjög góð fjárfesting

„Ég hef aldrei gert virkilega góð kaup á bílum. Ég held að ein verstu kaup sem ég hef á ævinni gert hafi verið þegar ég keypti mér nýjan vélsleða, þeir falla svo rosalega hratt í verði. Heimskuleg fjárfesting en hins vegar mjög skemmtileg,“ segir lögregluáðurinn Þorsteinn Pétursson. „Það er í raun og veru alveg glórulaust að kaupa sér vélsleða nema maður hafi mjög gaman af þessu.“ Hvað varðar bestu kaupin nefnir hann hluta í veiðarfæri á skip sem hann keypti á uppboði fyrir mörgum árum. „Ég var ekkert alveg viss hvað ég var að kaupa, ég bauð í þetta af algjörrí rælni. Þetta voru rúllur í trollgálga á skip sem ég borgaði nokkur hund-

urð krónur fyrir og seldi svo síðar á tugi þúsunda. Ég held að það séu ein bestu kaup sem ég hef gert.“ Þorsteinn, eða Steini lögga eins og hann er oft kallaður, hlaut nýlega íslensku forvarnarverðlaunin þegar þau voru afhent í fyrsta skipti. Hann hefur sinnt forvarnar- og fræðslustörfum lögreglunnar á Akureyri síðustu sjö ár. „Annars er ég nýbúinn að festa kaup á heitum potti í sumarbústað okkar hjónanna í Skíðadal. Þetta er svona rafmagnshitapottur sem er mjög auðvelt að hreinsa og ganga frá, ég sé alls ekki eftir þeim kaupum. Ég er ekki slyngur í viðskiptum, en það voru góð kaup í mínum augum.“



GÓÐ HÚSRÁÐ SUNDFÖTIN Í PLASTPOKA

■ Svanfríður Inga Jónasdóttir, bæjarstjóri í Dalvíkurbyggð, hefur gott ráð handa sundköppum.

„Fyrir þá sem fara mikið í sund mæli ég með því að þeir setji sundfötin sín í plastpoka og geymi þau þannig í sundtöskunni. Það er svo rosalega gott að skilja sundfötin frá öðrum hlutum í töskunni því að þá er engin hætt á að allt annað í töskunni blotni. Svo þarf heldur ekki að taka sundfötin sérstaklega upp úr töskunni til að þurrka þau þegar heim er komið. Þetta er praktískt ráð sem ég hef kennt fjölmörgum.“



■ Hvað kostar... á völinn

Ókeypis fyrir börn yngri en 11 ára

Þrátt fyrir að heimsmeistararnótíð í knattspyrnu sé enn í fullum gangi eru margir áhugasamir um íslenska knattspyrnu. Samkvæmt lauslegri könnun Fréttablaðsins kostar 1.200 krónur inn á leiki í Landsbankadeild karla fyrir 17 ára og eldri. Fyrir krakka á aldrinum 11-16 ára kostar venjulega 300 krónur en þau geta þó fengið boðsmíða frá Landsbankanum og komist þannig ókeypis inn. Fyrir börn yngri en tólf ára er ókeypis. Ef miðinn er keyptur á vefslóðinni miki.is þá er verðið aðeins lægra eða 1.000 krónur fyrir fólk 17 og eldri en 300 krónur fyrir börn á aldrinum 11-16 ára. Hjá flestum félögum er ókeypis inn á leiki í Landsbankadeild kvenna en þó ekki öllum.



■ Verslun og þjónusta

Skíðaferðir í beinu flugi

Skíðaferðir eru alltaf vinsælar hjá Íslendingum á veturna og nú hafa Heimsferðir hafið sölu á skíðaferðum til Salzburg í Austurríki. Ferðirnar eru í janúar og febrúar og er flugið í beinu flugi til Salzburg að morgni og komið út um hádegi. Í ár er boðið upp á þá nýjung að skíðaunndur geta nú valið um að dvelja í 9, 12, eða 14 daga. Frá Salzburg er stutt að fara á aðra skíðastaði eins og Flachau og Zell am See og bjóða Heimsferðir upp á gistiástöðu á öllum þessum stöðum. Flug fram og til baka með sköttum kostar frá 29.990 krónum.



■ Verslun og þjónusta

Íslenskar paprikur njóta sívaxandi vinsælda

Íslenskt grænmeti nýtur sívaxandi vinsælda hjá landsmönnum en uppskera paprikunnar gengur mjög vel í ár. Uppskeran í ár mun verða í kringum 108 tonn en hún var til að mynda rúm 70 tonn árið 2004. Íslenska paprikan er auðþekkj-anleg en tvær og tvær eru seldar saman í pakka og eru sérmerktar. Þar sem paprikurnar eru pakkaðar inn viðhalda þær ferskleika sínum betur en þær erlendu. Paprikurnar fást yfirleitt í grænum, gulum og rauðum lit en litirnir sýna þroskastig paprikunnar. Sú græna er minnst þroskuð en rauðar og gular eru meira þroskaðar og innihalda jafnframt meira af vítamínum. Best er að geyma papriku í ísskáp við 8-12 gráðu hita. Einnig er hægt að frysta hana og borða hana seinna en það þarf að neyta hennar fljótlega eftir að hún hefur þjónað.



■ Verslun og þjónusta

Tryggingafélögin hækka iðgjöldin

Þau fyrirtæki sem bjóða upp á bifreiðatryggingar á Íslandi ætla að hækka iðgjöld sín á árinu eða hafa nú þegar gert það. Sjóvá-Almennar reið á vaðið með fjögurra prósentu hækkun í janúar síðastliðnum, Tryggingamiðstöðin hækkar sín gjöld um rúm fimm prósent þann 1. júlí og VÍS ætlar að hækka sín iðgjöld um fimm prósent þann 1. ágúst. Fulltrúi Varðar sagði að hækkun iðgjalda væri í undirbúningi þó ekkert hafi verið tilkynnt opinberlega enn. Öll fyrirtækin segja aukinn tjónakostnað vera meginástæðuna fyrir hækkuninni.

Svefnpokaplássin hagstæð



ATLAVÍK Það færast í vöxt að bændur bjóði gestum ýmsa afþreyingu.

Nú þegar sumarið er komið leggja margar fjölskyldur land undir fót og ferðast um Ísland

Landið býður upp á ótal möguleika til útivistar og afþreyingar og fjölmargir gististaðir eru í boði. Ferðaþjónusta bændu býður upp á um hundrað og fimmtíu gististaði og er þeim sífellt að fjölga. Oddný B. Halldórsdóttir hjá Ferðaþjónustu bændu segir aukninguna jafna og þetta síðustu ár. „Við höfum úr svo mörgu að velja í Ferðaþjónustu bændu, við erum bæði með bústaði, sveitahótel og gistingu hjá bændunum þannig að það geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi og það hefur líka aukist að bændur bjóði upp á afþreyingu,“ segir Oddný. Hún segir að flestir ferðamennirnir sem gista hjá ferðaþjónustunni séu erlendir og bóki með löngum fyrirvara en Íslendingarnir eru vanalega ekki svo fyrirhyggjusamir.

Fréttablaðið gerði lauslega könnun á því hvað þrígga daga ferðalag kostar fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Önnur ferðin er farin frá Akureyri og haldið til Vesturlands en hin ferðin er farin frá Reykjavík og keyrt um Austurland. Verð er nokkuð misjafnt

■ LAGT AF STAÐ FRÁ AKUREYRI OG KEYRT VESTUR

- Hof í Vatnsdal - 20 rúm
- Svefnpokapláss: 2.500
- 2 manna herbergi með baði, með morgunmat, tveir gista: 9.900
- 2 manna herbergi án baðs, með morgunmat, tveir gista: 7.500
- Morgunmat er innifalinn með herbergjunum
- Hægt að fá dýnu inn fyrir börn gegn vægu gjaldi.

- Heydalur í Mjóafirði, Ísafjardardjúp - 18 rúm
- Svefnpokapláss: 6.000 ef tveir gista í herbergi
- Svefnpokapláss: 3.500 ef einn gistir í herbergi
- 2 manna herbergi með baði, tveir gista: 8.000
- 2 manna herbergi með baði, einn gistir: 5.500
- Morgunmat: 900
- Uppbúin dýna fyrir börn kostar 500 krónur, ekki tekið aukagjald ef börnin sofa inni í herbergjunum, ekki aukagjald fyrir börn í svefnpokapláss

- Breiðavík við Látrabjarg - 68 rúm
- Svefnpokapláss: 2.000 hver svefnpoki
- Herbergi með baði og morgunmat: 6.000
- Herbergi án baðs, án morgunmatar: 3.000
- Morgunmat: 900
- Ókeypis fyrir börn 6 ára og yngri og hálf verð fyrir börn frá 7-12 ára. Ellilífeyrisþegar fá 10 prósentu afslátt.

■ LAGT AF STAÐ FRÁ REYKJAVÍK OG KEYRT AUSTUR

- Eystri-Sólheimar í Mýrdal 18 rúm
- Svefnpokapláss: 2.000 án morgunmatar
- 2 manna herbergi án baðs, tveir gista: 8.000
- 2 manna herbergi án baðs, einn gistir: 6.000
- Morgunmat er innifalinn með herbergi.
- Morgunmat: 800
- 12 ára og eldri borga fullt verð, yngri en 12 ára borga hálf verð

- Smyrlabjörg í Suðursveit - 90 rúm
- Svefnpokapláss: aðeins í boði yfir vetrartímamann
- 1 manns herbergi með baði, með morgunmat: 7.450
- 2 manna herbergi með baði, með morgunmat: 12.600
- 3 manna herbergi með baði, með morgunmat: 17.530
- 12 ára og eldri borga fullt verð, yngri en 12 ára borga hálf verð, yngri en 6 ára fá frítt

- Eyjólfsstaðir á Völlum - 37 rúm
- Svefnpokapláss: 2.100 án morgunmatar
- 1 manns herbergi án baðs, með morgunmat: 5.500
- 2 manna herbergi án baðs, með morgunmat: 8.500
- 3 manna herbergi án baðs, með morgunmat: 11.700
- Morgunmat: 900
- 12 ára og eldri borga fullt verð, yngri en 12 ára borga hálf verð

en svefnpokaplássin eru að öllu jöfnu mun hagstæðari en gisting í herbergi. Gera má ráð fyrir að gisting fjögurra manna fjölskyldu í þrjá daga í herbergi og með morgunmat á bændagistingu kosti um 30.000 krónur. Á þeim stöðum

sem Fréttablaðið talaði við er boðið upp á afslátt fyrir börn og unglina og á flestum stöðum er boðið upp á að börn fái dýnu inn til foreldranna. Einnig bjóða flestir staðirnir upp á hópafslátt.

gudrun@frettabladid.is

2 fyrir 1

Alicante

6. og 13. júlí

19.990

frá kr.

Kr. 19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 6. eða 13. júlí í 1 eða 2 vikur. Netverð á mann.

Allra síðustu sætin

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólinu við Alicante á hreint ótrúlegum kjörum. Allra síðustu sætin á frábæru tilboði. Þú kaupir tvö flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Úrval gistingualeika á Benidorm í boði.

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

MATUR OG NÆRING JÓHANNA EYRÚN TORFADÓTTIR NÆRINGARFRÆÐINGUR

Hlúum vel að mataræði barna okkar

Ákjósanlegasta fæða fyrir ungbarn er brjóstamjólk. Brjóstagiöf veitir ungbarninu fullkomna næringu og einnig nánd og ástúð. Þegar kemur að föstu fæði hjá barninu upphefst ýmsar vangaveltur um hvað megi gefa því og hvað því þyki gott. Þegar barnið getur matast sjálf er mikilvægt að vera ávallt nálægt bæði vegna hættu á að maturinn standi í því, og líka vegna þess að við þurfum öll á því að halda að matast í góðum félagsskap. Mikilvægt er, fyrir þroska barna, að setið sé til borðs með þeim meðan á máltíð stendur. Þau læra þá hvernig á að bera sig að við matinn. Þau læra einnig að þekkja sitt magamál. Meðan á máltíð stendur eiga börnin vonandi notalegar samræður við foreldra sína um atburði dagsins (án þess að sjón-

varpið sé í gangi) og síðast en ekki síst fá börnin öll þau næringarefni sem þau þarfnast. Fá börn hollan og næringaríkan mat frá unga aldri aukast líkur á að þau haldi áfram að borða hollan og fjölbreyttan mat þegar þau eldast. Orkuþörf barna er mismunandi eftir því hvað þau hreyfa sig mikið. Börn þurfa einnig hlutfallslega meiri orku en fullorðnir á hvert kíló líkamsþyngdar, vegna þess að hluti af orkuþörf þeirra fer í vöxt beina og vefja. Fyrir börn og fullorðna gilda nokkurn veginn sömu ráðleggingar um mataræði. Þó ber að hafa í huga að börn þurfa að fá reglulegar máltíðir og mikilvægt er að ekki líði of langur tími á milli þeirra. Yngri börnin þurfa oft að fá orkurikari fæðu þar sem þau geta ekki borðað eins mikið í einu og þau

sem eldri eru og þá er mikilvægt að hafa hvern munnbita orkuþéttan, t.d. með því að nota feitari mjólkurvörur og nota mjúkt viðbit á fiskmáltíðir og braud.

Öll börn þurfa daglega að fá:

- Grænmeti og ávexti, bæði með máltíðum og á milli mála.
- Trefjaríkar kornvörur, t.d. gróft braud og hafframjöl.
- Fisk, kjöt, egg eða baunarétti.
- Mjólkurvörur
- Vatn til drykkjar
- Lýsi eða annan D-vítamínjafa.

Gosdrykki, ís, snakk og sælgæti ætti einungis að bjóða til hátíðabrigða og þurfa fullorðnir að sýna gott fordæmi í matarvali því ekki er hægt að ætlast til þess að börn hagi sér öðruvísi en fullorðna fólkíð.

www.mni.is

TILBOÐ

ACER 5672

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL

VL15
Samtals kr. 155.169
9.993

- Örgjörvi** 1.66GHz Intel Core Duo T2300 Með 667MHz FSB og 2MB flytíminni
- Minni** 1GB Dual DDR2 533MHz Einfalt að stækka minnið í 4GB
- Harödiskur** 100GB 5400RPM SATA 5400RPM SATA harödiskur
- Skrifari** 8xDVD±RW Slot DL skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW
- Skjár** 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðfalddskjár með CrystalBrite
- Skjåkort** 128MB ATI Radeon X1400 Sjálfst.minni, PCI-E 16X, TV-út
- Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
- Netkort** Gigabit 10/100/1000 netkort Einnig innbyggð 56k mótald
- Práðlaust** 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggð 802.11g með loftneti í skjá
- Stýrikerfi** Windows XP Home - SP2 A íslensku eða ensku
- Annað** Vefmyndavél og kortalesari Hvora tveggja innbyggð í tölvu

ACER 5672WLMi 1.66GHz DUO T2300 FERÐAVÉL

INTEL CORE DUO
Intel Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst og vinnslu í mörgum forritum í einu án vandræða

15,4" CRYSTALBRITE
Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjáinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri dýpt og skerpu

8xDVD± SKRIFARI
Super multi 8xDVD DL geisla-skrifari með Slot Load rauð sem þú stingur diskum beint inn í

128MB ATI X1400
Nýjasta PCI-E 16X ATI skjåkortid með sjálfstætt 128MB minni og möguleika á 512MB HyperMemory

TENGINGAR
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 4xUSB2, VGA, DVI, TV-út, PCMCIA, kortalesara ofl.

VEFMYNDAVÉL
1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika

VERÐ 149.900

TVÍX 3.5" SPILARI

BEINT Í SJÓNVARP
Horðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr friðu eða hlustaðu á tónlist, allt saman án tölvu

BEINT Í GRÆJUR
Stjórnaðu með fjarstýringu spilun á tónlist úr TVÍX 3,5" án tölvu eða sjónvarps

AUÐVELD Í NOTKUN
Spilar alla mögulega staðla, AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

ÁN HD 16.900

250GB 26.900

320GB 32.900

250GB HARDDISKUR

250GB

SPECIAL EDITION
Special Edition harödiskar frá Western Digital sem eru 7200RPM og með 8MB buffer

FLUID BEARING
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harödiskum

WESTERN DIGITAL
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harödiskarnir í dag á enn betra verði en áður

WD Western Digital

VERÐ 8.990

TVÍX 2.5" SPILARI

Eina græjan sem þarf í friði, spilar tónlist, kvikmyndir og les myndirnar þínar beint úr myndvél eða kortalesara

ÁN HD 14.900

40GB 22.900

100GB 29.900

Canon

CANON iP4200

Prentari á CD

iP4200 ljósmyndaprentari, 5 hylki fyrir hámarks nýtingu, 9600 dpi, full blæðing, 29 bls/mín í SH, 19 bls/mín í lit

VERÐ 11.900

ACER CU 6530

Acer CU 6530, 6.3 MegaPixel upplausn 3x Optical Zoom, stór 2.5" LCD skjár, aðeins 125gr, taska og hleðslustöð

VERÐ 29.900

ACER CE 5330

Acer CE 5330, 5 MegaPixel upplausn 3x Optical Zoom, stór LCD skjár SD rauð, USB2, taska og hleðslurafflaða

VERÐ 17.900

512MB Secure Digital minniskort frá Corsair

VERÐ 3.990

Flött myndavélar taska úr leðurlíki með axlaról

VERÐ 990

Senneiser RS 110 þráðlaust og létt heymartól

VERÐ 4.990

Vönduð og rúmgöð taska fyrir TVÍX 3100 spilara

VERÐ 2.990

Traxdata útvær 11-in-1 kortalesari fyrir flest kort

VERÐ 2.990

100 stk 4x6 Glossy Photo GP-501 Ljósmyndapappir

VERÐ 1.490

VERÐ 1.490

VERÐ 2.990

Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bæst við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169. og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Frábært úrval í Nóatúni

Úr
Kjötborði
Nóatúns

Sparaðu
600 kr.

GRÍSAKÓTELETTUR
ÚR KJÖTBORÐI
898 kr.
kg

Úr
Kjötborði
Nóatúns

120 G UNGNAUTAHAMBORGARAR
ÚR KJÖTBORÐI 149 kr.
stk.

30%
afsláttur

NÓATÚNS PURRKR. LAMB
LÆRISSEIÐAR OG FRAMPARTASN.

20%
afsláttur

SUMARPYLSUR NÓATÚNS
BRAGÐGÓÐAR PYLSUR BEINT Á GRILLIÐ 798 kr.
kg.

SS Pylsupartý
tilboð í poka!

799 kr. pokinn

Nóatúns
brauðsalöt

15%
afsláttur

Eðallax
Reyktur eða grafinn

35%
afsláttur

Eyjabiti
harðfiskur í úrvali

TSZZZ

AVÚM

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRILLSPJÓT
NAUTAFILLET
M/ GRÆNMETI

598 kr. stk.

Úr
Kjötborði
Nóatúns



SMÁSPJÓT
GRÍSAFILLET
Í GRÍSKUM LEGI

298 kr. stk.

Úr
Fiskborði
Nóatúns



FISKISPJÓT
KEILUSPJÓT
Í MIÐJARÐARHAFSM

398 kr. stk.

Úr
Kjötborði
Nóatúns



LAMBAGRILLSTEIK
Í TÓMAT OG BASIL

2.598 kr. kg

Úr
Kjötborði
Nóatúns



GRÍSARIF
Í BBQ MARINERINU

898 kr. kg

GRÆNMETI Á GRILLBAKKA
KRYDDAÐ EÐA Í MARINERINU

499 kr. pk.



Sumarsælgæti handa
fjölskyldunni

Ferskir ávextir
til að grípa með
í helgarferðalagið!



ferskur
plómur
nektarínur
í öskjum

...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!



Vissir þú...

ad stóðhesturinn Markús frá Langholtsparti á 225 skráð afkvæmi? Sú sem þar stendur efst er hryssan Ösp frá Hólum sem hlaut 8,64 í aðaleinkunn á Landsmótinu sem nú stendur yfir.
www.worldfengur.com

fákar

og fólk

■ Heimamenn í skýjunum yfir hvíttri Sunnu

Það vakti töluverða lukku á fyrsta degi landsmóts á Vindheimamelum í Skagafirði að efsta hryssan í flokki hryssna sjö vetra og eldri, skyldi vera úr ræktun heimamanns. Hvíta-Sunna frá Sauðárkróki er í eigu Sauðárkróks-hesta og úr ræktun Sveins Guðmundssonar yngri, sonar Guðmundar Sveinssonar og sonarsonar Sveins Guðmundssonar sem eru hestamönnum að góðu kunnir enda standa þeir á bak við mikla ættfeður og -mæður kennd við Sauðárkrók.

Hvíta-Sunna er undan Spegli frá Sauðárkróki og Vöku frá Sauðárkróki. Hún hlaut 8,55 í aðaleinkunn þar á meðal 9,5 fyrir fet og níu fyrir brokk, vilja og geðslag og hægt tölt. Ekki skemmir litfegurðin en Hvíta-Sunna er leirljós og glófext með blesu.



Hvíta Sunna frá Sauðárkróki og Sigurður Vignir Matthíasson
FRÉTTABLAÐIÐ/EIDFAXI

■ Landsmótsfréttir á veraldarvefnum

Þeir hestamenn sem af einhverjum orsökum komast ekki norður í land í þetta skipti þurfa ekki að örvænta. Þeir geta fylgst náið með framgangi mála enda mikið vatn runnið til sjávar í upplýsingamiðlun á síðustu árum.

Á veraldarvefnum starfa nokkrir fréttamiðlar sem sérhæfa sig í hestafréttum. Fyrst ber að nefna landsmot.is þar sem öll úrslit birtast fljótlega eftir að keppni lýkur. Aðrir vefir eru www.hestar.net, www.eidfaxi.is, www.hestafrettir.is og www.847.is.

Þá verður einnig umfjöllun um landsmótið á hverjum degi í Fréttablaðinu. Það ætti því enginn fréttabyrstur hestamaður að líða skort á næstu dögum.

■ Landsmótssigurvegarar heimta sigur á ný

Sú skemmtilega nýbreytni varð á þessu landsmóti að báðir sigurvegararnir frá síðasta landsmóti, úr A og B-flokki, mættu til leiks á ný til að gera tilraun til að endurheimta titilinn. Þetta voru þeir Geisli frá Sælukoti sem Steingrímur Sigurðsson reið til sigurs í A-flokki á Helli fyrir tveimur árum, og Rökkví frá Hárlaugstöðum sem varð efstur í B-flokki gæðinga á sama móti ásamt knapa sínum, Þorvaldi Árna Þorvaldssyni.

Eftir forkeppnina hafa þessir tveir gæðingar sýnt og sannað að þeir voru verðugir sigurvegarar og koma eftir inn í millið. Þá er bara að sjá hvort Hlýr frá Vatsleysu, Kraftur frá Bringu eða Þóróddur frá Þóróddstöðum nái að slá þeim við í næstu viðureign.



Geisli geislar af krafti á Helli fyrir tveimur árum.
FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR JÓNSSON

HESTAMAÐURINN: SIGURBJÖRN BÁRDARSON TAMNINGAMEISTARI

Alltaf skemmtilegra með hverju móti

Sigurbjörn Bárðarson hefur farið á landsmót allt frá árinu 1966. Það gera alls þrettán skipti. „Þetta verður alltaf skemmtilegra,“ segir Sigurbjörn sem í daglegu tali er aldrei nefndur annað en Diddi. „Landsmót hefur verið fært í nýjan og betri búning, hrossin verða betri, sýningarnar fagaðri og breidd sýninganna meiri. Þetta fer allt saman í að gera heildardagskrána skemmtilegri og markvissari. Allt opinberast strax þannig að maður fylgist betur með, auk þess er tengingin orðin meiri og menn geta verið í þó nokkurri fjarlægð en fylgst með á útvarpsrásum og því verið með fingurinn á púlsinum allan tímann.“

Sigurbjörn hefur keppt á öllum þeim landsmótum sem hann hefur farið á nema á því fyrsta. „Árið 1966 var ég bara lítill þjakkur að horfa á,“ segir hestamaðurinn knái en í þetta sinn er hann með átta hesta. Þá eru dætur

hans tvær, Sýlvía og Sara, einnig að keppa og í allt er fjölskyldan með fjórtán hesta á landsmóti, bæði í keppni og kynbótasýningu.

Dætur Sigurbjörns eru þaulvanar keppnismanneskjur og hefur þabbinn fylgst með þeim á vellinum í mörg ár. „Það kemur alltaf fiðringur í magann þegar þær keppa, meira en þegar ég keppi sjálfur,“ viðurkennir Sigurbjörn.

Sigurbjörn segir stemninguna fara stigvaxandi á landsmótinu nú. „Það eru bara þeir allra hördustu sem koma þessa fyrstu daga en síðan fer fólk að hópast að á föstudegi og allt fer að yfirfyllast.“



Sigurbjörn á Landsmóti 2002.

Sterkari sem ein heild

Íslenska hestatorgið 2006 verður opnað formlega af Guðna Ágústssyni landbúnaðarráðherra í dag á Vindheimamelum. Hestatorgið er nýtt samstarfsverkefni Félags hrossabænda, Félags tamingamanna, Hólaskóla, Söguseturs íslenska hestsins og WorldFengs.

„Íslenski hesturinn er orðinn alþjóðleg vara og ef við viljum vera í þeirri alþjóðlegu samkeppni sem ríkir er nauðsynlegt að við þjöpum okkur saman til að geta verið með sem öflugasta sýningu,“ segir Arna Björg Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri verkefnisins, en hún er einnig forstöðumaður Söguseturs íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal. Hún segir markmiðið vera að vinna að heildstæðum kynningum á íslenska



FRAGURT Í SKAGAFIRÐI Nokkrar grunnstöðir hestamennskunnar hafa tekið sig saman um að kynna íslenska hestinn hér á landi sem erlendis. Það ætti ekki að reynast erfitt meðan Íslendingar eiga jafn glæsileg hross og Ösp frá Hólum sem Mette Manseth ríður hér á landsmóti.
FRÉTTABLAÐIÐ/EIDFAXI

hestinum til að styrkja stöðu hans bæði heima og erlendis

Íslenska hestatorgið verður formlega opnað í dag en félögin sem standa að því hafa leigt sameiginlega aðstöðu í markaðstjaldi á Vindheimamelum. Margir viðburðir verða í boði þá daga sem mótið stendur yfir. „Þar koma þekktir knapar, eins og Atli Guðmundsson, Olíli Amble og Þorvaldur Árne Þorvaldsson. Þau tala frá eigin brjósti um tamingar,

þjálfunarleiðir og hestana sína. Þá koma einnig söðlasmiðir og sýna handverk sitt og leikarinn Dofri Hermannsson les fyrir yngri kynslóðina,“ segir Arna.

Ætlunin er að halda samstarfinu áfram og stefnan er sett á heimsleikana í Hollandi árið 2007. „Íslenski hesturinn er orðinn vinsæll erlendis en við þurfum að taka höndum saman um að minna á að við erum upprunandi,“ segir Arna að lokum.



FRAMKVÆMDASTJÓRI Arna Björg segir nauðsynlegt í ljósi alþjóðlegrar samkeppni að stöðfélög íslenska hestsins minni á að Ísland sé upprunaland íslenska hestsins.

Landsmót í rúma hálfa öld

Saga Landsmóta hestamanna nær aftur til 1950 þegar hið fyrsta var haldið á Þingvöllum. Þar voru sýnd 133 hross, kynbótahross, gæðingar og kappreiðahross. Á þeim tíma var aðeins keppt í einum flokki gæðinga sem var flokkur alhliða gæðinga, auk kappreiða og kynbótasýninga. Eftir það voru haldin landsmót á fjögurra ára fresti, allt þar til að á ársþingi Landssambands hestamannafélaga 1995 var samþykkt að halda mótið á tveggja ára fresti.

Fyrsta mótið sem haldið var eftir þeim reglum var haldið í Reykjavík árið 2000. Þetta er því í fjórða skiptið sem aðeins líða tvö ár á milli móta.

Landsmót eru einstakir viðburðir, hápunktur og uppskeruhátíð, stærsta mót í heimi þar sem



Stoltir fánaberar á Landsmóti 2003 á Vindheimamelum.

íslenskir hestar koma saman. Þar má sjá öll bestu hross landsins í fjölbreyttri gæðingakeppni, tölti, kappreiðum og kynbótasýningum.

Gestir landsmótsins eru fjölbjóðlegur hópur og þar eru allir áhrifamestu ræktendur Íslands saman komnir, ásamt landsins bestu reiðmönnum og öllu því fjölmarga fólk sem hefur ein-

faldlega gaman af því að horfa á glæsilega hesta.

Mikið er lagt upp úr því að aðstaða sé sem best og upplýsingastreymi til landsmótsgesta gott. Risaskjár, stúkuseti og dagblaðaútgáfa eru meðal nýjunga sem boðið hefur verið upp á og er það markmið rekstaráðilanna að gera mótið sífellt betri.

Heimild: Heimasíða Landsmóts ehf.

Barcelona

6. og 13. júlí

frá kr. 39.990

Frábær gisting - 5 náttu helgarferð



Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú 5 náttu helgarferð á frábærum kjörum til þessarar einstöku borgar. Gist er á glænýju 3 stjörnu (superior) hóteli, Hotel Confortel Auditori, sem opnaði í vor og er staðsett í frábærum stað í Barcelona í 10-15 mín göngufæri frá Römbliunni.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Verð kr. 39.990

M.v. 2 í herbergi í 5 nætur á Hotel Confortel Auditori ***+ með morgunverði, 6., 13. og 20. júlí. Netverð á mann. Aukagjald fyrir einbýli kr. 15.900.

Notaðir bílar. Fislétt kaup - aðeins 10% útborgun.

Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 2 daga. Komdu strax.

Fislétt kaup

Þig vantar bíl. Núna

Aðeins 51 bíll í 2 daga

Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan
uppi notaðan

Fislétt bílakaup - afborgun
undir 15.000 kr. á mánuði



Hyundai Accent 1,5 beinsk. skrd. 06/2002 ek: 41.000 km.
Verð 750.000 kr. Tilboðsverð 630.000 kr. Útborgun 63.000 kr.
11.488 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. OF-200.



Peugeot 306 1,6 beinsk. skrd. 03/2000 ek: 100.000 km.
Verð 590.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
11.554 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. RE-608.



Renault Megane Scenic 1,6 beinsk. skrd. 03/2000 ek: 116.000 km.
Verð 740.000 kr. Tilboðsverð 599.000 kr. Útborgun 59.900 kr.
14.125 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. NF-048.



Renault Megane Scenic 1,6 beinsk. skrd. 08/1999 ek: 116.000 km.
Verð 740.000 kr. Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
14.962 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. LX-786.

Fislétt bílakaup - afborgun
15.000 - 20.000 kr. á mánuði



Ford Mondeo 1,6 beinsk. skrd. 05/1998 ek: 171.000 km.
Verð 450.000 kr. Tilboðsverð 350.000 kr. Útborgun 35.000 kr.
15.555 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. RT-145.



Opel Vectra 1,6 beinsk. skrd. 04/1999 ek: 111.000 km.
Verð 680.000 kr. Tilboðsverð 490.000 kr. Útborgun 49.000 kr.
15.577 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. UV-675.



Ford Focus 1,6 beinsk. skrd. 03/1999 ek: 115.000 km.
Verð 690.000 kr. Tilboðsverð 550.000 kr. Útborgun 55.000 kr.
16.486 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 36 mánuði. NP-923.



Ford Focus High Series 1,6 beinsk. skrd. 08/2000 ek: 76.000 km.
Verð 920.000 kr. Tilboðsverð 770.000 kr. Útborgun 77.000 kr.
18.156 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. PS-179.

Fislétt bílakaup - afborgun
20.000 - 25.000 kr. á mánuði



Subaru Legacy 2,0 sjálfsk. skrd. 05/1998 ek: 144.000 km.
Verð 750.000 kr. Tilboðsverð 499.000 kr. Útborgun 49.900 kr.
21.289 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. ZM-262.



Subaru Forester 2,0 sjálfsk. skrd. 09/2000 ek: 139.000 km.
Verð 1.050.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Útborgun 89.000 kr.
22.622 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 48 mánuði. BB-410.



Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 05/2002 ek: 73.000 km.
Verð 1.600.000 kr. Tilboðsverð 1.490.000 kr. Útborgun 149.000 kr.
23.338 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. LO-372.



Ford Mondeo Ghia 2,0 sjálfsk. skrd. 06/2003 ek: 50.000 km.
Verð 1.750.000 kr. Tilboðsverð 1.550.000 kr. Útborgun 155.000 kr.
24.281 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. MV-994.

Fislétt bílakaup - afborgun
yfir 25.000 kr. á mánuði



MMC Outlander 2,4 sjálfsk. 4x4 skrd. 07/2004 ek: 30.000 km.
Verð 2.220.000 kr. Tilboðsverð 2.050.000 kr. Útborgun 205.000 kr.
28.431 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DU-322.



Nissan Terrano II 5-SE 2,4 beinsk. skrd. 01/1998 ek: 162.000 km.
Verð 890.000 kr. Tilboðsverð 690.000 kr. Útborgun 69.000 kr.
29.436 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 24 mánuði. RG-848.



VW Passat station 2,0 sjálfsk. skrd. 12/2004 ek: 14.000 km.
Verð 2.450.000 kr. Tilboðsverð 2.190.000 kr. Útborgun 219.000 kr.
30.376 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TI-267.



Ford Escape Limited 3,0 sjálfsk. skrd. 11/2004 ek: 30.000 km.
Verð 3.190.000 kr. Tilboðsverð 2.890.000 kr. Útborgun 289.000 kr.
40.086 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. RJ-127.

Þig vantar bíl. Komdu núna. Kíktu á netið.
Fislétt kaup. Aðeins í 2 daga.



Taktubíll

brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 25 ára, er fasteignaeigandi og hvorki kaupandi eða maki er á vanskilaskrá. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá sölu- og lánskjörum Brimborgar. Lán háð samþykki Lýsingar hf.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

skoðun

SJÓNARMÍÐ
PORSTEINN PÁLSSON

Verð á orku til stóriðju:

Leyndardómur í almannaeigu

Í fjóra áratugi hefur verð á raforku til stóriðju verið pólitískt ágreiningsefni. Þegar kemur að röksemdafærslum í þessari stórdeilu sést sem fyrr að fátt er nýtt undir sólinni.

Vissulega er það svo að skynsemi framleiðslu og sölu á raforku í þessu skyni má skoða frá ólíkum kögunarhólum. Hjá því fer ekki að mismunandi viðhorf til iðnaðar af þessu tagi og náttúruverndar ræður í einhverju mati á því hvað telst hagkvæmt í þessu efni.

Nú er aftur á móti um það deilt hvort réttlætlanlegt sé að halda raforkuverði leyndu til stórkaupenda á borð við álver. Tilefnið er að forstjóri erlends álfyrirtækis sem hér hefur fjárfest talaði af sér í útlöndum. Hann hefur nú beðist afsökunar. Tal hans taldist samkvæmt samningi vera alvarleg mistök.

Þetta tiltekna mál snýst um orkuverð Landsvirkjunar. En hér eiga öll þrjú stærstu orkuframleiðslufyrirtækin hlut að máli. Þau eru öll í almannaeigu. Eitt er sameign ríkisins og tveggja sveitarfélaga. Hin tvö eru í eigu sveitarfélaga.

Stóra spurningin er hins vegar sú hvort afsökunarbeiðnin þjónaði hagsmunum eigenda fyrirtækisins. Stjórnendur Landsvirkjunar segja að leyndin þjóni hagsmunum fyrirtækisins.

Vel má vera að sú afstaða byggji á réttsýni frá því sjónarhorni sem stjórnarborð Landsvirkjunar veitir. En það er ekki þar með sagt að eigendurnir sjái þá réttsýni frá þeim víðu völlum sem þeir horfa til álitafnisins.

Á sínum tíma þótti rekstur með þessum hætti henta til orkuöflunar fyrir stóriðju. Þá var arðsemi bannorð í miðstýrðu efnahagskerfi, hvað þá í opinberum rekstri. Alþjóðabankinn gerði hins vegar arðsemiskröfur af lánnum til nýrra stórvirkjana.

Við þessar aðstæður var rekstrarform Landsvirkjunar búið til. Hún hefur alla tíð verið í ákveðinni fjarlægð frá ríkisvaldinu þó að ekkert fyrirtæki sé í raun og veru meira opinbert. Orkufyrirtæki Reykjavíkur og Suðurnesja hafa um margt dregið dóm af Landsvirkjun að þessu leyti.

Í nútíma samfélagi verða fyrirtæki hins vegar annaðhvort að lúta opinberum forskriftum eða leikreglum einkamarkaðarins. Það er ekki bæði hægt að sleppa og halda í því efni. Með öðrum orðum er ekki unnt að njóta þess besta úr tveimur ólíkum heimum og sleppa hinu.

Virkjanaframkvæmdir þessara fyrirtækja eru að mestu kostaðar með lánsfé sem skattborgararnir ábyrgjast. Að auki er svo styrkur Orkuveitu Reykjavíkur byggður á einokunargróða af sölu á heitu vatni.

Skattborgararnir og greiðendur hitaveituokursins í Reykjavík eru á hinn bóginn ekki í sömu stöðu gagnvart þessum fyrirtækjum eins og hluthafar í fyrirtækjum á markaði.

Meðan þau fyrirtæki sem hér eiga hlut að máli njóta þeirrar aðstöðu sem fylgir opinberum rekstri þurfa þau einnig að hlíta almennum reglum sem gilda um peninga skattborgaranna. Svo einfalt er það mál.

Ókosturinn við ríkisrekstur er meðal annars sá að eigendurnir hafa ekki sömu beinu hagsmunatengsl og hluthafar í einkafyrirtækjum. Bestu stjórnarmenn geta ekki, þrátt fyrir góðan vilja, upphafið þetta lögmál þó að þeir setjist með góðan ásetning við stjórnarborð opinberra fyrirtækja.

Að þessu virtu má ljóst vera að það fær ekki staðist að fara með orkuverð til stóriðju sem eins konar leyndardóm í almannaeigu. Verð á framleiðslu getur farið leynt í einkarekstri á raunverulegum samkeppnismarkaði. Ekkert af orkufyrirtækjunum uppfyllir þau skilyrði.

FRÁ DEGI TIL DAGS		
<p>Óvæntur gestur Líklega munu margir fagna þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna 4. júlí á Kjarvalsstöðum. Áhrifafólk og velunnarar á Íslandi hafa þegar fengið boðskortið í hendur. Er þetta í 230. sinn sem haldið er upp á sjálfstæði þjóðarinnar, sem áður heyrði undir bresku krúnuna. Hafa margir sett þessa miklu hátíð í samhengi við heimsókn George Bush eldri hingað til lands 4. til 7. júlí. Er ekki ólíklegt að hann kiki á Kjarvalsstaði til að fagna með samlöndum sínum milli klukkan fjögur og sjö á sjálfan komudaginn.</p>	<p>Að því loknu þiggur hann kvöldverð í boði forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, að Bessastöðum.</p> <p>Formannskapphlaup Jón Sigurðsson hefur ákveðið að bjóða sig fram til formanns Framsóknarflokksins. Kom tilkynning um það fyrr en menn höfðu reiknað með. Auðvitað var vitað um áhuga Jóns á starfinu enda fjölmargir sem hafa hvatt hann áfram. Innkoma hans í stjórn málin hefur lukkast vel. Stuðningsmenn jafnt sem andstæðingar Framsóknarflokksins hafa hælgt Jóni og hann hefur komið vel út í fjölmiðlum. En hvers vegna tilkynnir hann þetta núna? Ef til vill er það gert til að vera á undan Guðna Ágústssyni varaformanni sem hefur ekki tekið fyrir framboð til for-</p>	<p>manns. Hins vegar sagði Jón í viðtölum, eftir að hann tók við ráðherraembætti, að honum myndist að ekki ætti að vera slagur um þetta embætti. Kannski voru það skilaboð til Guðna?</p> <p>Eiður heima Stuttu áður en Eiður Smári Guðjohnsen skrifaði undir samning hjá fótbolta-liðinu Barcelona sagði Fréttablaðið frá því að hann dveldi á Íslandi og slappaði af fyrir framan HM í knattspyrnu. Svo skrápp hann til Spánar, skrifaði undir samning og veitti fjölmiðlum viðtal. Eiður er kominn heim aftur og æfir stíft í World Class. Þannig ávaxtar hann líka best sína verðmætustu eign.</p> <p>bjorgvin@frettabladid.is</p>

Krústsjov! Þú átt vin!

Fyrir fimmtíu árum og fáeinum mánuðum var haldin ræða. Vettvangurinn var landsfundur Sovézkka kommúnistaflokksins. Jósef Stalín hafði þá í þrjú ár legið í formálíni stirður og strokinn, svo að menn þurftu varla lengur að óttast hann. Nema þarna gerðist það, sem hlaut að gerast, að Nikíta Krústsjov, nýr aðalritari Flokksins, svipti hulunni af forvera sínum og lævi blöndnu loftinu í kringum hann, lygavefnum, vöðaverkunum. Aðalritarinn dró að vísu ýmislegt undan. Það mátti heyra saumnál detta í salnum. Þegar honum var steypt af stóli 1964 í hallarbyltingu Brésnefs og Kósígins, sagði Krústsjov við son sinn: „Mitt merkasta framlag til sovétrkar sögu er að komast lifandi á eftirlaun.“

Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn að vísu aldrei lotið forustu manns á borð við Jósef Stalín, því fer alls fjarri þrátt fyrir ýmis önnur og að sumu leyti smávægileg líkindi með flokkunum tveim, sem hér hafa verið nefndir. Eigi að síður hefur Morgunblaðið nú lýst eftir tímabæru uppgjöri við fortíðina, svo að eftirtekt hlýtur að vekja, vegsömun og lof.

Í síðasta Reykjavíkurbrefti Morgunblaðsins er vakin upp „áleitinn spurning, hvort forsætisráðherrann sjálfur eigi verk að vinna á einu sviði þjóðmála, sem lítið hefur verið um rætt en valdið mörgum bæði umhugsun og áhyggjum. Í of langan tíma hefur vont andrúmsloft heiftar og hefndar ráðið ferðinni í þjóðfélagsumræðum. Það er erfitt að átta sig á því, hvenær þessi þáttur í samfélagi okkar fór að snúast til verri vegar.“ Já, hvenær skyldi það nú hafa verið? Hverjir skyldu nú hafa mengað andrúmsloftið með heift og hefndarhug? Framsóknarmenn kannski? Nei, varla, þeir eru kurteisín sjálf.

Í DAG
ÁKALL MORGUNBLAÐSINS

PORVALDUR GYLFASSON

Illdeilurnar, sem eru kveikja Reykjavíkurbreftisins, eru að því er virðist mestmegnis innanflokkskerjur í Sjálfstæðisflokknum líkt og Hafskipsmálið.

Vinstri grænir? Nei, auðvitað ekki. Samfylkingin? Frjálslyndir? Hvaða latalæti eru þetta?

Leyfum höfundu Reykjavíkurbreftis að halda áfram: „Stjórnarmál og viðskiptalíf blandast saman með ýmsum hætti í þessu vonda andrúmslofti og það er hættuleg blanda. ... Vopnin sem notuð eru í þessari baráttu eru illt umtal. ... Hið illa umtal um náungann flæðir svo inn í fjölmiðlana nánast hömlulaust. ... Hér eru menn ekki drepnir í bókstaflegri merkingu eins og tíðkæzt hefur í Rússlandi. ... Hér verður því ekki haldið fram, að íslenskt þjóðfélag sé komið á sama stig og það sovézkka að þessu leyti, en það sjást merki um tilhneingingu til sömu vinnubragða og aðferða. Og það athyglisverða er að meðan unnið er að því með markvissum hætti að skapa „andrúmsloft dauðans“ í kringum einhvern einstakling sitja aðrir hjá ... við búum að sumu leyti í verra samfélagi en við höfum nokkru sinni gert í okkar samtíma ... nú þegar eru þau vinnubrögð stunduð í okkar samfélagi, að menn leita hefnda ef þeir telja að um of hafi verið

að sér vegið. Hvað er það í fortíðinni, sem hægt er að nota á viðkomandi? Svona vinna mafúsamfélög ... Vegna stöðu sinnar, persónuleika, viðmóts og framkomu hefur hinn nýi forsætisráðherra hlutverki að gegna í þessum efnum.“ Tilvitnun lýkur.

Getur þetta skýrara verið? Krústsjov! Vaknaðu! Þú átt vin!

Þetta er auðvitað allt saman laukrétt hjá Morgunblaðinu og hefur lengi legið ljóst fyrir, þótt Mogginn hafi komið að þegja um málið þar til nú. Og nú á ég tveggja kosta vól: að taka Morgunblaðinu eins og týndum syni án þess að segja orð um meðvirkni blaðsins hingað til eða segja eins og mér finnst, að þeir á Mogganum hefðu nú helzt átt að kveikja fyrr. Ég man eftir brefti, sem gamall vinur minn einn skrifaði ritstjóra Morgunblaðsins að gefnu tilefni fyrir röskum þrem árum. Það var efnislega samhljóða Reykjavíkurbreftinu, sem vitnað er til að framan. Ritstjórninn svaraði breftinu um hæl: Mér blöskrar að fá svona bréf frá þér. Skömmu síðar fór Morgunblaðið hamförum gegn Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar, fyrir þá sök, að hún hafði eins og ég og ýmsir aðrir varað við of nánum tengslum stjórnarmála og viðskiptalífs – gott ef hún sagði ekki, að það væri hættuleg blanda. Illdeilurnar, sem eru kveikja Reykjavíkurbreftisins, eru að því er virðist mestmegnis innanflokkskerjur í Sjálfstæðisflokknum líkt og Hafskipsmálið. Helztu uppsprettur rógins og illmælginnar, sem Morgunblaðið hefur nú skorið upp herör gegn, hafa ekki dulizt neinum vitni bornum manni. Megi Morgunblaðinu lánast að fá nýja forsætisráðherrann til að gera upp við fortíðina og hreinsa til. Bíðum landsfundar.

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Amdís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafþórsson FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FORELDRA
símunn 5811799

1986-2006



Fréttablað Vímulausrar æsku / Foreldrahúss. 1. tbl. 20. árgangur 29. júní 2006. Útgefandi: Vímulaus æska - Foreldrahús, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík. Sími 511 6161. Fax 511 6162. vimulaus@vimulaus.is www.vimulaus.is www.foreldrahus.is Ritstjóri, óbm.: Elisa Wium.

GEYMDU
PETTA
EINTAK

Vímuvarnir hefjast heima!

FRÉTTABRÉF VÍMULAUSRAR ÆSKU OG FORELDRAHÚSS

20 ára afmælið í september



Vímulaus æska - foreldrasamtök voru stofnuð í Reykjavík 20. september 1986. Í þessa tvo áratugi hafa samtökin staðið fyrir fjölmörgum forvarna- og ihlutunarverkefnum sem hafa að markmiði að veita fjölskyldum og einstaklingum ráðgjöf og stuðning þegar vímuefnavanda ber að höndum. Á afmælisári verður ýmslegt

gert til að minnst tímamótanna en á sjálfan afmælisdaginn, 20. september, verður skipulögð dagskrá til kynningar á vímuvarnastarfi og baráttumálum samtakanna. Aðrir dagskrárliðir afmælisársins verða unnir í samstarfi við samtök og stofnanir þar sem fjallað verður um ýmsar hliðar vímuefnamála. Samtökin munu m.a. standa fyrir morgunverðarfundum með NÁUM ÁTTUM, fræðslu- og forvarnahópi og minningarathöfn vegna fórnarlamba vímuefnaneyslu verður haldin í Vímuvarnavíku 2006. Í tilefni afmælisárs verður síðan öllum foreldrum 10 ára barna sent sérstakt fræðslufni til hvatningar og stuðnings í uppeldihlutverkinu.

100.000 eintök send út



Að þessu sinni er fréttabréf Vímulausrar æsku sent út í 100.000 eintökum og inná hvert heimili í landinu en það er í fyrst sinn sem samtökin dreifa fræðslufni í svo stóru upplagi. Þessi mikla dreifing hefur tekist með aðstoð fjölmargra fyrirtækja og stofnana í samfélaginu sem sýna skilning sinn og áhuga í verki með því styrkja þessa útgáfu.

Þjónustusamningur



Nýlega var gengið frá þjónustusamningi á milli félagsmálaráðuneytis og Vímulausrar æsku. Við það tækifæri heimsótti þáverandi félagsmálaráðherra, Jón Kristjánsson samtökin í Vonarstræti 4b. Á myndinni er ráðherra ásamt Önnu Ólafsdóttir Björnsson, formanni Vímulausrar æsku, að undirrita samkomulagið.

Ný heimasíða og netföng



Á þessum tímamótum hefur Vímulaus æska og Foreldrahús látið uppfæra heimasíðu samtakanna með nýju veffangi. Aðalveffangið er nú www.vimulaus.is en einnig má heimsækja síðu samtakanna á slóðinni www.foreldrahus.is.

Á sama tíma fá starfsmenn og skrifstofan ný netföng og er aðalnetfangið vimulaus@vimulaus.is.

VERUM VIRK Í SUMAR

Anna Ólafsdóttir Björnsson,
formaður
Vímulausrar æsku



Sumarið er gengið í garð, tími skólafría og skemmtanahalds. Munum við eiga góðar minningar um þetta sumar í framtíðinni eða verður þetta sumarið þegar allt fór úrskaiðis? Getum við ráðið því? Að einhverju leyti alla vega. Með því að þekkja staðreyndir, taka mark á þeim og bregðast við þeim má vinna markvisst að því að sumarið verði gott. Það er staðreynd að sumarið eftir 10. bekk er áhættutími fyrir unglunga. Mörgum þeirra finnst að eftir grunnskóla og á leiðinni í framhaldsskóla komi vendipunktur og nú taki fullorðinsárin við með sínum kostum og göllum. Það er staðreynd að hópur þeirra unglunga sem hafa drukkið stækkar úr 50% í 65% á einu sumri, eftir 10. bekk. Það er staðreynd að hluti þeirra unglunga sem fara óhvarðnaðir að neyta áfengis leiðast hratt út í aðra neyslu.

Úrræði

Óþarft er að láta slíkar staðreyndir slá sig út af laginu. Úrræðin eru mörg og þekking á aðstæðum getur gert gæfumuninn. Eftirfarandi gátlisti getur reynst foreldrum haldgóður til að spyrna við fótum:

1. Ekki kaupa áfengi fyrir unglunga undir lögaldri. Með því eruð þið að viðurkenna að neysla áfengis sé með ykkar samþykki. Gleymið því ekki að það er lögbrot.
2. Ekki leyfa eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Þótt unglingurinn ætli bara að
3. Fylgist með heimi unglunganna eftir bestu getu. Reynið að missa ekki trúnað þeirra. Ýmislegt gengur á sem auðvelt er að dylja fyrir foreldrum.
Í viðtölum við Margréti Vilhjálmssdóttir leikkonu og umhverfissinna, kemur fram, að hún er hlynnt nýtingu auðlinda til lands og sjávar, þannig þó, að jafnvægis sé gætt. Allir heilvita menn, vilja að svo sé. María Ellingsen leikkona, Margrét, Andri Snær Magnason, höfundur Draumlandsins, og fjöldi annarra sem una landi sínu og þjóð, stofnuðu síðastliðinn 17. júní, fyrir troðfullum Austurbæ, landssamtök sem þau nefna Framtíðarlandið. Ég hringdi í Maríu, sem skráði mig inn. Nú er hægt að skrá sig í Framtíðarland: framtidarlandid.is.

Vonandi er þetta framtak þessa frábæra fólks, vísir að framtíðaraffli sem vinnur án eiginjarnra einstaklinga. Þjóð mín á svo mikið betra skilið en samtök þau sem undanfarin ár hafa starfað í þingsölum hennar, á hennar vegum og á launum frá henni. Eftirlaunafrumvarpið opnaði augu þjóðarinnar, svo nú sér hún hvaða menn foringjarnir í þingsölunum hafa að geyma.



4.990 kr.

Við mismunandi veðurskilyrði þarf málningu sem endist vel

Útítex er mjög sterk utanhúsmálning sérhönnuð á steypu. Hún hefur sterkt yfirborð og fæst að sjálfsgöðu í hundruðum Flügger litum.

www.flugger.is

Flügger litir

Flügger ehf
Stórhöfða
110 Reykjavík
Sími 567 4400

Reykjavík
Kópavogur
Hafnarfjörður

Keflavík
Akureyri
Selfoss

Borgarnes
Hveragerði



AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





ÚTSALA

ZARA

KATHARINE HEPBURN (1907-2003)
LÉST PENNAN DAG.

„Dauðinn verður mikill léttir. Engin fleiri viðtöl.“

Pegar bandaríska leikkonan Katharine Hepburn lést, 96 ára að aldri, voru ljósín á Broadway deyfð í heila klukkustund henni til heiðurs.



tímamót

timamot@frettabladid.is



Móðir okkar, stjúpmodir, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnheiður Kristjánsdóttir

Skólabraut 3, Seltjarnarnesi,

lést á krabameinsdeild Landspítalans 27. júní.

Vera Björk Einarsdóttir
Íris H. Einarsdóttir
María Árnadóttir
Hörður Árnason
Elisabet Árnadóttir
Bollí Árnason
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjalte Kristjánsson

Kári G. Schram

Ríkarður B. Jónsson

Aðalheiður Benediktsdóttir

Eysteinn Sigurðson

Aðalbjörg Ingadóttir



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Dagmar Jóhannesdóttir

sem lést laugardaginn 17. júní verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju í dag fimmtudaginn 29. júní. kl. 13.30.

Atli Viðar Jóhannesson
Dagmar Ósk Atladóttir
Inga Sigrún Atladóttir
Kristjana Atladóttir
Júlía Rós Atladóttir
og barnabarnabörn.

Benna Stefánía Rósantsdóttir

Halldór Walter Stefánsson

Eric Rubin Dossantos

Pétur Marínó Fredriksen

Hermann Sigurður Björnsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

William Hernig Jensen

Brorsonsvej 19, st.v, 7400 Herning, Danmark

lést laugardaginn 24. júní á sjúkrahúsi á Jótlandi. Jarðarförin hefur farið fram.

Edith Hvid Jensen
Olga Hvid Mortensen
Leif Hvid Jensen
Erik Hvid Jensen
barnabörn og barnabarnabörn.

Hanne Stagsted

Ella skov



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðrún Jónsdóttir

Stigahlíð 6, svo Viðarási 27,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 23. júní sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 30. júní kl. 11.00.

Halldór Jón Júlíusson
Guðbjörg Fjóra Halldórsdóttir
Snæþór Sigurbjörn Halldórsson
Lína Dögg Halldórsdóttir
Hermann Hinriksson Laufey Vilmundsdóttir
Agnar Kristinn Hermannsson
Hinrik Nikulás Hermannsson
Alda Guðrún Hermannsdóttir
og barnabörn.

BÓK HUGLEIKS DAGSSONAR KEMUR ÚT Á ENSKU:

Myndasöguhöfundur Íslands

Fyrir seinustu jól gaf rithöfundurinn Hugleikur Dagsón út bókina „Forðist okkur“ sem nú er uppseld, en í henni var að finna þrjú áður útkomin verk „Elskið okkur“, „Drepið okkur“ og „Ríðið okkur“, sem hann sjálfur gaf út, en höfðu verið ófáanleg í nokkurn tíma. Nú hefur JPV útgáfa sent frá sér enska útgáfu á bókinni, sem höfundur þýddi sjálfur og heitir á enskunnú „Avoid us“.

„Pegar ég skoðaði þetta komst ég að því að þetta er ekkert svo staðbundinn húmor,“ segir Hugleikur. „Þetta á sér allt einhvers konar hliðstæðu í ensku máli, en ég þurfti að breyta einhverjum af sögunum.“

Friðrik Sólness skrifaði nýjan formála að bókinni, en hann hefur skrifað formála að öllum bókum Hugleiks. „Hann Friðrik er rafvirki

sem ég þekki,“ segir Hugleikur, en gefur engin frekari deili á manninum.

„Ég fór með hana í apríl á myndasögubing í Danmörku og þar vakti hún mjög mikla lukku. Fólk frá mörgum löndum skoðaði hana og allir voru voða hrifnir. Þessi húmor virðist vera í gangi í þessum bransa, sama hvort hann er settur í bækur eða sé bara til í kollinum á fólki.“

Enska þýðingin verður til að byrja með einungis til sölu á Íslandi fyrir túristamarkaðinn, en hægt er að panta hana til útlanda á netinu.

Hugleikur var tilnefndur til Menningarverðlauna DV 2006 og fékk Grímuverðlaunin Leikskáldársins fyrir leikgerðina að uppsetningu leikhópsins Common Nonsense á „Forðist okkur“. „Ég var nú eiginlega of upptek-

inn við að vinna í þessu leikriti til að hugsa um hvort það mundi fá svona mikla athygli,“ segir hann. „Ég var búinn að skrifa meirihluttann af því fyrir æfingar, en svo þróaðist það eitthvað meðan æfingar stóðu yfir. Persónurnar þróuðust svo í meðferð leikaranna.“

Hugleikur segist aldrei hafa búist við svona góðum viðtökum. „Ég var útskrifaður úr listaháskóla og farið að vinna venjulega vinnu sem stuðningsfulltrúi í FG, en varð að gera eitthvað skapandi svo ég gerði þetta.“ Í kjölfar velgenginnar vinnur Hugleikur alfarið við ritstörf. „Í sumar kemur út teiknimyndasaga um einbyggða köttinn Kisa, sem ég mun vonandi klára á næstunni. Svo er ég að skrifa söngleik sem heitir „Leg“ og fjallar um unga stúlku sem verður ólétt, með kostulegum



MYNDASAGA ÚR AVOID US Eins og sjá má skilar svartur húmor Hugleiks sér vel á fleiri tungumálum en bara íslensku.

afleiðingum,“ segir Hugleikur, en vill ekkert meira gefa upp um verkefnið. „En þetta er afar skemmtilegur söngleikur, allavega enn sem komið er.“



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Porkell Nikulásson

fisksali, Hæðargarði 29, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Laugarneskirkju í dag, fimmtudaginn 29. júní kl. 15.00.

Hólmfríður Kristjánsdóttir

Helga Þorkelsdóttir

Kristján Þorkelsson

Guðmundur Þorkelsson

Guðríður Þorkelsdóttir

Viðar Þorkelsson

afabörn og langafabörn.

Andrés Þórðarson

Sigurðís Sigurðardóttir

Kristjana Stefánsdóttir

Guðmann Héðinsson

Sigríður Svava Þorsteinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ágústa María Ágústsdóttir

Klapparstíg 8, Njarðvík,

lést fimmtudaginn 8. júní sl. Jarðarför hefur farið fram í kyrriþey að ósk hinnar látnu.

Einar Guðmundsson

Gunnar Elís Guðmundsson

Guðrún Guðmundsdóttir

Hrafnhildur Guðmundsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Harpa Guðmundsdóttir

Mundína Marínósdóttir

Guðjón Svavar Jensen

Helgi G. Jóseppson



Ástkær sonur okkar, barnabarn, mágur og frændi,

Konráð Guðmundsson

sem lést þann 22. júní á heimili sínu, Aðalgötu 52, Ólafsfirði, verður jarðsöngin frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 30. júní, kl. 14.00.

Fjóra Jósepsdóttir

Guðmundur Konráðsson

Bjartmar Guðmundsson

Hafþór Guðmundsson

amma, afi og nánir ættingjar.

Rósa Jóhannsdóttir

Linda Rós Björnsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Guðrún Sigríður Wormsdóttir

frá Eiríkubúð, Arnarstapa,

verður jarðsöngin frá Hellnarkirkju á Snæfellsnesi laugardaginn 1. júlí kl. 14.00.

Gullý Bára Kristbjörnsdóttir

Sigurborg Jenný Kristbjörnsdóttir

Kristín Hulda Kristbjörnsdóttir

Anna Björg Kriksbjörnsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ágúst Geir Kornelíusson

Sveinn Sigurjónsson

Ómar Árni Kristjánsson

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallelgra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan **MOSAÍK**

Hamarshóla 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is





HUGLEIKUR DAGSSON Hugleikur hefur vakið mikla athygli fyrir teiknimyndasögur sínar og þykja þær skörp ádeila á íslenskt samfélag og erlent, en mörgum hefur þótt þær grófar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

PETTA GERÐIST: 29. JÚNÍ 1974

Kabarettdansari verður forseti Argentínu

Pennan dag árið 1974 var María Estela Isabel Martínez de Peron svarin í embætti sem leiðtogi Argentínu. Þar með varð frú Peron, sem var fyrrverandi kabarettdansari, fyrsti kvenforseti landsins. Eiginmaður hennar, forsetinn Juan Peron, hafði afsalað sér völdum vegna alvarlegra veikinda en hinn 78 ára gamli Peron hafði þá ekki sést opinberlega í tvær vikur.

Frú Peron, sem almenningur kallaði ávallt Isabelitu, var þriðja eiginkona Juans Peron og varð varaforseti þegar hann sneri aftur til valda í september 1973 en hann hafði verið í útlegð frá árinu 1955 eftir



valdarán í landinu. Þau kynntust á næturklúbbi í Panama meðan Peron var í útlegð. Eftir að Juan Peron sneri úr útlegðinni árið 1973 vann hann stórsigur í kosningum og kom á næstu mánuðum á nokkrum stöðugleika í Argentínu. Hann dó 1. júlí árið 1974 en Isabel varð forseti til ársins 1976. Þá var henni steypt af stóli af herforingjastjórn Jorge Rafael Videla. Isabelitu tókst aldrei að vinna hjörtu argentínsku þjóðarinnar. Hún lifði ætíð í skugga Evu Peron sem var önnur eiginkona Juans Peron. Evita var dád af stórum hluta þjóðarinnar en varð aldrei forseti og dó úr krabbameini árið 1952.

MERKISATBURÐIR

- 1941** Þýski kafbáturinn U 564 sökkvir flutningaskipinu Heklu suður af Grænlandi. Þrettán farast en sjö er bjargað af fleka eftir rúma tíu sólarhringa.
- 1951** Ríkharður Jónsson skorar fjögur mörk í landsleik gegn Svíum, þar sem Íslendingar unnu með fjórum mörkum gegn þremur.
- 1980** Vigdís Finnbogadóttir er kjörin forseti Íslands. Hún var fyrsta konan í heiminum sem kosin var þjóðhöfðingi í lýðræðislegum kosningum.
- 1995** Bandaríska geimskutlan Atlantis kemur til geimstöðvarinnar MIR.
- 1996** Ólafur Ragnar Grímsson er kjörinn fimmti forseti Íslands.

ÚTFARIR

- 13.00** Auðbjörg Björnsdóttir, Hrafnistu Hafnarfirði, áður Flókagötu 61, Reykjavík, verður jarðsungen frá Háteigskirkju.
- 13.00** Leifur Sigurðsson, rennismíðameistari, Sogavegi 168, Reykjavík, verður jarðsungeninn frá Bústaðakirkju.
- 13.00** Hulda Guðmundsdóttir, Álfamýri 6, Reykjavík, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.
- 14.00** Elfa Guðrún Reynisdóttir verður jarðsungen frá Húsavíkurkirkju.
- 14.00** Helgi Sigurðsson, Brautarhóli, Svalbarðsströnd, verður jarðsungeninn frá Svalbarðsstrandarkirkju.
- 15.00** Þorkell Nikulásson, fiskisali, Hæðargarði 29, Reykjavík, verður jarðsungeninn frá Laugarneskirkju.
- 15.00** Engilbert Hannesson, fyrrverandi bóndi, Bakka, Ölfusi, verður jarðsungeninn frá Hveragerðiskirkju.

AFMÆLI



Ágúst Guðmundsson leikstjóri er 59 ára.



Sigurjón Þórðarson þingmaður er 42 ára.



Guðmundur Stephensen borðtennismeistari er 24 ára.



Jón Sigurðsson forstjóri Össurar er 50 ára.

Í BÍÓ

Keanu Reeves Sandra Bullock

Hvernig heldurðu í einhvern sem þú hefur aldrei hitt?

THE LAKE HOUSE

WARNER BROS. PICTURES PRESENTS
IN ASSOCIATION WITH VILLAGE ROADSHOW PICTURES A VERTIGO ENTERTAINMENT PRODUCTION AN ALEJANDRO AGRESTI FILM KEANU REEVES SANDRA BULLOCK "THE LAKE HOUSE"
DYLAN WALSH SHOHREH AGHDASHLO AND CHRISTOPHER PLUMMER THE RACHEL PORTMAN MUSIC BY SONNY MALLHI COSTUME DESIGNER LYNZEE KLINGMAN EXECUTIVE PRODUCERS ALEJANDRO BROTHERSON
PRODUCED BY NATHAN CROWLEY DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY ALAR KOVILQ A.S.C. EXECUTIVE PRODUCERS MARY McLAGLEN ERWIN STOFF HAL GABA DANA GOLDBERG BASED ON THE NOVEL BY MICHAEL CROSBY
SCREENPLAY BY DOUG DAWSON AND ROY LEE DIRECTED BY ALEJANDRO AGRESTI
www.thelakehousemovie.com

KOMIN Í BÍÓ!

REYKJAVÍK • AKUREYRI

Boot cAMP



Við hlaupum Blátt áfram...

... alla leið frá Helli til Reykjavíkur

Boot Camp þjálfararnir Arnaldur Birgir Konráðsson, Evert Víglundsson og Róbert Traustason ætla að leggja af stað frá Helli á miðnætti aðfaranótt laugardagsins 8. júlí og hlaupa til Reykjavíkur.

Hver og einn þeirra mun hlaupa tvö og hálf maraþon!

Hvað getur þú gert til að styrkja Blátt áfram?

- Þú getur hringt í 907 2000

þá dragast 1.000 kr. af símreikningnum þínum

- Þú getur keypt bol*

og fylgt Boot Camp strákunum síðasta spölinn

- Þitt fyrirtæki getur heitið á strákana

Hringdu í 533 2929 og styrktu Blátt áfram

*Þú getur keypt bolina á næstu Esso stöð, á www.blattafram.is eða við hlaupastöðvarnar þann 8. júlí.

Blátt áfram frábær dagur laugardaginn 8. júlí

Hlaupastöð 1

Kl. 10.00 Litla Kaffistofan – Hafnarbakkinn = 26,3 km

Hlaupastöð 2

Kl. 12.00 Húsgagnahöllin – Hafnarbakkinn = 7,6 km

Leiðin sem farin verður: Ártúnsbrekka, Grensásvegur, Suðurlandsbraut, Laugavegur niður á höfn. Frjálst er að koma inn í hlaupaleiðina á hvaða stað sem er.

Kl. 14.00 Reykjavíkurhöfn – Skemmtun

Mætum við Reykjavíkurhöfn og tökum vel á móti hlaupurunum!

Við skorum á fyrirtæki að styrkja hlauparana blátt áfram með myndarlegum framlögum og að hvetja sitt fólk til að vera með.

Vertu með!



Lítið skref fyrir þig, stórt skref fyrir börnin
Stígðu skrefið laugardaginn 8. júlí

BLÁTT ÁFRAM!
www.blattafram.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Pyntingar í bíósalnum

RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR BÖLVAR HROLLVEKJUM



Ég álpaðist á kvikmyndina The Omen í fyrirkvöld með betri helmingnum og það rifjaðist snarlega upp fyrir mér hvers vegna ég horfi ekki á hrollvekjur. Þegar um fjórðungur var liðinn af myndinni stakk ég upp á því að stinga af í hléi en ákvað þó að halda ósköpin út. Á verstu köflunum notaði ég gamla góða „trixið“ að loka einfaldlega augunum, en það hefur auðvitað í för með sér að maður missir af meirihluta myndarinnar. Undir lokin uppgötvaði ég þó að það er

ágætt að einblína á sætin í salnum, þannig sér maður með öðru auganu hvað er að gerast í myndinni en er samt meðvitaður um að maður er í bíósal að horfa á bíómynd sem er bara plat.

Ég hef aldrei skilið hvað fólk fær út úr því að fara á spennumyndir og hrollvekjur. Mig grunrar að gelgja unglingsáranna skipti þar miklu; strákarnir geta þóst vera voða sterkir og kúl á meðan stelpurnar láta þíkuskraekina njóta sín. Það var einmitt aðalmálið á mínum unglingsárum að sjá allar Scream-myndirnar og helst oft (í dag er ég stolt af því að hafa aldrei reykt eða séð Scream-mynd).

Mér finnst það samt sem áður

afar undarlegt að svona myndir séu vinsælastar. Það eru jú ekki bara unglingar á myndunum og fólk eins og ég og kærastinn látum blekkjast. Til hvers er maður að pína sig svona? Það er ekki þægilegt að fá hjartastopp í einhverju ógeðsatriði og enn óþægilegra er að setjast niður með poppið og kókið yfir auglýsingunum og vita að fjölmörg ógeðsatriði og tilheyrandi hjartastopp eru yfirvofandi.

Ég hélt það yrði gaman að rifja upp smá latínu og herða taugarnar á The Omen. Taugarnar urðu hins vegar ekkert harðar, latínan var af skornum skammti og ég hefði betur varið tímanum á nýjustu mynd Jennifer Aniston.

myndasögur



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SANDALAR - HERRASKÓR - DÖMUSKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR - HERRASKÓR - DÖMUSKÓR - BARNASKÓR

LLOYD



PETER KAISER

ECCO®

Mary B

ZINDÄ

*BIRT MED FRÁFRÁVA UM VERÐRETTINGAR, MIVANDRENGI OG STAÐSETNINGARVILLUR

ÚTSALAN HEFST Í DAG!

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

KRINGLAN - SMÁRALIND

ÚTSALAN HEFST Í DAG!

...frábær verð!

**Þú kaupir
3 skópör
og færð
óþýrasta
parið frítt!**

**3
FYRIR
2**

**FRÁBÆR
VERÐ!**

Sumar 2006

EURO SKO

Kringlan 568 6211

ÚTSALAN HEFST
Í DAG!

ECCO®

Kringlan - Laugavegi 38 - Smáralind



Kl. 20.30

Þjóðlagatónleikar í Stykkis-hólmskirkju. Gerður Bolladóttir sópransöngkona, Hlín Erlendsdóttir fiðluleikari og Sophie Schoonjans hörpuleikari flytja veraldleg og trúarleg þjóðlög en yfirskrift tónleikanna er „Fagurt er í Fjörðum“. Þann 7. júlí munu þær stöllu haldna tónleika á Hólum í Hjaltadal.

menning

menning@frettabladid.is

Orgeltónar í hádegini

Björn Steinar Sólbergsson, organisti Akureyrarkirkju, leikur á hádegistónleikum Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju í dag. Tónleikarnir, sem hefjast kl. 12 og standa í hálf tíma, eru skipulagðir í samvinnu við Félag íslenskra orgelleikara.

Leikur hann Fantasiu og fúgu í g-moll eftir Bach, þrjú sálmaforleiki úr Leipzíg-sálmaforleikjasafni Bachs og Tokkötú eftir Jón Nordal sem skrifuð var í minningu Páls Ísólfssonar og frumflutt í Dómkirkjunni í Reykjavík árið 1985.

Björn Steinar hefur verið organisti Akureyrarkirkju síðan 1986 og er virkur í tónlistarlífinu nýðra. Hann stundaði framhaldsnám í orgelleik á Ítalíu og í Frakklandi þar sem hann útskrifaðist með einleikarapróf í orgelleik (Prix de virtuosité) árið 1986. Hann er einnig aðstoðarorganisti við Hallgrímskirkju og kennir jafnframt orgelleik við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og við Tónlistarskólann á Akureyri. Björn Steinar hefur haldið fjölda einleikstónleika hér heima og erlendis. Einnig hefur hann leikið



BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON Leikur af list í Hallgrímskirkju í dag.

einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammerhljómsveit Akureyrar og The Cleveland Institute of Music Orchestra. Hann hefur hljóðritað fyrir útlit og sjónvarp og á geislaplötur, m.a. öll orgelverk Páls Ísólfssonar. Björn Steinar hlaut Menningarverðlaun DV 1999, Íslensku bjartsýnisverðlaunin 2001 og var valinn bæjarlistamaður Akureyrar 2002.

- khh

> Ekki missa af...

sumartónleikum við **Mývatn** sem hefjast um helgina. **Tónlistarhópurinn Katla** leikur í **Reykjahlíðarkirkju** á laugardaginn.

söngleiknum **Footloose** í Borgarleikhúsinu. Frumsýning í kvöld og dansvænt **dúndur** í Borgarleikhúsinu í allt sumar.

sumardagskrá **Minjasafnsins** á **Akureyri**. Fjöldmargir fræðandi viðburðir, göngufærðir, fyrirlestrar og sýningar á **Eyjafjarðarsvæðinu**.

Íslensk tískuhönnun

Á sýningunni Íslensk tískuhönnun sem verður opnuð í risi Þjóðmenningarhússins í dag má sjá verk eftir tíu íslenska fatahönnuðum.

Sýningarstjórinn er þjóðverjinn Matthias Wagner sem rekur fyrirtækið Agentur für gute Gestaltung í Berlín. Hann setti upp hliðstæða sýningu í Museum für Angewandte Kunst í Köln í nóvember síðastliðnum í tengslum við Íslandshátíð sem þar var haldin.

Sýningin í Þjóðmenningarhúsinu er þó smærri í sniðum en sýningin í Köln en þar voru ekki bara fatahönnuðir sem sýndu verk sín heldur voru þar verk eftir listamenn á öðrum menningarsviðum. Sýningin hér heima svipar þó til Kölnarsýningarinnar því uppsetningin er svipuð, verkin eru sýnd á gínum og ljósmyndir úr náttúru landsins þjóna sem baksvið alveg eins og á sýningunni í Köln. Hönnuðirnir sem taka þátt í sýningunni eru: Anna Guðmundsdóttir, Ásta Guðmundsdóttir hjá Ásta creative clothes, Dóra Emilsdóttir, Jóna Björg Jónsdóttir hjá jbj design, Ragna Fróðadóttir hjá Path of love, Rósa Helgadóttir, Valgerður Torfadóttir og Björg Ingadóttir

hjá Spaksmannsspjörum, Steinunn Sigurðardóttir og Þorbjörg Valdimarsdóttir.

Fatnaðurinn sem hönnuðirnir sýna er þeirra nýjasta hönnun og sýningin er sérstök fyrir þær sakir að þar er í fyrsta sinn á Íslandi eingöngu fjallað um tískuhönnun í íslenskri nútímameningu. Verkin, sem eru 38 talsins, eru mjög fjölbreytt og sýna sköpunarkraft íslenskra tískugeirans.

Í kynningartexta um sýninguna segir að sérkenni íslenskrar tískuhönnunar felist í því að hún tvinnar saman þætti sem virðast andstæðir. Íslenskir hönnuðir skýra þetta með vísun í staðsetningu eylandsins á milli Ameríku og Evrópu en um leið nægilega langt frá báðum heimsálfunum til að þeir geti þróað eigin hugmyndir. Uppspretta innblástursins sem íslensk tískuhönnun nærast á eru hvítu, fjólubláu, grænu og svörtu tónarnir sem breytileg birtan í landslaginu framkallar, fjörugt næturlífið í Reykjavík, tónlistin, myndlistin, tækinn og hefðin.

Sýningin stendur til 27. febrúar 2007.

- snæ



STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR, RITHÖFUNDUR Skáldsagan Sólskinshestur er komin í kilju og brátt geta nýjungagjarnir lesendur nálgast upplestur höfundarins á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Stund með Steinunni

Rithöfundurinn Steinunn Sigurðardóttir verður sérstakur gestur fagnaðar í Íðuhúsinu í kvöld. Hún ræðir um landið og ljóðin sín og um netvæddan Sólskinshest.

Tílefnið er tvöfalt því nýjasta skáldsaga Steinunnar, Sólskinshestur, sem vakti stormandi lukku í jólabókafloði síðasta árs er nú komin í kiljuútgáfu en verður jafnframt gefin út sem nethljóðbók og geta áhugasamir lesendur nálgast hana á heimasíðu Eddu útgáfu.

Steinunn kveðst sjálf hafa mikinn áhuga á hljóðbókarmíðlinum og nefnir að hún sé sá angí sem best dafni í bókaútgáfu í Þýskalandi. Fyrir í vetur kom skáldsaga Steinunnar, Ástin fiskanna, út þar í landi og hlaut þrjú viðtökur og í vor rataði hún á disk hjá næststærsta hljóðbókaforlagi Þýskalands. „Það segir sig sjálft að fólk sem til dæmis situr í bílum, klukkustundum saman á hverjum degi til og frá vinnu, má síður vera að því að fletta bókum en getur hlustað á meðan það ferðast,“ útskýrir Steinunn. Hún er þó á því að þróunin hér á landi sé hægt miðað við erlendis. „Möguleikarnir hér eru ekki nýttir í neinni líkingu við það sem gerist í útlöndum. Blindrabókasafnið hefur til að mynda unnið ótrúlegt starf en möguleikarnir til að koma efninu á framfæri eru ennþá takmarkaðir.“

Þróunarstökk Eddu

Steinunn er stolt af því að fá að taka þátt í þessari spennandi tilraun hjá Eddu og áréttar að raun-

ar sé verið að hlaupa yfir eitt þróunarstig því skáldsagan er gerð aðgengileg beint á netinu en ekki á diskum enn sem komið er. „Þetta verður boðið að kostnaðarlausu, að minnsta kosti til að byrja með og mér finnst þessi hugmynd mjög sjarmerandi. Að mínu mati er ekki verið að taka neitt frá annarri söluveru heldur styður þetta við annan lestur,“ segir hún og kveðst vona að þessi framsetning opni leið fyrir nýja lesendur eða hlustendur sem annars myndu ekki fá notið sögunnar.

Ljóðabálkur um landið

„Það er líka gaman að hafa fengið að lesa verkið sjálf, ég hef langa reynslu af upplestri og það er ekki sami hluturinn að heyra höfundinn lesa eða einhvern annan. Ég les þetta með tilþrifum held ég,“ segir hún kímín.

Á kvöldvökunni í Íðuhúsinu mun Steinunn opna fyrir aðgang að netútgáfuna en jafnframt lesa úr skáldsögunni. Hallgrímur Thorsteinsson og Ásdís Kvaran munu lesa ljóð eftir Steinunni og Úlfhildur Dagsdóttir flytur stutt erindi um höfundinn og verk hennar. Steinunn mun jafnframt lesa framhald ljóðsins „Einu-sinni-varlandið,“ sem fjallkonan Tinna Hrafnsdóttir flutti á hátíðahöldunum 17. júní síðastliðnum.

Skipuleggjendur hátíðahaldanna fengu Steinunni til þess að yrkja ljóð í tilefni dagsins, líkt og skáldkonan Vilborg Dagbjartsdóttir gerði í fyrra, en Steinunn tók þann kostinn að gera sérstaka útgáfu af ljóði sem tilheyrir samnefndum ljóðaflokki en hluti hans hafði áður hafði birst í Lesbók Morgunblaðsins. Í kvöld mun hún síðan lesa áfram úr bálkinum sem þó ekki er nándar nærri lokið.

Breiðfylkingin

Hún segir að ljóðið sé nokkuð nýstárlegt miðað við önnur ljóð sem íslenskar fjallkonur hafa flutt á þjóðhátíðardaginn. „Þarna birtist ný sýn á landið eins og það var þegar fyrsti maðurinn sá það og síðan heldur ljóðið áfram og þegar á líður er það borið saman við landið eins og það er í dag. Það er ekki mjög glæsileg sjón sem blasir við. Ég held að það komi strax fram í þessum fyrsta hluta að mín sýn á þessa eyju er að hún er eitt-hvað sem er gengið okkur úr greipum. Í ljóðinu er undiralda söknuðar eða eftirsjár eftir glötuðu landi,“ segir Steinunn.

Sleppt eða haldið?

„Eitt af því sem er gleðilegt við að koma heim til Íslands núna er að sjá að fólk er að vakna. Auðvitað hefur verið mikil reiði í fólki yfir því hvernig farið er með landið en núna er hún að koma upp á yfirborðið,“ segir Steinunn og bætir því við að fólk hafi verið hrætt við að taka afstöðu í málinu og á sínum tíma hafi margt verið gert til að koma örfóðri á fólk sem vildi vernda íslenska náttúru. „Fyrir einu og hálfu ári stóðu þeir sem enn voru að tala um Kárahnjúka upp úr eins og skotmörk, það er ekki lengur þannig – nú er þetta breiðfylking. Leikurinn núna snýst samt um að slá þeim móðreyk í augu fólks að það sé hægt að vera bæði náttúruverndarsinni og landeyðingarmaður. Þetta eru ósætlanleg sjónarmið. Þú getur ekki bæði sleppt og haldið í þessum efnunum. Spurningin er bara hversu langt á að ganga með eitt land?“

Dagskráin í Íðuhúsinu hefist kl. 20 í kvöld og eru allir velkomnir.

kristrun@frettabladid.is



NÝ ÍSLENSK HÖNNUN Sýningarstjórinn Matthias Wagner virðir fyrir sér gínurnar sem klæðast munu íslenskir hönnuðir í Þjóðmenningarhúsinu fram í febrúar. Sýningin er sérstök að því leyti að þar er eingöngu fjallað um íslenska tískuhönnun í íslenskri nútímameningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Vettlingatök í Öxarfirði

Listakonan Ingunn St. Svavarsdóttir, Yst, opnar árlega Braggasýningu sína á laugardaginn og sýnir innsetningar, málverk og skúlptúra af ýmsum toga.

Ingunn segir að manneskjan í sínum margbreytileika sé algengt viðfangsefni þar sem sorgir hennar og þrjár, breyskleiki og einlæg fegurð séu sett fram. „Ég vinn figúrátív verk með abstrakt ívafi í formi innsetninga, málverka, teikninga og skúlptúra, innanhúss sem og útiverk. Einnig vinn ég verk með texta, örsögur, ljóð og hendingar, bendingar og ádeilur. Ég nota líka tilbúna hluti sem ég set í nýtt samhengi.“

Sýningin stendur að vanda í tvær vikur en hún er opin alla daga frá 11-18.

- khh



INGUNN ST. SVAVARSDÓTTIR LISTAKONA Braggasýningin verður opnuð um helgina.

HONDA
The Power of Dreams



**KOMDU STRAX
OG FÁÐU ÞÉR
CR-V Á HONDA
TILBOÐSVERÐI**

4x4xTilboðsdagar



Honda CR-V á sérstöku verði

honda.is



Nú færðu Honda CR-V, bílinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á sérstöku Honda verði. Þú kemur og setur saman þína útfærslu af Honda CR-V og við semjum svo um verðið. Þú þarft ekki að velja á milli rýmis, tækni og verðs - fjórhjóladrifinn Honda CR-V hefur þetta allt saman. Komdu og veldu Honda CR-V eftir þínum óskum – Honda gæðin og áreiðanleikinn fylgja alltaf með.

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

Tólf einleikir sýndir á Ísafirði

Ísfirskir leikhúsunnendur fagna því að leiklistarhátiðin Act Alone hefst nú um helgina og áhugasamir gestir á höfuðborgarsvæðinu fá einnig nasasjón af leiklistinni eftir helgina. Kómedíuleikhúsið hefur frumkvæði að hátiðinni og verða tólf einleikir teknir til sýningar, þar af þrjár erlendir og níu íslenskir. Elfar Logi Hannesson, leikari og einn stjórnenda hátiðarinnar, segir hana meðal fárra leiklistarhátiða sem helga sig þessu leikhúsforni. „Við hleyptum hátiðinni af stökkunum fyrir þremur árum en sú fyrsta var fremur smá í sniðum enda voru aðeins þrjár einleikir í boði þá. Í fyrra voru þeir orðnir tíu en þá var hátiðin mjög vel sótt og við

bindum vonir við að hið sama gildi í ár. Á Ísafirði er mikið af fólki af erlendu bergi brotnu og því tökum við mið af því í dagskrá okkar,“ segir Elfar. „Gísla saga Súrssonar verður til dæmis flutt á ensku og fleiri íslensk verk.“

Hæst ber koma bandaríska einleikarans Eric Bogosian sem setur hátiðina með einleik sínum The worst of Eric Bogosian. „Eric hefur verið einn þekktasti einleikari heimsins síðustu tvo áratugina og vinsældir hans eru síst að dala. Hann er í raun tromp þessarar hátiðar,“ bætir Elfar við.

Aðrar leiksýningar á dagskrá eru Otomoto eftir danska leikskáldið og leikarann Ole Brekke og History of my Stupidity eftir

króatíska leikarann og Íslandsvinn Zeljko Vukmirica. Í báðum tilvikum eru það höfundarnir sjálfir sem stíga á stökk og sýna verk sín.

Að sögn Gunnars Gunnsteinssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðu leikhúsanna, samdi Draumasmiðjan við Kómedíuleikhúsið um að sýna fyrrgreind leikverk í Tjarnarbíói eftir helgina. „Við ákváðum að reyna líka að fá verkin til sýningar hér á mölinni. Leikverkið hans Zeljko er vel þekkt en það var frumsýnt árið 1979 og hefur síðan ferðast um heim allan og verið gróðarlega vinsælt,“ segir Gunnar.

Ole Brekke leikur trúðinn Otomoto í sýningu sinni en Ole



LEIKARINN OG LEIKSKÁLDIÐ ZELJKO VUKMIRICA Leikritið History of my Stupidity hefur farið sigurför um heiminn.

hefur oft komið hingað til lands og átt í samstarfi við íslenskt leikhús eins og Zeljko sem raunar bjó hér á landi um nokkurt skeið.

Act Alone-hátiðin á Ísafirði

stendur yfir dagana 29. júní til 2. júlí en leiksýningarnar Otomoto og History of my Stupidity verða sýndar í Tjarnarbíói 3. júlí klukkan 20.30.

- brb



Myndavélin sem elskar börnin, ströndina og sjóinn

- Höggheld við fall úr allt að 1.5 metra hæð.
- Vatnsheld á allt að 3 metra dýpi.
- 7.1 milljónir punkta / 7.1 megapixel upplausn.
- 3 x aðdráttur í linsu og 5 x stafærnn.
- Hreyfimyndataka með hljóði.

7.1
megapixel



TILBOÐ **34.990**

FULLT VERÐ kr. 39.990

μ 720 SW

– pottþétt í fríð

OLYMPUS



HELJARINNAR TÓNLEIKAFERÐ Jazzkvartett Sigurðar Flosasonar rúntar um landið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Leitað að tunglinu

Jazzkvartett Sigurðar Flosasonar og söngkonan geðþekka Kristjana Stefánsdóttir munu leggja upp í tónleikaferð um landið þar sem þau kynna hljómskið Hvar er tunglið? sem kom út nýlega. Diskurinn inniheldur tónsmíðar Sigurðar Flosasonar við texta Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar en á honum eru 24 spánný lög.

Ferðin hefst með tónleikum í Þjóðleikhúskallaranum í kvöld klukkan 20.30, en alls verða haldnir tíu tónleikar. Auk söngkonunnar Kristjönu og saxófónleikarans Sigurðar leikur Eyþór Gunnarsson á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontrabassa og Pétur Östlund á trommur með hljómsveitinni.

- khh

SUMARRÚNTURINN

Reykjavík: fimmtudaginn 29. júní, Þjóðleikhúskallarin kl. 20:30

Mývatn: föstudaginn 30. júní og laugardagur 1. júlí, Gamli bærin kl. 22:00

Stykkishólmur: sunnudaginn 2. júlí, Stykkishólmskirja kl. 17:00

Hvammstangi: mánudaginn 3. júlí, Þinghús-Bar kl. 21:00

Húsavík: þriðjudaginn 4. júlí, Safnahúsið kl. 20:30

Seyðisfjörður: miðvikudaginn, 5. júlí, Bláa kirkjan kl. 20:30

Akureyri: fimmtudaginn, 6. júlí, Ketilhúsið kl. 21:30

Skógar: föstudaginn 7. júlí, Félagsheimilið Fossbúinn kl. 21:00

Skógar: laugardagur 8. júlí, Byggðasafnið kl. 15:00

ÁRÉTTING

Nafn bókmenntagagnrýnanda Fréttablaðsins, Halldórs Guðmundssonar, féll niður við birtingu umfjöllunar um skáld söguna Leyndardómar býflugnanna eftir Sue Monk Kidd í blaði gær dagsins. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
ÉÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi, Þrústur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hölmavík, KF V-Húsnæðingna, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósgefarn, Akureyri, Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupstaða, Kaupún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossraf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum, Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspitalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Raftegnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ
26 27 28 **29** 30 1 2
Fimmtudagur

TÓNLEIKAR

- 12.00 Jazzkvartettinn **Tepoki** heldur tónleika í **Norræna húsinu**. **Tepokinn** samanstendur af fjórum ungum jazztónlistarmönnum sem allir stunda nám við **tónlistarskóla FÍH**. Efniskráin samanstendur af lögum eftir jazztónlistarmönnum á borð við **Freddi Hubbard, Wayne Shorter** og **Miles Davis**. Aðgangur er ókeypis og er dagskráin við allra hæfi.
- 12.15 Kvintettinn **Atlas** leikur í **Amina galleríi** við **Ingólfsstræti**. Hópurinn er **Skapandi sumarhópur** á vegum Hins hússins og Reykjavíkurborgar og skipaður ungu tónlistarfólki úr **Listaháskóla Íslands**.
- 17.00 Hljómsveitirnar **Hair Doctor** og **Skakkamanage** leika á vegum **Smekkleysu** og tímaritsins **Grapevine**. **Hair Doctor** leikur í **Galleríi Humrí** eða **frægd** kl. 17 og aftur í kvöldið ásamt **Skakkamanage** ásamt **Café Amsterdam** ásamt **Skakkamanage**.
- 20.00 Útskriftartónleikar **Brynjars Konráðssonar** trommuleikara fara fram í **Salnum í Kópavogi**. Brynjar leikur verk eftir **Jeff Beck, Dave Weckl, Larry Carlton, Lee Ritenour** og **Vital Information**. Aðgangur ókeypis.
- 20.30 **Gerður Bolladóttir** sópran, **Hlín Erlendsdóttir** fiðla og **Sophie Schoonjans** hörpuleikari flytja tónleikadagskrána **Fagurt er í Fjörðum** í **Stykkishólmskirkju**.
- 20.30 **Kvartett Sigurðar Flosasonar** leikur lög af geislaþlötunni **Hvar er tunglið?** ásamt söngkonunni **Kristjönu Stefánsdóttur** í Þjóðleikhúskjallaranum.
- 21.00 Hljómsveitin **Ham** leikur á **Nasa**. Sérstakir gestir verða ísfrsku þrúðmennin í **9/11's**. Húsið opnar kl. 21.00.
- 21.30 **DJ Lucky** spilar soul funk og reggae á **Café Paris**.
- 22.00 Söngkonan **Lára** heldur tónleika á **Grand Rokk** ásamt hljómsveit. Sérstakur gestur er trúbadúrin **Lay Low**.
- Megas** leikur á skemmtistaðnum **Yello** í **Reykjanesbæ**.

ÚTIVIST

- 20.00 Fimmta **Græna treflisgangan** verður farin frá **Reynisvatni** og gengið um skógræktar- og útivistarsvæðin á austurheiðum Reykjavíkur undir leiðsögn **Björns Júlíussonar** frá **Umhverfissviði Reykjavíkur**. Fjallað verður um sögu svæðisins og um ræktun, náttúru og umhverfi. Þetta er létt og fræðandi ganga, sem tekur um tvo tíma og eru allir velkomnir.

UPPÁKOMUR

- 20.30 Fyrsta kvöldvakan sumarsins verður haldin í **Laufási**. **Guðrún Harðardóttir** sagnfræðingur á **Þjóðminjasafni** Íslands mun kynna eitt af elstu húsum gamla bæjarins í Laufási sem gengur undir nafninu **brúðarhús**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

Djass á
Veitingahúsinu Horninu
Hafnarstræti 15
í kvöld kl 21
Seth Sharp
söngvari frá USA
og hljómsveit

Norrænt menningarmót

Átján ungmenni frá fimm bæjarfélögum á Íslandi taka þátt í Menningarmótinu Ung i Norden sem fer fram í Þórshöfn í Færeyjum. Íslensku þátttakendurnir eru á aldrinum 14-16 ára en þau munu hitta rúmlega 200 önnur ungmenni frá Norðurlöndunum sem einnig taka þátt í mótinu. Sara Guðmundsdóttir, leik- og söngkona, er listrænn stjórnandi hópsins en þetta er í fjórða sinn sem hún gegnir því hlutverki á vegum Íþrótt- og tómskundarnefndar Hafnarfjarðar. „Ég fór sjálf á Menningarmótið þegar ég var unglingur og hafði einstaklega gaman af. Í þrjú skipti hef ég aftur á móti gegnt stöðu listræns stjórnanda og haldið utan um íslensku

hópana á Ung i Norden, þar sem ég gegni einnig hlutverki fararstjóra,“ segir Sara. Að sögn Söru hefur Hafnarfjarðar-bær séð um þetta verkefni fyrir Íslands hönd en 15-20 íslenskir unglingar komast að í hvert sinn. Í þetta sinn koma þátttakendur frá Höfn í Hornafirði, Vestmannaeyjum, Reykjanesbæ, Grindavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Ísafirði. Hún segir íslenska hópinn ætla að setja upp tuttugu mínútna leikþátt sem hann hafði aðeins tvo daga til að æfa. „Þetta voru býsna erfiðir tveir dagar nú um síðustu helgi en okkur tókst þó að berja atriðið saman í lokin og ég er mjög ánægð með útkomuna. Krakkarnir eru afskaplega opnir og

óhræddir og það varðar mestu.“ Sara segir atriðið byggjast á látbragðsleik og að unglingarnir séu allir klæddir í svört fót frá toppi til tótar en andlit þeirra máluð hvít og eins beri þau hvíta hanska. „Við þræðum síðan sögu Íslands á gamansaman hátt en ég gegni sjálf hlutverki sögumanns og þau koma síðan fram á sviðið í nokkrum hópum og leika með látbragði það sem fram kemur í máli mínu. Þá tókum við saman tónlistarsyrpu sem spiluð er undir meðan á sýningu stendur.“ Sara segir ungmenninn hafa æft atriðið bæði á norsku og ensku til að tryggja að allir áhorfendur skilji hvað fram fer á sviðinu. Hin löndin sem taka þátt í Menningarmótinu eru Grænland, Finnland og Danmörk. Hóparnir dvelja í viku í Þórshöfn en unglingarnir munu sækja í kringum 16 listastími undir stjórn atvinnulistamanna og vinna saman að þremur stórum atriðum sem verða flutt í Norðurlandahúsinu síðasta dag menningarmótsins.



ÍSLENSK UNGMENNI TAKA ÞÁTT Í MENNINGARMÓTI Vinna að fjölbreyttri listsköpun í Færeyjum.

Miðasala á netinu!
www.leikhusid.is
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÓS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!
„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

Footloose
29. júní Frumsýning - Uppselt
30. júní - Örrá sæti laus
1. júlí - Uppselt
6. júlí - laus sæti
7. júlí - laus sæti
8. júlí - laus sæti
Miðasalan er í síma 568 8000
www.borgarleikhuis.is
www.minnsirkus.is/footloose

RONJA
Takið Ronju diskinn með í sumarfríið
BORGARLEIKHÚSIÐ

NASA
FIMMTUD. 29. JÚNÍ 2006
HAM
STÓRTÓNLEIKAR
9/11'S HITA UPP
HÚSIÐ OPNAR KL. 21
MIÐAVERÐ 2000 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
FÖSTUD. 30. JÚNÍ 2006
HJALMAR
STÓRTÓNLEIKAR
HÚSIÐ OPNAR KL. 22
MIÐAVERÐ 1000 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
LAUGARD. 1. JÚLÍ 2006
STUÐ
MENN
BIRGITTA HAUKDAL/STEFÁN KARL
OG VALGEIR GUÐJÓNSSON
HÚSIÐ OPNAR KL. 23
MIÐAVERÐ 1500 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
ÞAR SEM ÍSLENDINGUM
FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

> Prófaðu...

að búa til eigin mjólkurhristing úr tveimur bollum af vanilluís, tveimur bollum af jarðarberjum og einum bolla af nýmjólk. Í stað jarðarberjanna er líka gott að setja einn bolla af söxuð-um döðlum.



matur&vín

maturogvin@frettabladid.is



MATGÆÐINGURINN LÁRUS GUNNAR JÓNASSON MATREIÐSLUMEISTARI OG EIGANDI SJÁVARKJALLARANS

Sviðasulta með uppstúf besta máltíðin

Hvaða matar gætirðu síst verið án? Ég held það sé bara Cheerios og mjólk út á, maður er í hollustunni.

Fyrsta minning um mat? Ætli það séu ekki sviðahausarnir, þegar það var verið að sviða þá í bílskúrnunum. Eða lundinn, mér fannst alltaf svo vond lykt þegar það var verið að sjóða hann. Lyktin fór út um allt hús.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Ég held að það sé heimatilbúin sviðasulta með góðum uppstúf. En ef við erum að tala um eitthvað finna þá stökkvum við á einhverja veitingastaði í London, til dæmis Nobu eða Zuma, japanskir staðir eru í uppáhaldi hjá mér.

Er einhver matur sem þér finnst vondur? Já, það er hafragrautur og súrmjólk. Það er



eitthvað sem ég myndi aldrei borða.

Leyndarmál úr eldhússkápnum?

Það er bara ferskleiki, nota allt ferskt. Bæði grænmeti og kryddjurtir. Það er alltaf skemmtilegt að nota lifandi kryddplöntur, sérstaklega kóríander. Hann er alveg ómissandi.

Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?

Það er talað um að mjólk og epli séu góð saman, það róar taugarnar og magann. Ég hef prófað það áður en ég fer í keppni. Epli og mjólkurglas, þetta er eitthvað gamalt húsráð sem virkar ágætlega.

Hvað áttu alltaf í ísskápnum? Ætli það sé ekki tómatsósa, bara gamla góða Libby's. Það er spagettí fjórum sinnum í viku hjá mér. Það er svo þægilegt, maður er aldrei í neinu veseni heima. Annars er Dijon-sinsep líka ómissandi.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér? Ætli það væri ekki spagettí. Eða konan mín, en hún er auðvitað ekki matarkyns.

Hvað er það skritnasta sem þú hefur borðað? Ætli það sé ekki bara svartfuglseggr. Það er alltaf jafnspeis að borða þau finnst mér.



ÞRÚGUR GLEÐINNAR

> EINAR LOGI VIGNISSON

Eru skrúfutapparnir orðnir nógu fínir?

Æ fleiri vín koma nú í vínubúðir með skrúfutöppum í stað hinna hefðbundnu korktappa eða gervikorktappa. Skrúfutapparnir eru sósam engin nýjung, vínflöskum hefur verið lokað með þeim rétt eins og öðrum flöskum síðan þeir voru fundnir upp. En lengstum voru það alóðyrustu vínin sem var lokað með skrúfutöppunum og léleg gæði vinnanna fremur en skrúfutappanna sköpuðu hið slæma orðspor þeirra. Fyrir áratug eða svo hófu vínframleiðendur í auknum mæli að prófa sig áfram með að nota skrúfutappana enda hinir hefðbundnu korktappar bæði of dýrir og óhentugir.

Korkur er náttúrulegt efni og afar misjafn að gæðum. Góðir korktappar eru dýrir. Innkaupakostnaðurinn er þó ekki aðalmálið, helsti kostnaðurinn er fólgin í afföllum. Talið er að upp undir 5 til 10 prósent af vínflöskum séu „korkaðar“, þ.e. að loft hafi komist í vínið í gegnum ónýtan kork og skemmt vínið. Aðeins lítill hluti er ódrykkjarhæfur en engu að síður er vandfundin sú framleiðslugreinin þar sem jafn hátt hlutfall vörunnar er ekki í lagi. Því er ekki að furða að vínframleiðendur hafi leitað að nýjum aðferðum. Skrúfutapparnir eru einfaldasta og besta leiðin sem framleiðendur hafa fundið en þeir ráku sig fljótleiga á að neytendur voru afar skeptískir á blessaða áltappana. Ímynd þeirra var svo nátengd ómerkilegum massavinum auk þess sem rík hefð er fyrir korktöppunum og hanteringarnar við að slíta korkinn úr eru ómissandi þáttur í heildarupplifuninni.

Mikilverðasti kostur korktappanna fyrir utan að vera allgóð lokunaragerð er þó sá að leka hæfilega! Góður korkur hleypir örliðu lofti inn og það loft ásamt þeim rúmsentimetra sem er fyrir efst í flöskunni veitir víninu þá hæfilegu „öldrun“ sem við sækjumst eftir. Það er sumsé loftið sem gerir gott vín betra með aldrinum.

Skrúfutapparnir hleypa engu lofti inn og því hafa framleiðendur dýrustu vinnanna verið tregir að prófa þá. Þó er komin sáemileg reynsla og ég hef smakkað 10-15 ára gömul vín með skrúfutappa sem höfðu þroskast mjög vel. Ef skrúfutapparnir skemmast hins vegar (það gerist oftast við átöppun en stundum við flutninga) þá fer það ekki á milli mála. Vínið breytist í edik á órskömmum tíma og verður fullkomlega ódrykkjarhæft. Framtíðin mun leiða í ljós hversu hátt hlutfall vína verður á borð borði með skrúfutöppum. Mér segir svo hugur að sú verði raunin um stóran hluta flöskuvína innan tíðar. Þar mun þó ímyndin ráða meiru en gæðin, spurningin er ekki hvort skrúfutapparnir séu nógu góðir heldur hvenær þeir verði orðnir nógu fínir fyrir meirihluta neytenda.



VERT AÐ SPÁ Í: Ástralir hafa verið fremstir í skrúfutappabyltingunni. Þeir hafa beitt þeirri markaðsbrellu til að auka á virðuleika skrúfutappanna að setja þá ekki á ódryrustu vínin heldur á millidýru vínin og þar fyrir ofan. Þetta gildir til dæmis um flest betri áströlsk riesling-vín.



ANNA ÞORBJÖRG JÓNSDÓTTIR Anna hefur sérstaklega gaman af því að elda þegar hún kemur til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sushi í LA, humar á Íslandi

Anna Þorbjörg Jónsdóttir hagfræðingur hefur búið í Los Angeles í þrjú ár en þegar hún kemur til Íslands í sumarfrí er íslenskur humar ómissandi.

„Við höldum svo upp á íslenska humarinn því það er ekki hægt að fá hann úti. Bandaríski humarinn er stærri, bragðminni og seigari og bráðnar ekki uppi í manni eins og sá íslenski,“ segir Anna. Hún gefur hér uppskrift af pastarétti með humar í aðalhlutverki. „Þetta er frekar fljótlegur og auðveldur réttur, eitthvað sem ég bjó til fyrir síðustu helgi og heppnaðist rosalega vel,“ segir Anna, en hún eldar réttinn fyrir vini sína í skála í Húsadal. „Við vorum um 25 manns, höfðum gengið Fimmvörðuhálsinn og vorum að fara í Þórsörk,“ segir hún.

Þrátt fyrir humarleysið í LA er Anna hrifin af matarmenningu borgarinnar. „Fólk er mjög með-

vitað um að fara á bændamarkaði og fá ferska matvöru og við förum mikið á markaðina. Fólk hugsar mikið um heilsuna og borðar lífrænan mat,“ segir Anna. Ekki spillir fyrir að í LA eru sushi-staðir á hverju horni, en Anna og eiginmaður hennar, Páll Gíslason, borða oft sushi. En hvers skyldi hún sakna mest frá Íslandi? „Ég sakna þess að fá íslenskan fisk og humar. Svo er það líka skyrið, íslenskir ostar og Nóakropp sem ég hlakka til að fá þegar ég kem til Íslands.“

HUMARPASTA ÖNNU:

- 1 pakki af pasta ólífuolía
- 3 hvítlausrif skorin í þunnar sneiðar
- 1 grænn chillipipar skorinn í þunnar sneiðar
- 1 hvítur laukur saxaður fínt
- 1 blaðlaukur skorinn í þunnar sneiðar
- 1 lítill bakki sveppir, skornir í báta
- 2 250g pakkar af frosnum skellausum humri
- 1 ferna matreiðslurjómi

rjómaostur með svörtum pipar og/eða kryddblöndu (u.p.b. 1 og hálfur bakki) smá hvítvín salt (ég nota oft kjúklingasúpteningu í staðinn fyrir salt) nýmalaður svartur pipar cayenne-pipar

Þíðið humarinn og sjóðið gott pasta. Hvítlaukur, laukur, blaðlaukur og grænn chillipipar eru steikt saman í potti þar til að laukur og hvítlaukur eru hálfglærir. Síðan er sveppum bætt út í og látið steikjast áfram í nokkrar mínútur. Þar næst er matreiðslurjómi, rjómaosti, salti og pipar bætt saman við. Þegar suðan er komin upp er humarinn bætt út í. Það er ágætt að safinn úr humarpakkanum fari út í sósuna. Þegar suðan er komin upp að nýju er látið sjóða í ca. 2 mínútur eða þar til að humarinn er tilbúinn en það er mikilvægt að ofsjóða hann ekki. Bragðbætið með hvítvíni, salti og pipar og smá cayenne-pipar.

rosag@frettabladid.is

Prófaðu þig áfram með kryddin

Aðaltískan á veitingahúsum bæjarins er að bjóða upp á skál með kryddi sem dýfa skal brauði út í og þar er á ferðinni ýmiss konar afrískar kryddblöndur með fræjum og hnetum. „Í þessu eru til dæmis sesamfræ, hnetur og anís, en maður getur keypt þetta tilbúið í sælkerabúðum. Gott er að dýfa brauðinu í ólífuolíu og svo í kryddið,“ segir Andrés Yngvi Jóakimsson matreiðslumaður á Maður lifandi. Í Afríku eru slíkar kryddblöndur notaðar mikið með stórum flatbrauðum en þá án olíu. Japanska útgáfan kallast Gomasio en það eru sesamfræ bökud með salti. Gomasio er einnig hægt að kaupa tilbúið og er tilvalið til að

dýfa brauði í með ólífuolíu.

Í grillrétti er gott að nota ferskar kryddjurtir á borð við basilíku, kóríander, timian og graslauk en gaman er að prófa ýmis þurrkrydd í marineringar. „Með grillinu seljum við arabíska fikjusósu en í henni er kanill, negull og



KRYDD Gott er að dýfa brauði ofan í afrískar kryddblöndur og japanskt Gomasio.

stjórnuanis. Þessi krydd eru rosalega góð með grillmat og harmónera vel saman við jógurtsósu. Til dæmis er gott að nota kanill, negul, stjórnuanis, kummin og sesamfræ í marineringu á lambakjöt yfir nótt,“ segir Andrés, en þessi blanda virkar einnig vel með grænmeti og kjúklingi. „Maður verður bara að setja lítið af kanill og negul, annars er maður búinn að kæfa allt annað,“ segir hann. Þurrkaður kóríander og kardimommur bragðast líka vel með grillmat. „Það er heill hafsjór af svona kryddi sem gaman er að leika sér að. Fólk verður bara að prófa sig áfram og finna út hvaða krydd passa saman,“ segir Andrés.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



Appelsínur Hlunkur

Ananas Hlunkur

Ávaxta Hlunkur

Ídol Hlunkur

Grænn Hlunkur



Ananas Hlunkur mínus - sykurlaus

Grænn Hlunkur mínus - sykurlaus



Mjólkurhringur með súkkulaðibragði

Mjólkurhringur með jarðarberjabragði



Súkkulaðispinni

Lakkrísispinni

Vanilluspinni

Karamelluspinni



Lúxus karamellutoppis

Lúxus jarðarberjatoppis

Lúxus súkkulaðitoppis



Pólakött, vanillur með háuþúfum

Trúðis með tyggikúlu



Sprengipinn

Gormur með ávaxtabragði

Klakastöng með jarðarberjabragði



Magnum með myntubragði

Magnum með karamelli og tvöföldu dökku súkkulaði



Magnum með dökku súkkulaði

Magnum með hvítt súkkulaði

Magnum með mandlerum



Klakastöng með appelsínubragði

Jarðarberje- og myntusúkkulur



Solero Orange, ávaxtasorbent með appelsínuhjúpi

Berjasorbent með sitrusafningi



Should I bolt every time I get that feeling in my gut when I meet someone new? Well, I've been listening to my gut since I was 14 years old, and frankly speaking, I've come to the conclusion that my guts have shit for brains.

Plötusalinn Rob Gordon (John Cusack) litur yfir sviðið og reynir að komast að hvers vegna öll hans ástar-sambönd hafa farið úrskilað. Úr High Fidelity frá 2000.

bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN MARIANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR LEIKKONA

Oliver Twist eftirminnilegastur

Eftirlætis kvikmynd: Þessi er erfið. Það er auðvitað breytilegt dag frá degi hvaða mynd er í uppáhaldi. Það eru auðvitað til frábærar myndir sem maður vill samt ekki sjá nema einu sinni en svo eru þessar sem maður getur horft á aftur og aftur. Nokkrar slíkar sem mér detta í hug eru Manhattan Murder Mystery eftir Woody Allen, Maður án fortíðar eftir Aki Kaurismäki og A Mighty Wind eftir Christopher Guest.

Eftirminnilegasta atriðið: Fyrsta minningin í bíó er frá því ég sá Oliver Twist fjögurra ára gömul. Ég man vel eftir því að þegar Bill Sykes náði Oliver í annað sinn var mér allri lokið. Mér fannst ekki á raunir þessa drengs bætandi og heimtaði að fara út. Þessu man ég enn eftir svo það hlýtur að vera eftirminnilegasta atriðið.

Uppáhalds leikstjóri: Pedro Almodóvar, Woody Allen, Todd Solondz, Jane Campion og John Sayles koma öll upp í hugann.

Uppáhalds íslenska myndin: Sódóma Reykjavík er frábær. Svo er líka mikil nostalgia tengd Með allt á hreinu. Þetta er fyrsta íslenska myndin sem ég sá í bíó og hafði gaman af. Svo er tónlistin líka skemmtileg.

Mesta hetja hvíta tjaldsins: Clint Eastwood í spagettivestrunum frægu eftir Sergio Leone.

Mesti skúrurinn: Anthony Hopkins í hlutverki Hannibals Lecter í Lómbin þagna er auðvitað klassískur og Ming the Merciless sem Max Von Sydow túlkaði svo eftirminnilega í Flash Gordon.

Hvaða persóna fer mest í taugarnar á þér? Ég man ekki eftir neinum sem fer rosalega í taugarnar á mér, ætli ég leiði slíka karaktera hjá mér í staðinn þess að láta þá eyðileggja myndina fyrir mér.

Ef þú fengir að velja kvikmynd til að leika í, leikstjóra og mótleikara, hvernig mynd yrði það? Það yrði annað hvort spagettivestri í leikstjórn Sergio Leone eða film-noir mynd sem sem Carol Reed myndi leikstýra. Ætli mig dreymi ekki bara um að leika í The Third Man á móti Orson Welles og félögum.



Kappakstur í Tókýó

Þriðja myndin í Fast and the Furious-seríunni er komin í íslensk kvikmyndahús. Hún ber yfirskriftina Tokyo Drift enda gerist sagan að þessu sinni í Tókýó. Aðalpersóna myndarinnar er Sean Boswell (leikinn af Lucas Black) en þátttaka hans í götukappakstri hefur gert hann mjög óvinsælan hjá yfirvöldum svo hann neyðist til að setjast að í Tókýó.

Þar í borg kemst hann fljótt í kynni við Twinkie (leikinn af Bow Wow) sem er vel tengdur inn í kappakstursbransann í Tókýó. Fyrr en varir er hann sokkinn djúpt ofan í þennan heim. En hann lendir í erfiðum málum þegar hann fellur fyrir kærustu aðal-kappakstursgaursins. Fyrir höndum er erfitt uppgjör sem aðeins annar aðilinn kemst heill út úr. Tokyo Drift er sýnd í Sambíónum, Laugarásbíói og Borgarbíói á Akureyri.



TOKYO DRIFT Sean Boswell kynnist Twinkie sem kemur honum á bragðið í kappakstri í Tókýó.

Tímalaus ást

The Lake House er nýjasta mynd Söndru Bullock og Keanu Reeves en leikstjórinn er Alejandro Agresti. Myndin fjallar um einmana lækni, sem Sandra Bullock leikur, og arkitekt sem lifa í sama húsi með tveggja ára millibili en verða ástfangin í gegnum bréfa-skipti. Á dularfullan geta þau skrifast reglulega á þrátt fyrir að árið sé 2004 hjá einu þeirra en 2006 hjá hinu. Þarið reynir að komast að því hvað gerir samband þeirra svo sérstakt og freista þess að hitta hvort annað en við það er sambandinu stofnað í hættu.



THE LAKE HOUSE Reeves og Bullock eru stórgóðir leikarar og njóta sín í myndinni sem er með nokkuð óvenjulegan söguþráð.



BRYAN SINGER Stendur hér inn í líkani af Metropolis, heimaborg Súpermans. Singer hefur þegar fallist á að leikstýra annarri mynd um stálmanninn.

Bjargar Bryan Singer sumrinu?

Eftir frekar rýrt gengi sumarsmellanna í ár hingað til bindur Hollywood vonir við Superman Returns sem frumsýnd var í Bandaríkjunum í gær. Erfiðlega gekk að koma myndinni á koppinn en ef marka má gagnrýnendur þar vestra er útkoman betri en menn þorðu að vona og enn ein rósín í hnappagat leikstjórans Bryans Singer.

Gerð Superman Returns hefur verið samfelld þrautanga í áratug. Þrír leikstjórar höfðu verið fengnir í verkið, þeir Tim Burton, Brett Ratner og McG, en allir hættu þeir við þegar á hólminn var komið. Ófáir leikarar voru orðaðir við aðalhlutverkið, þar á meðal Nicholas Cage, Brendan Fraser, Jake Gyllenhaal og Hayden Christiansen en allir heltust úr lestinni þar sem hvorki gekk né rak að finna leikstjóra. Eftir að McG gekk úr skaftinu voru Warner Bros. orðnir úrkula vonar um að myndin yrði nokkurn tímann að veruleika, þegar Bryan Singer rak á fjórur þeirra.

Einlægur aðdáandi Súpermans Í viðtali við The Boston Herald segir Singer frá því að hann hafi verið á Hawaii ásamt samstarfsmönnum sínum að vinna að handritsdrögum að þriðju X-Men

myndinni, þegar Warner Bros. höfðu samband við hann og sögðu að þá vantaði nýjan leikstjóra fyrir Superman Returns. Hann hugsaði málið í nokkra daga og ákvað að slá til. Í kjölfarið þurfti hann að gefa þriðju X-Men myndina upp á bátinn en Brett Ratner, sem hafði einmitt verið fenginn til að leikstýra ofurmenninu, hljóp í skarðið.

Gagnrýnendur í Bandaríkjunum eru flestir á einu máli um að Singer hafi tekist vel til og endurnýjað ofurmennið líkt og Sam Raimi og Christopher Nolan gerðu fyrir Spiderman og Batman. Sjálfur hefur hann verið aðdáandi stálmansins frá blautu barnsbeini og hafði lengi langað til að sjá Súperman aftur á hvíta tjaldinu og fagnði því tækifærinu að fá að gera myndina sjálfur.

Farsæll ferill

Singer, sem er rúmlega fertugur, á að baki tiltölulega stuttan en að sama skapi farsælan feril. Hann sló í gegn með The Usual Suspects árið 1995, en í þeirri mynd komst Kevin Spacey, sem leikur Lex Luthor í Superman Returns, almennilega á kortið og hlaut meðal annars Óskarsverðlaun fyrir leik sinn. Næsta mynd hans, Apt Pupil, lét ekki mikið fyrir sér fara en er virkilega þess virði að bera sig eftir. Myndin, sem byggir á samnefndri smásögu eftir Stephen King, segir frá skólastrák sem er með seinni heimstyrjöldina á heilanum og kemst á snóir um gamlan nasista í hverf-



OFURMENNIN NÝJA Fjölmargir leikarar komu til greina en Singer vildi óþekkt andlit og fékk til liðs við sig leikarann unga Brandon Routh.

inu sínu. Strákurinn neyðir þann gamla til að rifja upp lífið í SS-sveitunum. Í Apt Pupil lágu leiðir Singers og Ian McKellen saman í fyrsta sinn en Singer fékk hann aftur til liðs við sig í hlutverk Magneto í X-Men myndunum.

Singer afþakkaði reyndar að leikstýra X-Men þegar 20th Century Fox fór þess fyrst á leit við hann, þar sem hann þekkti ekkert til myndasagnanna, en vinur hans taldi honum hughvarf. Rétt eins og Súperman hafði X-Men verið í vinnslu lengi en ekkert gekk. Singer henti öllum handritsdrögum sem til voru og endurskrifaði

söguþráðinn á viku og vann handritið eftir honum. Útkoman var einstaklega vel lukkuð sem og framhaldið, en sem dæmi má nefna valdi kvikmyndatimaritíð Empire X-Men II bestu kvikmyndaaðlögun á teiknimyndasögu fyrr og síðar. Allegórían um minnihlutahópa er áberandi í myndunum í X-Men, en Singer er hommi og segir að sú reynsla að tilheyra minnihlutahópi hafi tvímælalaust sett svip sinn á handritið.

Áhersla á persónusköpun

Myndir Singers eiga það sameiginlegt að mikið er gert úr persónusköpun; til dæmis eiga The Usual Suspects og X-Men það sameiginlegt að vel er unnið úr fjölbreyttu persónugallerfí og sálfræðistríði í Apt Pupil sver sig í sömu ætt.

Þótt fyrstu aðsóknartölur verði ekki kunnugjörðar fyrr en eftir helgi telja Warner Bros. sig hafa veðjaða á réttan hest því Singer hefur þegar verið fenginn til að leikstýra annarri mynd um ofurmennið og er gert ráð fyrir að hún komi út árið 2009. Hann hvílir sig hins vegar á myndasöguhetjunum í millitíðinni því á næsta ári kemur myndin The Mayor of Castro Street út. Hún fjallar um Harvey Milk, fyrsta hommann sem vitað er til að hafi verið kjörinn borgarfulltrúi í San Francisco, en árið 1982 skaut annar borgarfulltrúi hann til bana.


Superman Returns verður frumsýnd á Íslandi 14. júlí.

bergsteinn@frettabladid.is

PEUGEOT

LJÓNHEPPNI NÚNA

PEUGEOTLÍANAN Á FRÁBÆRU VERÐI



**KOMDU STRAX
TAKMARKAD
FRAMBOD**

www.peugeot.is

Veldu skemmtilegasta, snarpasta og sætasta ljónið á veginum eða þá eiginleika sem þér þykja bestir. Peugeot hefur þá alla; stórglæsilegan stíl, frumlega hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseginnleika. Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið.



BERNHARD
BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

Afmælishátíð um allt

Þér og þjóðinni allri er boðið í 120 ára afmælisveislu Landsbankans laugardaginn 1. júlí. Hvort sem þú verður í höfuðstaðnum eða á ferðalagi um landið þarftu ekki að missa af afmælinu því við höldum upp á það með samræmdu sniði í miðborg Reykjavíkur og við 13 útibú víðs vegar um landið. Um er að ræða fjölskylduhátíð með fjölbreyttum skemmtiatriðum, veitingum, risafótboltum og gjöfum.

Hátíðardagskrá í miðborginni

12.00 Afmælishátíðin hefst

- Framtíðarskipulag miðborgarinnar ásamt líkani Ólafs Elíassonar sýnt á Lækjartorgi
- Leiktækjaland og hoppkastalar fyrir börnin
- Fótboltaleikir með risafótboltum á Austurvelli
- Götuleikhús víðs vegar um hátíðarsvæðið
- Andlitsmálun

12.30 Afmælisveitingar fyrir alla

- 120 m² afmælisbaka í Austurstræti
- Pylsur á Austurvelli
- Drykkjarföng við allra hæfi

13.00 Dagskrá hefst á Ingólfstorgi

- Ávarp Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs.
- Ávarp Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, borgarstjóra Reykjavíkur.
- Kvinnakór Reykjavíkur og barnakór syngja afmælissönginn – samtímis syngja kórar við útibú Landsbankans á landsbyggðinni.

13.30 Tónlistarveisla

- Sproti tekur lagið með Felix Bergssyni, veislustjóra.
- Brot úr 120 ára dægurlagasögu Íslands. Stórsveit Kjartans Valdemarssonar ásamt mörgum af okkar ástsælustu söngvurum: Jónsi, Raggi Bjarna, Sigga Beinteins, Bergþór Pálsson, Hera Hjartardóttir, Sverrir Bergmann og Halla Vilhjálms.

- **NYLON** flokkurinn kemur heim frá Bretlandi og flytur sín þekktustu lög.

15.00 Listamenn og leikmenn í Landsbankadeildinni sparka fótboltum til áhorfenda.


15.15 Lúðrasveitin Svanur ásamt þýskri lúðrahljómsveit.

Afmælið heldur áfram í miðbænum!

- Götuleikhús og leiktæki
- Fótbolti á Austurvelli með risaboltum
- Afmælisbaka og pylsur fyrir alla

17.00 Dagskrárlök

- 1 RISA afmælisbaka í Austurstræti. 120 fermetrar!
 - 2 Tónlistarveisla á Ingólfstorgi
 - 3 Fótboltavöllur á Austurvelli, afmælisgestir fá að spreyta sig með RISA fótbolta
 - 4 Pylsur fyrir alla
 - 5 Hoppkastalar og leiktæki
 - 6 Sýning á fyrirhuguðu tónlistar- og ráðstefnuhúsi/hótelu
- 😊 Andlitsmálun og götuleikhús á ferð um svæðið
- ! Leiksvæði fyrir börn sem verða viðskila við foreldra



Kort af hátíðarsvæði Landsbankans í Reykjavík

land 1. júlí!



Helstu dagskráratriði á landsbyggðinni

- 1 Keflavík**
Bríet Sunna úr Idolinu
Hljómsveitin *hjálmur*
- 2 Akranes**
Stebbi Hilmar tekur lagið
Kári Steinn og Bjarki, leikmenn ÍA, stjórna
RISA fótboltaleik
- 3 Ólafsvík**
Söngdúettinn Tveir á milli flytur lög
og börn úr Tónlistarskóla Snæfellsbæjar syngja
Hattur og Fattur mæta á svæðið
- 4 Ísafjörður**
Baldur Geirmundsson harmónikuleikari
Atriði úr Dimmalimm
Fjöllistahópurinn Morrinn
- 5 Skagaströnd**
Eygló Amalía Valdimarsdóttir flytur lög
og Jón Ólafur og Hugrún spila á gítar og fiðlu
Púttkeppni
- 6 Sauðárkrókur**
Geirmundur Valtýsson
Harmónikuleikur
- 7 Akureyri**
Snorri Idolstjarna og Vignir Snær
Birgitta Haukdal
- 8 Húsavík**
Tónlistaratriði frá Tónlistarsmiðjunni. Unglingar
á aldrinum 13–18 ára syngja lög undir stjórn
Önnu Soffíu Halldórsdóttur og Elvars Bragasonar.
- 9 Egilsstaðir**
Hljómsveitin Ísafold
Tinna Björk úr Idolinu og Hafþór troða upp
Hljómsveit Einaris Braga, Bjartar og Helga leika og syngja
- 10 Reyðarfjörður**
Sigfús Ólafur úr Idolinu og Benedikt syngja og spila
Svanhvít, Bergey og Díana taka lagið
- 11 Hornafjörður**
Tónlistarflutningur undir stjórn Jóhanns Moroveks
Kassabílarallý undir stjórn Gunnars Helgasonar
og Bárðar úr Stundinni okkar
- 12 Hvolsvöllur**
Trillurnar sjá um tónlistar- og skemmtiatriði
Fjöldasöngur
Barna Idol-keppni
- 13 Selfoss**
Guðrún Gunnars og Friðrik Ómar taka lagið
Halla Dröfn Jónsdóttir syngur lög
Fimleikasýning frá Fimleikadeild
Ungmennafélags Selfoss
Götuleikhúsið

Á öllum hátíðum verða eftirtalin atriði:

- Ávarp Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðs, sýnt beint í útibúum um allt land
- Kórar syngja afmælissönginn samtímis á öllum hátíðum
- Knattspyrnuleikir með risafótboltum
- Andlitsmálun og gjafir fyrir börnin
- Afmæliskaka fyrir alla
- Pylsur og drykkjarföng
- Hoppkastalar og leiktæki



Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Tískuvikan í Mílanó fer vel af stað



FOOTLOOSE Dansmyndin Footloose er í guðatölu hjá mörgum yngri dönsurum og vonandi býður söngleikurinn upp á góðan dans og söng. MYND/BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR

Footloose frumsýnt

Söngleikurinn Footloose verður frumsýndur í kvöld í Borgarleikhúsinu. Úrvalsleikarar og frábærir dansarar koma fram í sýningunni og gaman verður að sjá hvernig leikstjóranum Unni Ösp Stefánsdóttur og Þorvaldi Bjarna tónlistarstjóra tekst að móða úr efninu. Með aðalhlutverk fara Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Halla Vilhjálmsdóttir, ásamt Jóhanni Sigurðssyni og Guðlaugu Elísabetu Ólafsdóttur.



EMPORIO ARMANI Þessi jakkaföt eru glæsileg í sniðinu og eru skyrtan, bindið, klúturinn og fötin öll í sama ljósgráa litnum.



ANTONIO MARRAS Skemmtileg samsetning frá þessum ítalska hönnuði. Hermannabuxur og herralegur klæðnaður með öllu tilheyrandi að ofan.



VIGALEGUR Hönnunartvíeykið Dolce&Gabbana lét sig ekki vanta á tískuvikuna enda Mílanó heimaborg þess. Flottar óþvegnar gallabuxur, með ljósgrárrí og fjólublárrí peysu og skyrtu sem passar vel við.



MEGA STRÁKAR VERA Í BLEIKU? Þessi skemmtilegi hversdagsfatnaður er úr smíðju Emporio Armani. Ljósgráar buxur, svört mynstruð skyrtu og bleik hneppt peysa í stíl við bleika íþróttaskór.



STUTTBUXUR Þær verða mikil tískubóla næsta sumar ef marka má hönnun Miuccia Prada. Næstum því hver einasta fyrirsæta á sýningunni klæddist stuttbuxum. Hér skemmtileg litasamsetning, ljósgrátt og gult.



VERSACE Donatella, systir Gianni Versace, hannar nú herralinu merkisins og hefur henni tekist vel til. Ljós brún jakkaföt með æpandi gulu bindi og ljósblárrí skyrtu. Settlegt og fint.

Þessa stundina stendur tískuvika yfir í Mílanó. Helstu hönnuðir heims eru samankomnir í tískuborginni til að sýna herrafatnað fyrir vor/sumar '07.

Kannski er ótímabært að fjalla um næsta sumar þegar þetta er varla byrjað en fatahönnuðir eru vanir að vinna eitt ár fram í tímann og er því eins gott að vera með frjóa hugsun. Hönnuðir á borð við Miuccia Prada, Gianni Versace, Alexander McQueen og Antonio Marras voru meðal þeirra hönnuða sem sýndu listir sínar og samkvæmt þeim verður herratískan bæði litaglaðari og tilraunakenndari næsta sumar. Stuttbuxur, síðir frakkar og axlabönd koma fram hjá mörgum hönnuðum. Ljósgrár og ljósbrúnn voru allsráðandi í bland við æpandi skæra liti á borð við bleikan, gulan og fjólubláan. Buxurnar eru að verða víðari aftur og fóru margir hönnuðir aftur í tímann með tvíhnepptum jökkum og axlaböndum.

alfrun@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

útsala

allt að **70%** afsláttur

oasis

KRINGLAN SÍMI 553 5111 | SMÁRALIND SÍMI 554 7980 | DEBENHAMS SÍMI 522 8061



útsala

allt að **70%** afsláttur

COAST SMÁRALIND SÍMI 554 5111



SKÓLASTRÁKUR

Þessi fatnaður er úr smíðju Gianfranco Ferré. Víðar gallabuxur með axlaböndum, ljósblá skyrtu og derhúfa í stíl.

Guðrún og Friðrik Ómar skemmta sér

Þau Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar Hjörleifsson senda frá sér sína aðra plötu, *Ég skemmti mér í sumar*, á föstudag á vegum Senu.

Platan er eins konar framhald af plötunni *Ég skemmti mér*, sem sló í gegn fyrir síðustu jóla og varð ein af söluhæstu plötunum árið 2005.

Nú er áherslan aftur á móti lögð á sumarlög frá árunum 1950-1975 og eru endurvaktar tólf af yinsælustu dægurperlunum sem Íslendingar hafa sungið og trallað með síðan þá. Má þar nefna Óbyggðaferð, *Ég vil fara upp í sveit* og *Því ekki að taka lífið létt?*



GUÐRÚN OG FRÍÐRIK Guðrún Gunnarsdóttir og Friðrik Ómar Hjörleifsson hafa sent frá sér plötuna *Ég skemmti mér í sumar*.

Tónlistarmaðurinn Ólafur Gaukur útsetti lögin á einkar skemmtilegan hátt, líkt og á fyrri plötunni. Jafnframt stjórnar hann upptökum.

Rose laus úr haldi

Axl Rose, söngvari rokksveitarinnar Guns N' Roses, hefur verið sektaður eftir að hafa játað sig sekan um að hafa ráðist á öryggisvörð og framið skemmdarverk á hóteli í Stokkhólmi.

Honum hefur nú verið sleppt úr haldi lögreglu en þarf að borga um hálf milljón króna í sekt fyrir skemmdarverkin. Hann þarf einnig að borga um 120 þúsund krónur í skaðabætur eftir að hafa bitið öryggisvörð á hótelinu í fötinn.

Að sögn sænsku lögreglunnar var Rose, sem er 44 ára, of fullur til að tala við lögregluna þegar hann var handsamaður. Rose er eini upphaflegi meðlimur Guns N' Roses sem enn leikur með sveitinni. Hljómsveitin sló í gegn á níunda áratugnum með lögum á borð við



AXL ROSE Söngvari Guns N' Roses er laus úr haldi lögreglunnar í Stokkhólmi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Welcome to the Jungle, Paradise City og Sweet Child O Mine.

Lára með tónleika

Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir heldur tónleika á Grand Rokk í kvöld. Lára mun spila efni af nýjustu plötu sinni *Þögn* ásamt hljómsveit sinni. Einnig mun söngkonan Lay Low koma fram.



LÁRA

Þögn er önnur sólóplata Láru og er hún gefin út undir merkjum Dennis Records. Á plötunni er að finna tólf frumsamin lög og texta eftir Láru.

Tónleikarnir á Grand Rokk hefjast klukkan 22.00 og er aðgangseyrir enginn.



HAIRDOCTOR Hljómsveitin Hairdoctor spilar á sumartónleikaröð í kvöld.

Tvennir tónleikar

Hljómsveitirnar Hairdoctor og Skakkamange koma fram á sumartónleikaröð Reykjavík Grapevine og Smekkleysu í kvöld.

Hairdoctor spilar fyrst í Gallerí Humri eða frægð klukkan 17.00 og er ókeypis inn. Klukkan 21.00 spila síðan Hairdoctor og Skakkamange á Café Amsterdam. Aðgangseyrir er 500 krónur. Tónleikaröðin, sem er haldin í samvinnu við Rás 2, stendur yfir til sjöunda september.

ÚTSALA
allt að 90% afsláttur

TOPSHOP TOPMAN

SMÁRALIND | 522 8383

Nýtt í bíó
VINSÆLASTA MYNDIN Í BANDARÍKJUNUM Í DAG!

CLICK
ADAM SANDLER
Ef þú ættir fjarstýringu sem gæti stýrt lífi þínu? Hverju myndir þú breyta? Myndir þú breyta heiminum með henni...eða gera eitthvað annað.
ADAM SANDLER, KATE BECKINSALE OG CHRISTOPHER WALKEN
Í FYNDHUSTU GAMANMYND ÁRSINS

JUST MY LUCK
Hún var heppnasta stelpa í bænum þangað til drauma-prinsinn eyðilagði allt!
Frábær unglinga gamanmynd með Lindsey Lohan í fantafórm!
FM957

R.V.
Komdu í fyndnasta ferðalag sumarsins.
Fór beint á toppinn í USA
1 FJÖLSKYLDA. 8 HJÓL. ENGAR BREMSUR

DA VINCI CODE
2000. KR. AFSLÁTTUR FYRIR NY FÉLAGA

THE OMEN
Á GÍDEGI 6. MÁNADARÁRÍÐ 2006 MUN DAGUR HANS KOMA. ÞORIR ÞU Í BÍÓ

51.000 MANNS

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000
CLICK kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
CLICK SÝND Í LÚXUS kl. 3, 5.30, 8, 10.30 B.L. 10 ÁRA
JUST MY LUCK kl. 5.40, 8 og 10.20
R.V. kl. 3.40, 5.50, og 8
X-MEN 3 kl. 10.10 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI CODE kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M / ISL. TALI kl. 4
ÍSÖLD M / ISL. TALI kl. 3.40

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000
CLICK kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA
JUST MY LUCK kl. 5.40, 8 og 10.20
R.V. kl. 5.50
TAKE THE LEAD kl. 8
DA VINCI CODE kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA
THE OMEN kl. 10.30 B.L. 16 ÁRA

Bangarabíó SÍMI 462 3500
CLICK kl. 8, 10:10 B.L. 10 ÁRA
FAST AND THE FURIOUS: TD kl. 8 og 10:10 B.L. 12 ÁRA
JUST MY LUCK kl. 6
R.V. kl. 6

400 kr. í bíó!
Gæti á allar spjallir!
Sagnþegnum styrkt með rauðu

Dolby Digital, THX, BÍÓ IS - allt á einum stað

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus
SÍMI 553 2075
KRAFTMESTA HASARMYND ÁRSINS

FAST AND THE FURIOUS: TOKYO DRIFT
EINA LEIÐIN TIL AD VINNA ER AD MISSA STJÓRNINA
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15-POWER B.L. 12

hvað ef þú ættir fjarstýringu...
...sem gæti stýrt lífi þínu?
ADAM SANDLER
CLICK
Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10:15


STAY ALIVE
Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 14

15 BLOCKS
Sýnd kl. 4 og 6 B.L. 14

www.laugarasbio.is

Miðaslagur hefst í dag

Miðasala á tónleika Nick Cave, sem fram fara í Laugardalshöll laugardaginn 16. september, hefst í dag.



Nick Cave kemur fram ásamt hljómsveit sem er skipuð Bad Seeds-meðlimunum Martyn P. Case, Jim Scavunos og Warren Ellis.

Um er að ræða sitjandi tónleika og verða aðeins seldir miðar í númeruð sæti. Einungis verða um 2500 miðar í boði svo búast má við að slegist verði um þá. Miðaverð í sal er 6.500 krónur, auk 440 kr miðagjalds, en 5.500 krónur í stúku, auk 380 kr miðagjalds.

Síðast þegar Nick Cave hélt tónleika hér á landi komust færri að en vildu jafnvel þó að boðið væri upp á tvenna tónleika. Báðir tónleikarnir þóttu enda afar eftirminnilegir.

Miðasalan hefst klukkan 10 og fer fram á midi.is, í Skífunni og BT á Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

NICK CAVE Tónlistarmaðurinn heimsþekkti, Nick Cave, heldur tónleika í Höllinni 16. september.



HAM Rokksveitin Ham, sem lagðist í dvala árið 1994, heldur tónleika á Nasa í kvöld.

MYND/GUNDI

Lofar svakalegum tónleikum

Hljómsveitin Ham heldur tónleika á skemmtistaðnum Nasa í kvöld, mörgum íslenskum rokkurum til mikillar gleði.

Síðast spilaði sveitin á Hættatónleikunum í Höllinni þann 7. janúar en þar áður hitaði hún upp fyrir Rammstein fyrir fimm árum eftir að hafa lagst í dvala árið 1994.

„Þetta verður svakalegt,“ segir Sigurjón Kjartansson, söngvari og gítarleikari Ham, sem lofar hörkutónleikum í kvöld. „Við erum búnir að vera æfa fyrir þessa dagsetningu og þetta lítur vel út. Aðdragandinn að þessum tónleikum hefur tekið kannski fjögur til fimm ár.

Það má segja að hlutir sem við gerum mælist frekar í árum heldur en vikum, við erum komnir á þann aldur. Það er oft dálítið erfitt að koma mönnum saman,“ segir Sigurjón.

Ham mun spila nýja lagið sitt, Sviksemi, á tónleikunum en langt er síðan síðast heyrðist nýtt efni frá sveitinni. „Þetta er fullkomlega klassískt Ham-lag. Það er ekki hægt að lýsa því öðruvísi,“ segir Sigurjón. Samdi hann lagið sjálfur en textann samdi hann með Óttarri Proppé. „Það hefur eiginlega allt sem gott Ham-lag þýðir. Ég er mjög ánægður með það.“

Sigurjón vill ekki lofa því að annað nýtt lag verði spilað í kvöld, það eigi eftir að koma í ljós. Sveitin hafi engu að síður samið nokkur lög og stefni á að gefa þau út síðar meir á nýrri plötu, sem yrði önnur hljóðversplata Ham. „Það vantar dálítið þessa virkilega góðu Ham-plötu en ég get engu lofað um hvenær hún verður gerð og hvenær hún kemur út,“ segir Sigurjón, sem segist vera opin fyrir frekara tónleikahaldi með hljómsveit sinni.

Hljómsveitin 9/11's hitar upp á Nasa í kvöld. Miðasala á tónleikana fer fram á midi.is, í Skífunni og BT.

Þekkt nöfn á Innipúkanum

Hljómsveitirnar Television og Throwing Muses eru á meðal þeirra sem munu koma fram á tónlistarhátíðinni Innipúkanum sem verður haldin á Nasa dagana 4. til 6. ágúst.

Television var stofnuð í New York í byrjun áttunda áratugarins og telst til goðsagna í listrokkgeiranum. Margr þekktar sveitir hafa litið upp til Television, þar á meðal The Strokes, Sonic Youth og hin íslenska Kimono.

Indísveitin Throwing Muses kemur frá Boston og varð til árið 1981 þegar hálfysturnar Kirstin Hersh og Tanya Donelly byrjuðu að gutla saman. Sveitin varð sú fyrsta frá Bandaríkjunum til að fá samning hjá Lundúnarmerkinu 4AD, en samferðarmenn Throwing Muses frá Boston, The Pixies, bættust bráðlega í hópinn.

Á meðal fleiri nafna sem koma fram á Innipúkanum eru Mugison,



TELEVISION Hljómsveitin goðsagnakennda, Television, spilar á Innipúkanum um verslunarmannahelgina.



MUGISON Tónlistarmaðurinn Mugison spilar á Innipúkanum.

Jakobínarína, Hjálmar, Ég, Mammút, Ampop, Jeff Who?, Speaker Bite Me, Solex og Jomi Massage.

Innipúkinn er nú haldinn í fimmta sinn í miðborg Reykjavíkur og er tilgangurinn að bjóða upp á góða tónlist í Reykjavík á meðan útihátíðir standa yfir um verslunarmannahelgina. Tónleikar hefjast alla dagana klukkan 18 og stendur gleðin fram á rauða nótt

alla dagana.

Miðasala á hátíðina hefst í dag klukkan 10 á midi.is og í verslun Hive, auk Skífuverslana og BT á landsbyggðinni. Hægt verður að kaupa passa á alla hátíðina og einstaka daga líka. Passi kostar 5.900 kr. auk miðagjalds og dagspassi kostar 2.600 kr. auk miðagjalds. Nánari upplýsingar má finna á www.innipukinn.is.

Heineken
DJAMMIÐ UM HELGINA:

GRAND ROKK
HM Í BEINNI
Efri hæðin á breiðtjaldi
Ísköld stemning

Heineken.is
Allt um djammíð

FRÁ FRAMLEIÐENDUM
"THE INCREDIBLES" & "LEITIN AÐ NEMO"

SAMÍÐIÐ

Disney PICTURES PRESENTS THE ZEXAR
Bílar

ALFABAKKA	KRINGLUNNI	KEFLAVÍK	HÁSKÓLABÍÓ
BÍLAR ísl. tal KL. 1:30-3-5:30-8 CARS enskt tal KL. 3-5:30-8-10:30 CARS enskt tal VIP KL. 4:15-8-10:30 SLITHER KL. 8-10:30 KEEPING MUM KL. 3:30-5:45-8-10:20 SHE 'S THE MAN KL. 3:30-5:45-8-10:20 POSEIDON KL. 5:30-10:30 BAMBI 2 ísl. tal KL. 1:30	BÍLAR ísl. tal KL. 4-6:30 *CARS enskt tal KL. 4-5:30-8-9-10:30-11:15 SLITHER KL. 10:30 B.I. 16 *POSEIDON KL. 6:10 B.I. 14 *MISSION IMPOSSIBLE 3 KL. 8 B.I. 14 *SÝNDAR Í STAFRENNI ÚTGÁFU. MYND OG HLJÓÐ	BÍLAR ísl. tal KL. 5:45-8 KEEPING MUM KL. 10:10 SHE 'S THE MAN KL. 5:45-8 16 BLOCKS KL. 10:15 B.I. 12 B.I. 14 AKUREYRI BÍLAR ísl. tal KL. 6-8 CARS enskt tal KL. 6-8-10 SLITHER KL. 10 B.I. 16	CARS enskt tal KL. 6-8:30-11 BÍLAR ísl. tal KL. 6-7:15-8:30 KEEPING MUM KL. 6-8:20-10:30 B.I. 12 POSEIDON KL. 6:10-8:20-10:30 B.I. 14 MI:3 KL. 9:30-11 B.I. 14

ALFABAKKI S: 587-8900 AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170 KRINGLAN S: 588-0800 HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngvarinn Eric Benet segir að fyrrum eiginkona sín, leikkonan **Halle Berry**, ljúgi blákalt þegar hún heldur því fram að hann hafi haldið framhjá henni 27 sinnum. Berry segist ekki vilja greiða fyrrum eiginmanni sínum peninga sem þau hafi samið um enda finnst henni það ekki við hæfi í ljósi framhjáhalds hans. Benet er ósáttur við að Berry skuli básúna



einkamál þeirra í fjölmiðlum og hefur beðið hana að hætta því.

Anna Nicole Smith vill ekki tjá sig um andlát helsta andstæðings síns í baráttunni um auðævi fyrrum eiginmanns hennar. Eins og kunnugt er giftist Anna Nicole milljarðamæringnum J. Howard árið 1994 þegar hún var 26 ára og hann 89 ára. Síðan hann lést árið 1995 hefur Anna átt í harðri baráttu um auðævi hans í dómssólum við stjúpson



Howard, Pierce, en hann lést sjálfur í síðustu viku. Anna Nicole segist, af virðingu við fjölskyldu hins látna, ekki ætla að tjá sig um málið í fjölmiðlum.

Söngkonan **Britney Spears** segist njóta þess mun meira að vera ólétt í þetta skiptið, enda hafi hún nú lært hvernig eigi að forðast paparazzi-ljósmyndara sem fylgja henni hvert sem hún fer. Þegar Britney gekk með



soninn Sean Preston í fyrra þorði hún varla út úr húsi vegna ljósmyndaranna en það er allt breytt. „Nú kann ég þetta. Ég fer í minnst þrjá göngutúra á dag og nýt þess að vera með syni mínum í friði," segir Britney.

Tom Cruise ætlar ekki að dreifa myndum af dóttur sinni Suri til fjölmiðla. Ástæða þess er



sú að Vísindakirkjan, sem hann tilheyrir, leyfir slíkt ekki. Tom og heitkona hans Katie Holmes eignuðust dóttur í apríl en hafa enn ekki látið sjá sig saman. Reglur Vísindakirkjunnar banna að farið sé út úr húsi með ungabörn nema brýna nauðsyn beri til og því heldur Tom sig að mestu að heima með dótturinni.

útsalan er hafin

SAND

W O M A N

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141

NEW YORK DUBLIN BERLIN VIENNA ZÜRICH MOSCOW WARSAW MADRID STOCKHOLM OSLO HELSINKI PARIS LONDON AMSTERDAM COPENHAGEN EDINBURGH REYKJAVÍK



Freyr hættur hjá Fram

Freyr Karlsson hefur fengið sig lausan frá 1. deildarliði Fram en hann hefur ekki átt fast sæti í liðinu það sem af er tímabili. Freyr er uppallinn hjá Fram og kom aftur til liðsins frá Þrótti fyrir tímabilið en hann á fjölmarga unglíngalandsleiki að baki. Hann er annar leikmaðurinn á nokkrum dögum sem hættir hjá Fram en hinn er Andri Fannar Ottósson.

sport
sport@frettabladid.is

ÁSTA ÁRNADÓTTIR LEIKMAÐUR VALS: VALIN BEST Í UMFERÐUM 1-7 Í LANDSBANKAÐEILD KVENNA

Hef aldrei spilað betur en í sumar

Ásta Árnadóttir, varnarmaður Vals, var í gær útnefnd besti leikmaður umferða 1-7 í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu. Ásta hefur bundið vörn Valsstelpna frábærlega saman, en liðið sópaði að sér verðlaunum í gær. Elísabet Gunnarsdóttir var valin besti þjálfarinn og stuðningsmenn Vals fengu stuðningsmannaverðlaunin. „Ég get ekki sagt það að ég hafi átt von á þessu en þetta kom mér skemmtilega á óvart. Ég veit ekki hvort það hafi komið á óvart hversu mörg verðlaun við fengum en ég tel að við eigum þetta allar skilið. Við erum í

skýjunum með gengi okkar í sumar og vonandi náum við að halda þessu áfram,” sagði Ásta. Þessi snjalli varnarmaður hefur sínar eigin skoðanir á deildinni í sumar, sem hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. „Maður hélt að deildin væri að jafnast út eftir tímabilið síðasta sumar en því miður

hefur það ekki gerst. Deildin er mjög ójöfn og það er ótrúlegur munur á liðunum. Það hefur líka verið mjög mikið af mörkum og þrátt fyrir að markatala okkar sé varla eðlileg er alltaf gaman að skora mikið af mörkum. En það væri óskandi að þetta væri jafnara,” sagði Ásta. Lið umferðanna var svona skipað: Markmaður: Þóra B. Helgadóttir (Breiðablik), Varnarmenn: Ásta Árnadóttir (Valur), Málfriður Erna Sigurðardóttir (Val) og Guðný B. Óðinsdóttir (Val). Miðjumenn: Katrín Jónsdóttir (Val), Rakei Logadóttir (Val), Hólmfríður Magnúsdóttir (KR) og Vanja Stefanovic (Breiðablik). Framherjar: Nína Ósk Kristinsdóttir (Keflavík), Margrét Lára Víðarsdóttir (Val) og Greta Mjöll Samúelsdóttir (Breiðablik).



> Roeder skoðar Keflvíkina

Glenn Roeder, knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarliðsins Newcastle, ætlar að fylgjast með leik Keflavíkur og Lilleström í 2. umferð Intertoto-keppninnar á laugardag, en þá eigast liðin við í Noregi. Eins og kunnugt er mun sigurvegurinn úr einvíginu mæta Newcastle í næstu umferð keppninnar og sagði Roeder við opinbera heimasíðu Newcastle að liðið ætlaði sér að vera vel undirbúið fyrir leikina, hvort sem þeir verða gegn Keflavík eða Lilleström. „Þessi keppni er mjög mikilvæg því hún gefur okkur leið inn í UEFA-keppnina,” segir Roeder.



Fyrirliði kvennaliðs FH:

Erum leiðar á slæma genginu

FÓTBOLTI Kvennaliði FH hefur gengið afleitlega í sumar og aðeins skorað tvö mörk en fengið á sig fimm tíu í sjö leikjum. Hrönn Karólína Hallgrímsdóttir er fyrirliði FH, en hún er nítján ára gömul og elsti leikmaður liðsins fyrir utan tvær stúlkur frá Serbíu.

„Það minnkar sjálfstraustið að tapa alltaf svona stórt en maður reynir að peppa sig upp. Það er vissulega erfitt að gera það en við gerum hvað við getum og reynum að þjappa höpnum saman með því að hittast fyrir leiki og slíkt,” sagði Hrönn.

„Það verður að viðurkennast að maður er orðinn leiður á því hversu illa gengur en við vonumst til að gera betur og við verðum bara að rífa okkur upp. Markmið okkar er að ná 7. sætinu og komast í umspilið,” sagði Hrönn.

www.sturta.is
allan sólarhringinn!
Staðilegur!!!
Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566

Við þurfum að styrkja grunninn

Geir Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri KSÍ, segir að grunninn í íslenskri kvennaknattspyrnu þurfi að styrkja. Hann hefur áhyggjur af fjölda erlendra leikmanna í mjög ójafnri Landsbankadeild kvenna í ár.

FÓTBOLTI Spennan í Landsbankadeild kvenna í ár er mjög lítil eftir sjö umferðir, þar sem minni liðin hafa ekki átt neina möguleika gegn þeim sem ofar eru. Búið er að skora 177 mörk í leikjunum 28, eða 6,32 mörk að meðaltali í leik.

Vanda Sigurgeirsdóttir lýsti yfir áhyggjum sínum á þróun íslenskrar kvennaknattspyrnu í Fréttablaðinu í gær og kallaði eftir breytingum á fyrirkomulagi deildarinnar.

„Það hafa oft komið tillögur um að fækka í deildinni vegna þessa mikla getumuns sem er á liðum, en hvort að breytt mótafyrirkomulag leysi vandamálið veit ég ekki. Það kemur þó alveg til greina að breyta því. Að allir spili við alla í tvöfaldri umferð er algengasta mótafyrirkomulagið og viðurkennt á heimsvísu. Þetta þarf auðvitað að skoða en knattspyrnusambandið er mjög íhaldsöm hreyfing og þar af leiðandi ekki mikið fyrir breytingar,” sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdarstjóri KSÍ við Fréttablaðið í gær.

„Það er auðvitað okkar ásetningur að reyna að halda úti átta liða deild en við gerum okkur grein fyrir því að það þarf að styrkja grunninn í íslenskri kvennaknattspyrnu. Grunnurinn hefur breikkað en við horfum bjartir til framtíðar,”



LANDSBANKAÐEILD KVENNA Hefur ekki verið spennandi í sumar, en til marks um hversu ójöfn hún er vann Valur slaginn gegn Breiðabliki í einvígi tveggja efstu liðanna, 4-1. Liðin í neðri helmingi deildarinnar hafa ekki náð að skáka þeim sem ofar eru. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

sagði Geir.

Fimm títill erlendir leikmenn eru skráðir á heimasíðu KSÍ í liðin átta og hefur Geir áhyggjur af fjölgun þeirra í deildinni. „Ahrifa erlendra leikmanna er farið að gæta meira en áður, líklega vegna þess að kröfurnar fara að aukast og lið vilja styrkja sig sem mest. Erlendu leikmennirnir eru fleiri en áður og

við hljótum að vilja byggja sem mest upp á okkar eigin leikmönnum og okkar uppeldisstarfi. Það er einfaldasta og ódýrasta aðferðin og að mínu mati er þetta ekki jákvæð þróun,” sagði Geir, en auk þess hafa stóru félögin fengið til sín alla bestu leikmenn minni liðanna sem gera liðin ójafnari fyrir vikið.

„Bestu liðin vilja að sjálfsögðu fá bestu leikmennina til sín, auk efnilegustu leikmannanna, það er ákveðin þróun sem hefur átt sér stað og hefur að manni finnst verið of mikið um. Við viljum hafa breiddina sem mesta og fá fleiri góða leikmenn upp. Við erum að vonast til þess að þessi mikla aukning sem hefur verið í kvennaknattspyrnunni muni skila sér í meiri breidd en því miður hefur það verið þannig í kvennaknattspyrnunni undanfarið ár að eitt til tvö lið keppa um titilinn, það er alltof lítið. Það er lítil breyting á þessu,” sagði Geir, sem finnst skemmtanagildið þó ekki hafa minnkað.

„Ég held að skemmtanagildið hafi ekki minnkað. Flestir leikmannanna eru orðnir betri en vissulega er skemmtanagildið ekki mikið þegar svona mikill getumunur er á liðum eins og hefur sýnt sig í sumar. Flest liðin eru betri en þau voru, það er klárt. Þróunin er hæg og við verðum að vera þolinmóð. KSÍ hefur sýnt það í verki að við höfum brúað bilið á milli karla og kvennaknattspyrnunnar, til að mynda með því að jafna verðlaunaféð. Við verðum að sýna þolinmæði í þessu eins og mörgu öðru,” sagði Geir Þorsteinsson.

hjalti@frettabladid.is

Klæjar þig í tærnar?

Gætu það verið fóttsveppir?

Hlaup, krem og úði

LAMISIL[®]
TERBINAFINE

...einu sinni á dag í viku drepur fóttsveppinn

Það er engin ástæða til að láta sér liða illa á besta tíma ársins. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Lamisil er borið á einu sinni á dag í eina viku. Hreinsið og þurrkið sýkt svæði vel áður en Lamisil er borið á. Bera skal Lamisil á í þunnu lagi á sýkta húð þannig að það þekji allt sýkta svæðið. Lamisil er milt og veldur mjög sjaldan húðertingu. Lamisil inniheldur terbinafin sem er sveppadreppandi (fungisíð) efni og vinnur á sveppasýkingum í húð af völdum húðsveppa, gersveppa og litbrigðamyglu (“lífrarbrúnir blettir”). Lamisil á ekki að nota gegn sveppasýkingum í hársverði, skeggi eða nöglum nema samkvæmt læknisráði. Það má ekki nota ef þekkt er ofnæmi fyrir terbinafini eða öðrum innihaldsefnum í Lamisil. Geymist þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningarseðil sem fylgir hverri pakkningu.



ALFREÐ GÍSLASON Tekur við Gummersbach strax í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Alfreð Gíslason tekur við Gummersbach:

HSÍ hefur forgang á Gummersbach

HANDBOLTI Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku mun Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari, taka við þýska úrvalsdeildarliðinu Gummersbach strax í sumar, ári fyrr en upphaflega var áætlað. Alfreð tekur til starfa þann 12. júlí næstkomandi og er samningsbundinn félaginu næstu fjögur árin.

Fram kemur í tilkynningu frá HSÍ í gær að samningur hafi tekist milli sambandsins og félagsins um að störf Alfreðs hjá sambandinu hafi forgang þegar kemur að

þátttöku landsliðsins á HM í Þýskalandi á næsta ári og í umspillsleikjum fyrir EM 2008 sem fram fara næsta vor.

Velimir Kljaic, núverandi þjálfari Gummersbach, mun hafa hætt af heilsufars- og fjölskylduástæðum. Undir hans stjórn vann liðið sér þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu næstkomandi vetur. Hjá liðinu leika Guðjón Valur Sigurðsson og Róbert Gunnarsson, auk þess sem Sverrir Björnsson mun ganga til liðs við félagið í sumar.

-esá



NÝ VERSLUN
NÝJAR VÖRUR
ENN MEIRA ÚRVAL
ERT ÞÚ BÚIN AÐ LÍTA VIÐ?



NEXT

KRINGLUNNI

551 3200



FARINN HEIM Poll mun ekki dæma meira á HM. NORDICPHOTOS/AFP

Dómgæslan í Þýskalandi: Poll og Ivanov sendir heim

FÓTBOLTI Enska dómariinn Graham Poll og rússneski dómariinn Valentin Ivanov eru meðal þeirra fjórtán dómara sem hafa verið sendir heim af heimsmeistaramótinu í Þýskalandi. Atvikið sem varð til þess að Poll fékk ekki að halda áfram varð í leik Ástralíu og Króatíu í riðlakeppninni þegar hann gaf Josip Simunic þrisvar snum gula spjaldid. Fyrir mótið var hann talinn meðal þeirra dómara sem líklegastir væru til að dæma úrslitaleikinn.

Ivanov setti nýtt met á HM þegar hann gaf gula spjaldid sextán snum og rauða spjaldid fjórum snum í leik Portúgals og Hollands. Hann er einn reyndasti dómariinn á mótinu en eftir frammistöðu sína í áður nefndum leik lét Sepp Blatter, forseti FIFA, hafa það eftir sér að réttast væri að spjalda hann sjálfan. Þess má geta að það verður Argentínudómariinn Horacio Elizondo sem mun dæma viðureign Englands og Portúgals á laugardag. - egm



REYNSLUMIKILL Eriksson er ánægður með að fá Neville aftur. NORDICPHOTOS/AFP

Enska landsliðið á HM: Neville með á laugardaginn

FÓTBOLTI Sven-Göran Eriksson, landsliðsþjálfari Englands, segir að hægri bakvörðurinn Gary Neville verði orðinn leikfær til að mæta Portúgal í átta liða úrslitum heimsmeistarakeppninnar á laugardag. Neville er einn reynslumesti leikmaðurinn í enska hópnunum en hann hefur ekki getað spilað með Englandi í þremur síðustu leikjum vegna meiðsla.

„Hann var með á miðvikudagsæfingunni og allt var í sómanum. Hann fann ekkert fyrir meiðslum eftir æfingu og ég reikna því með að hann spili á laugardag. Það verður frábært að fá hann aftur og reynsla hans gæti orðið okkur mikilvæg,“ sagði Eriksson en Owen Hargreaves og Jamie Carragher hafa verið að spila hægri bakvörðurinn síðustu leiki. - egm

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.

Baðlegur!!!

Sími: 565-5566

sturta.is

Dómgæslan í sviðsljósinu á HM

Dómarar hafa verið áberandi í umfjöllun um heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Aldrei áður hefur fleiri gulum og rauðum spjöldum verið lyft á loft í einni og sömu keppninni og mörgum finnst að mistök dómara hafi verið of afdrifarík. Ekki er þó nein alvörulausn í sjónmáli eins og ástandið blasir við nú.

FÓTBOLTI Dómararnir á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu hafa verið mikið í sviðsljósinu í keppninni og í ár. Aldrei áður hefur spjöldum verið jafn oft lyft á loft og margir leikmenn, þjálfarar og stuðningsmenn vilja meina að dómgæslan hafi haft mikil áhrif á framvindu og úrslit leikjanna.

Mörgum þótti steinin taka úr þegar rússneski dómariinn Valentin Ivanov rak fjóra leikmenn Hollands og Portúgals af velli í leik liðanna í 16-liða úrslitum en hann lyfti gula spjaldinu sextán snum á loft í leiknum. En þegar dómariinn eiga líka góðan leik, eins og var tilfellið í leik Spánar og Frakklands í fyrirakvöld, finna menn mikið að dómgæslunni.

„Seinna markið þeirra kom upp úr aukaspyrnu sem var ranglega

dæmd á okkur,“ sagði Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánverja. Ítalinn Roberto Rosetti dæmdi aukaspyrnu á Carles Puyol fyrir að brjóta á Thierry Henry sem óeitanlega gerði heldur mikið úr broti Puyol. „Ef eitthvað, var þetta brot á Henry,“ sagði Puyol.

„Bakvörðurinn Perina var á góðri leið með að ná boltanum. Ekki veit ég af hverju Puyol var að berjast um boltann. En hann gerði það. Og ég svindla ekki,“ sagði Henry.

Þessi orðaskipti eru nokkuð dæmigerð fyrir keppnina í heild sinni. Hvert atvik er margskoðað og rætt fram og til baka. Og oftast eru það dómarnir, sem þurfa að taka ákvörðun sína á sekúndubroti og án endursýningar, sem fá að kenna á barðinu.

Fjölmiðlar í Ghana voru til að mynda ómyrkir í máli í garð dómara í leik sinna manna gegn Brasilumönnum í 16-liða úrslitum. „Gana rænt á HM“ var dæmi um eina fyrirsögnina og The Graphic, stærsta blað landsins, sagði að landsliðsmenn Ghana hefðu lokið keppni með mikilli reisn og stærsta myndin á forsíðu blaðsins var af Lubos Michael, slóvakískum dómara leiksins.

Margir hafa verið á þeirri skoðun að dómgæslan ætti að fylgja tækninni og dómarnar ættu að geta treyst á myndbandsupptök og fleira í þeim dúr á meðan á leiknum sjálfum stendur. Vissulega er það nýbreytni að dómarnar eru útbúnir samskiptabúnaði við



VILL SANNGJARNA DÓMGÆSLU Stuðningsmaður Ghana var ekki sáttur við dómgæsluna í leik liðsins gegn Brasilíu í vikunni. NORDIC PHOTOS/AFP

aðstoðardómara sína en Sepp Blatter, forseti FIFA, er mótfallinn tækninýjungum í dómgæslunni. „Mistök dómara eru hluti af leiknum,“ sagði hann.

Greinilegt er að leikmenn eru ekki meðvitðir um þær áherslur og línur sem dómurum voru lagðar fyrir keppnina. Aldrei hafa fleiri gul spjöld verið gefin en í Þýskalandi í ár og hafa að meðaltali 5,5 áminningar verið gefnar í leikjunum 56 og 0,45 brottvísanir.

Enska landsliðið er vel meðvitð um þetta og hefur fengið tvo

fyrirverandi dómara til að halda fyrirlestur fyrir leikmenn liðsins og undirbúa þá fyrir leikinn gegn Portúgal um helgina.

Fótboltinn ætti ef til vill að fylgja dæmi handboltans og bjóða upp á tvo dómara inn á vellinum. En Markus Siegler, talsmaður FIFA, sagði í vikunni að það væri ekki vænlegt til árangurs. „Við höfum reynt þetta fyrirkomulag í ítölsku deildarkeppninni og bikarkeppninni. Sú leiðir ekki sú rétta fyrir knattspyrnu dómgæsluna.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Grófustu liðin
Fjöldi gulra og rauðra spjalda sem þátttökþjóðirnar á HM hafa fengið:

Lið	G	R	Lið	G	R
Portúgal	18	2	Ítalía	9	2
Ghana	17	2	S-Kórea	9	0
Holland	16	2	Frakkland	9	0
Túnis	14	2	Úkraína	9	1
Mexíko	12	1	Argentína	8	0
Serbia & Svartf.	12	2	Kosta Ríka	8	0
Swiss	12	0	Íran	8	0
Angóla	11	1	Paragvæ	8	0
Ástralía	11	1	Tékkland	7	2
Króaía	11	2	England	7	0
Þálland	10	1	Japan	7	0
Svíþjóð	10	1	Brasilía	7	0
Tógo	10	1	Spánn	6	0
Trinidad & Tóbagó	10	1	Þýskaland	5	0
Filíbeinsröndin	9	1	Saúdí Arabía	5	0
Ekvador	9	0	Bandaríkin	5	2



BEINT Í MARK Michael Ballack reyndi fyrir sér í bogalistinni ásamt öðrum þýskum landsliðsmönnum í Berlín í gærmorgun. NORDIC PHOTOS/AFP

Tveir leikmenn ítalska landsliðsins skruppu í dagsferð til Tórinó:

Pessotto kominn úr lífshættu

FÓTBOLTI Gianluca Pessotto, fyrrverandi leikmaður Juventus, er á batavegi eftir að hafa fallið úr glugga í höfuðstöðvum Juventus í Tórinó á Ítalíu í fyrradag. Talið er að fallið hafi verið um 15 metrar og hlaut Pessotto fjölmörg beinbrot og aðra innvortis áverka. Allt bendir til þess að um sjálfsmorðstilraun hafi verið að ræða en eiginkona bakvarðarins fyrrverandi hefur staðfest að hann hafi átt við alvarlegt þunglyndi að stríða. Enginn sá atvikið en Pessotto lenti á tveimur bifreiðum áður en hann skall á steinsteypta götuna.



GIANLUCA PESSOTTO

Pessotto lagði skóna á hilluna fyrir rúmu ári síðan og tók við framkvæmdastjórastöðu hjá ítalska stórveldinu, sem hann hafði, að sögn eiginkonu hans, ekki verið að finna sig nægilega vel í. Hann var þó ekki í hópi þeirra sem grunaðir eru um þátttöku í svindlinu sem æðstu stjórnendur Juventus hafa verið ákærðir fyrir og flestum ætti að



Á SLYSSTAÐ Hér sést hvar Gianluca Pessotto er talinn hafa stökkið út um glugga í aðalskrifstofum Juventus í þeim tilgangi að taka eigið líf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

vera kunnugt um.

Leikmenn ítalska landsliðsins, sem leikur gegn Úkraínu í 8-liða úrslitum HM á morgun, eru harmi slegnir yfir atvikinu og fengu tveir þeirra, Allesandro del Piero og Gianluca Zambrotta, fyrrum samherjar hans hjá Juventus, að heimsækja félagi sinn á spítalann

í Tórinó í gær.

„Ég er algjörlega miður mín. Pessotto er einn viðkunnastasti maður sem ég hef kynnst,“ sagði Fabio Cannavaro, fyrirlíði Ítalíu. Læknar í Tórinó hafa staðfest að Pessotto sé úr lífshættu en að hans bíði löng og ströng endurhæfing. - víg

Pauleta með allt á hreinu:

Robinson er veikur hlekkur

FÓTBOLTI Portúgalski leikmaðurinn Pauleta segir að markvörðurinn Paul Robinson sé veikasti hlekkur enska landsliðsins. Portúgal og England munu einmitt mætast í átta liða úrslitum heimsmeistaramótsins á laugardag. „Ég var að skoða leik enska liðsins við Ekvador og mér fannst Robinson virka mjög ósannfærandi þegar boltinn kom inn í teiginn. Ég tel hann vera veikasta hlekk Englands,“ sagði Pauleta en Robinson spilar með Tottenham.

„Það er þægilegt að í portúgalska hópnunum erum við með leikmenn sem hafa spilað í ensku úrvalsdeildinni og geta gefið okkur upp veikleika enska liðsins. Ég hef þó kynnt mér vörn þeirra vel og tel mig hafa það á hreinu hverjir veikleikarnir þar eru,“ sagði Pauleta sem hefur ekki verið upp á sitt besta það sem af er á HM í Þýskalandi. - egm

Bakvörðurinn Glen Johnson:

Lánaður til Portsmouth

FÓTBOLTI Portsmouth ætlar sér stóra hluti á næsta tímabili og hefur liðið náð samkomulagi við Englandsmeistara Chelsea um að fá enska bakvörðurinn Glen Johnson lánaðan í eitt ár. Johnson var fyrsti leikmaðurinn sem var keyptur til Chelsea eftir að Roman Abramovich eignaðist félagið en hann var keypur á sex milljónir punda frá West Ham 2003.

Johnson vonast til að vinna sér inn sæti í enska landsliðinu með því að fá að spila reglulega en Harry Redknapp hefur mikið álit á honum sem leikmanni. Þess má geta að gamla varnarjafnlínunni Tony Adams hefur verið kynntur sem nýr aðstoðarmaður hjá Harry Redknapp. Adams er fyrrverandi leikmaður Arsenal en hann er 39 ára og var við stjórnvölinn hjá Wycombe Wanderers. - egm

GÓÐAR FRÉTTIR

43% MEIRA ÁHORF Á NFS

NFS er hástökkvari nýjustu áhorfskönnunar Gallup. 33,8% uppsafnað áhorf þýðir að áhorfið hefur aukist um 43% frá síðustu könnun. NFS hefur því fest sig í sessi hjá þjóðinni sem ómissandi fréttastöð. Það eru góðar fréttir fyrir alla.



Uppsafnað áhorf á NFS dagana 28. maí - 3. júní skv. áhorfskönnun Gallup.



digital ísland



Skjárinn

Breiðband Símans



Kaplakrjav. Áhorf: 1327 Garðar Örn Hinrikss. (4)

1-0 Tryggvi Guðmundsson (73.)
2-0 Ásgeir Ásgeirsson (86.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	17-4 (8-2)
Varin skot	Daði 2 – Stewart 6
Horn	5-9
Aukaspjurnur fengnar	17-14
Rangstöður	2-1

FH 4-3-3	GRINDAVÍK 4-4-2
Daði Lár 6	Colin Stewart 4
Hermann Albertsson 6	Michael Jónsson 8
Tommy Nielsen 8	Eysteinn Húni 5
Ármann Smári 7	Óðinn Arnason 7
Guðmundur 8	Ray Jónsson 7
Baldur Bett 7	Paul McShane 3
Ásgeir Ásgeirsson 8	Óli Stefán 6
*Davíð Þór 9 (54. Eyþór Atli 4)	Jóhann Helgas. 6
(88. A. Dyrring -)	Óskar Örn 4
Tryggvi Guðm. 8	(76. Andri Steinn -)
Ólafur Páll 4	(22. Matthías 3)
(22. Matthías 3)	Jóhann Þórhallss. 4
Atli Viðar 3	Noumir Ahandour 4
(45. Atli Guðnason 6)	(88. Jósef Kristinn -)

*Maður leiksins



Keflavíkuvöllur. Áhorf: 625 Eysteinn Kristinnsson (8)

1-0 Stefán Örn Arnarson (16.)
2-0 Baldur Sigurðsson (20.)
3-0 Stefán Örn Arnarson (45.)
4-0 Baldur Sigurðsson (53.)
5-0 Símun Samuelsen (72.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	14-16 (8-1)
Varin skot	Ómar 1 – Hjörvar 2
Horn	7-7
Aukaspjurnur fengnar	11-10
Rangstöður	1-5

KEFLAVÍK 4-3-3	BREIÐABL. 4-5-1
Ómar Jóhannsson 6	Hjörvar Hafliða 3
K. Gustafsson 7	Stíg Haaland 4
Guðmundur Mete 7	Kári Ársælsson 3
Baldur Sig. 8	Srdjan Gasic 5
Guðjón Árni 6	Árni Kristinn 2
Hólmar Örn 6	(53. Arnór Sveinn 4)
(77. Ragnar M. -)	Steinþór Freyr 4
Jónas Guðni 7	N. Zivanovic 5
Guðm. Steinarss. 7	(59. Víktor Unnar 5)
*S. Samuelsson 9	Olgeir Sigurgeirss. 4
Hallgrímur Jónass. 7	Petr Podzemsky 4
(80. Einar Orri -)	Magnús Páll 4
Stefán Örn 8	(81. Gunnar Örn -)
(68. Magnús S. 5)	Marel Baldvins. 5

*Maður leiksins



Akranesvöllur. Áhorf: 1072 Ólafur Ragnarsson (6)

0-1 Jökull Elisabetarson (11.)
1-1 Jón Vilhelm Ákason (38.)
1-2 Arnar Jón Sigurgeirsson (68.)
1-3 Stefán Kári Sveinbjörnsson (75.)
1-4 Daniel Hjaltason (92.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-10 (2-8)
Varin skot	Bjarki 4 – Ingvar 1
Horn	7-2
Aukaspjurnur fengnar	16-18
Rangstöður	2-1

ÍA 4-5-1	VÍKINGUR 4-3-3
Bjarki Guðmunds. 5	Ingvar Kale 7
Guðm. Böðvar 5	Hórtur Bjarnas. 7
Árni Thor 6	Grétar Sigfinnur 7
Heimir Einarss. 5	*Milos Glogovac 7
Pálmi Haraldss. 5	Höskuldur 7
Guðjón Heiðar 5	Jökull Elisabetars. 7
(71. Halfrór Ægir -)	Jón Guðbrandss. 6
Jón Vilhelm 5	Valur Úlfarss. 5
Bjarni Guðjónss. 5	(59. Stefán Kári 7)
(78. Bjarki Gunn. -)	Víktor Bjarki 6
Igor Pesic 6	Davíð Þór 5
Þórtur Guðjóns. 4	(67. Daniel Hjaltas. 7)
Hjörtur Hjartars. 5	Arnar Jón 7
(71. Andri Júlíuss. -)	(85. Halldór Jón -)

*Maður leiksins

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

26 27 28 **29** 30 31 1

Fimmtudagur

LEIKIR

20.00 KR og Valur mætast í Landsbankadeild karla í fótbolta í Vesturbænum.

SJÓNVARP

18.30 US PGA á Sýn.

19.45 Landsbankadeildin á Sýn. Bein útsending frá leik KR og Vals.

22.00 Kraftasport á Sýn.

FH byrjað að spila almennilega

FH vann sanngjarnan og öruggan sigur á Grindavík í gær, 2-0. FH-liðið spilaði loksins eins vel og allir vita að liðið getur spilað. Liðið er með nýu stiga forystu á toppnum og bendir fátt til þess að liðið verði stöðvað.



MARKAHRÓKUR Tryggvi Guðmundsson var eini sóknarmaðurinn hjá FH sem spilaði af eðlilegru getu í gærkvöldi. Það var vel við hæfi að hann bryti ísinn þegar langt var liðið á leikinn í gær.

FRETTAHLAÐI/ÓMAR

FÓTBOLTI Leikur liðanna á síðustu leiktíð í Kaplakrika endaði 8-0 fyrir FH og leikmenn Grindavíkur voru þess eflaust minnugir enda fimm sem voru í byrjunarliðinu í leiknum fræga í fyrra. Leikurinn fór mjög fjórlega af stað. FH fékk tvö gullin færi strax á fyrstu sex mínútunum og meistarnir voru klaufar að taka ekki forystuna.

Taugaóstyrkir Grindvíkingar fengu síðan fint færi á 8. mínútu en FH slapp með skrekkinn. Mjög lífleg byrjun og ein sú skemmtilegasta í sumar.

Leikurinn róaðist nokkuð í kjölfarið. FH-ingar tóku völdin í sínar hendur en Grindavík lá til baka og freistaði þess að sækja hratt með hina eldfljótu Ahandour og Jóhann Þórhallsson í fremstu víglínu.

Reyndar var sóknarleikur Grindavíkur steingeldur og sá hugmyndasnaðasti sem undirritaður hefur séð í sumar. Varnar- og miðjumenn Grindavíkur negldu boltanum við hvert tækifæri eins lagt fram og þeir gátu á framherjanna, en Tommy og Ármann sáu ávallt við þeim. Þeir gerðu ekkert annað og vakti athygli að þeir skildu ekki taka Hermann Albertsson til kastanna, sem var óvænt að spila í bakvarðarstöðu og hefði ekki verið vitlaust að prófa hvernig

hann stæðist pressuna, en því var ekki að skipta. Notts County spilaði örugglega ferskari sóknarbolta í vetur.

FH-ingar gerðu sitt besta til að spila fótbolta og þar fór fremstur Davíð Þór sem dreifði boltanum laglega út á báða kanta en taktar hans minntu um margt á Heimi Guðjónsson þegar hann var upp á sitt besta í Krikanum. Framherj-

arnir voru ekki eins sprækir og því var markalaust í leikhléi í ágætis leik.

Síðari hálfleikur fór mjög rólega af stað og ef ekki hefði verið fyrir Davíð Þór og Guðmund Sævarsson væri enginn leikmaður á vellinum að reyna að spila boltanum almennilega. Það var sama getu- og hugmyndaleysið í sókninni hjá Grindavík og slagkraftinn

Blikar biðu afhroð í heimsókn sinni til Keflavíkur í gærkvöldi:

Keflvíkingar í stuði og skoruðu fimm á arfaslaka Blika

FÓTBOLTI Leikurinn byrjaði mjög rólega en það tók Keflvíkinga ekki nema tvær mínútur að glæða leikinn lífi.

Á 16. mínútu skoraði Stefán Örn Arnarson gott mark af fjær stönginni þegar hann setti fyrirgjöf færeyingisins magnaða, Símun Samuelsen, inn. Aðeins fjórum mínútum síðar kom Símun aftur við sögu þegar hann sendi fyrir frá vinstri og Baldur Sigurðsson setti boltann snyrtilega í slána og inn. Hjörvar Hafliðason markmaður vissi varla hvaðan á sig stóð veðrið enda Blikar skyndilega lentir 2-0 undir, eftir að hafa verið sist lakara liðið fram af leik.

Eftir markið héldu bæði lið áfram að sækja og Blikar gerðu hvað þeir gátu til að minnka muninn. Þeir voru aldrei nálægt því í fyrri hálfleiknum, en áður en honum lauk voru Keflvíkingar komnir í 3-0. Enn og aftur var Símun að verki þegar hann sendi fyrir, Guðmundur Steinarsson skallaði í stöngina en Stefán Örn var fyrstur að átta sig og skoraði sitt þriðja mark í leiknum.

Keflvíkingar héldu áfram að raða inn mörkunum í síðari hálfleik og á 53. mínútu skoraði Baldur aftur þegar hann stýrði skoti



BALDUR SIGURÐSSON Átti mjög góðan leik í vörninni í gær og skoraði auk þess tvö mörk.

MYND/VÍKURFRETTIR

Hólmar Arnar Rúnarsonar í markið. Keflvíkingar nýttu færin sín einkar vel í leiknum, en það var á 72. mínútu að Símun Samuelsen kórónaði stórleik sinn.

Simun lagði boltann þá snyrtilega í netið eftir frábæra sókn sem endaði með því að Jónas Guðni lagði boltann á Færeyinginn sem gerði engin mistök, en hann lagði upp þrjú mörk og olli miklum usla í sókn heimamanna. 5-0 sigur Keflvíkinga var þar með staðreynd og verða Blikar að hugsa sinn gang þar sem barátuleysi einkenndi dapurt liðið í dag.

„Það gekk nánast allt upp í dag. Vörnin hélt mjög vel og við náðum að nýta færin okkar vel. Þetta var mjög góður sigur og nauðsynlegur upp á sjálfstraustið, eftir að hafa farið illa út úr síðustu leikjum. Við ætlum að halda áfram en hugsum næst um Lilleström í Noregi áður en við leiðum hugann að næsta deildarleik,“ sagði Símun við Fréttablaðið eftir leikinn, á einkar góðri íslensku en hann var högværðin uppmáluð.

„Ég náði að spila ágætlega og er sáttur með það, það er alltaf gaman að skora,“ sagði skælbrosandi Símun, sem átti von á erfiðari leik.

„Ég bjóst við þeim miklu erfiðari eftir að þeir unnu síðasta leik, en það vantaði mikjið upp á baráttuna og því fór sem fór,“ sagði Símun, þverju orði sannara.

- hþ

vantaði í sóknirnar hjá FH.

Það var síðan rúmt korter eftir af leiknum þegar Tryggvi skoraði fyrir FH. Hann hirti upp frákast eftir skalla Ármanns sem Stewart hélt ekki og skoraði auðveldlega. Fyllilega verðskuldur forysta hjá FH. Áður en yfir lauk bætti Ásgeir við marki með skalla eftir sendingu frá Tryggva.

FH-liðið er búið að stinga af í deildinni en er samt loksins nuna byrjað að spila almennilegan fótbolta, en leikurinn í gær var sá albesti sem undirritaður hefur séð hjá liðinu í sumar. Boltinn flaut vel með jörðinni í fáum snertingum og Davíð Þór var þar potturinn og pannan, en hann átti sannkallaðan stórleik. „Ég fann mig mjög vel, ég get ekki neitað því. Minn besti leikur og að mínu mati okkar besti leikur,“ sagði Davíð Þór kátur eftir leikinn. „Það er styrkleikamerki að vera komnir með svo gott forskot en hafa samt ekki spilað svona vel í allt sumar. Ef við höldum svona áfram er dollan okkar.“

Grindavíkurlíðið var arfaslakt og það er óskiljanlegt hvernig þetta lið gat skorað fimm mörk gegn KR. Þeir geta klárlega miklu mun betur og vita það eflaust manna best sjálfir.

henry@frettabladid.is



MEIDDUR Freyr er enn einn varnarmanna FH sem fer á meiðslalístan.

Meiðsli hjá varnarmanni FH:

Freyr frá í um sex vikur

FÓTBOLTI Freyr Bjarnason, vinstri bakvörðurinn í liði Íslandsmeistarara FH, meiddist á æfingu hjá liðinu á dögnum. Freyr er tognadur á liðböndum í hné og verður frá í að minnsta kosti sex vikur. Hann hefur leikið vel í liði FH á tímabilinu, spilað alla leiki liðsins og skorað eitt mark en það kom gegn Val á Laugardalsvöllinum í 2. umferð.

FH-ingar hafa misst marga menn í meiðsli á tímabilinu og sérstaklega hefur ástandið verið slæmt í vörn liðsins. Miðverðirnir Auðun Helgason og Sverrir Garðarsson hafa ekkert leikið á tímabilinu og hinn danski Tommy Nielsen hefur ekki getað leikið síðustu leiki. Þá hefur landi hans Peter Matzen enn ekkert leikið frá því að hann kom til liðsins vegna meiðsla.

- egm

Skelfilegt atvik í Taílandi:

Drepinn vegna vítaspyrnu

FÓTBOLTI Ítalía komst í átta liða úrslit heimsmeistararnótsins með umdeildum vítaspyrnudómi í viðbótartíma. Lucas Neill var dæmdur brotlegur þegar Fabio Grosso féll innan teigs. Nú hefur komið í ljós að einn taílenskur knattspyrnuáhugamaður var myrtur í heimalandi sínu vegna vítaspyrnudómsins.

Francesco Totti fór á punktinn og skaut ítalska liðinu áfram í keppinni og í kjölfarið kom upp mikió rifrildi milli tveggja manna í Taílandi um hvort dómurinn hafi verið réttur eða ekki. Það rifrildi endaði með því að annar þeirra stakk hinn með þeim afleiðingum að hann lét lífið. Sá sem dó var 45 ára karlmaður, Rebieb Lukchan að nafni.

- egm



TVÍBROTIN Dóra Stefánsdóttir meiddist á æfingu með Malmö.


FÓTBOLTI Dóra Stefánsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu og leikmaður hjá sænska félagsliðinu Malmö FF, verður frá æfingum og keppni í um þrjá mánuði en heimasíða félagsins greinir frá þessu. Þetta er gríðarlegt áfall fyrir íslenska kvennalandsliðið, en ljóst er að Dóra verður ekki með í þremur síðustu landsleikjum Íslands í undankeppni heimsmeistararnótsins.

Dóra tvíbrotnaði á handlegg á æfingu hjá Malmö í byrjun vikunnar, en hún á sextán landsleiki að baki fyrir Ísland samkvæmt vefsíðu KSÍ og eitt landsliðsmark. Hún er á 21. aldursári og gerði eins árs samning við Malmö í byrjun árs. Þangað kom

hún frá liði Vals, þar sem hún spilaði alla fjórtán leiki liðsins í Landsbankadeild kvenna í fyrra. Alls á hún 64 leiki að baki í efstu deild og 22 mörk.

Með Malmö leikur einnig Ásthildur Helgadóttir, fyrirlíði íslenska landsliðsins. Ísland hefur leikið fimm leiki í undankeppni HM, unnið þrjá og gert eitt jafntefli. Liðið er í öðru til þriðja sæti riðilsins með tju stig líkt og Tékkland en báðar þjóðir eiga leik inni á Svíþjóð sem er á toppi riðilsins með sextán stig. Dóra missir af mikilvægum leikjum Íslands gegn Tékklandi og Svíþjóð á Laugardalsvöllinum seint í ágúst og einnig af lokaleikum úti gegn Portúgal í lok september.

- egm



Fylkir 1-1 ÍBV

Fylkisvöllur. Áhorf: 820 Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Guðni Rúnar Helgason (16.)
1-1 Thomas Lundbye (55.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-6 (3-2)
Varið skot	Fjalar 1 - Hrafn 2
Horn	6-4
Aukaspurnir fengnar	16-9
Rangstöður	4-1

FYLKIR 4-3-3	ÍBV 4-4-2
Fjalar Þorgeirss. 6	Hrafn Davíðs. 6
Þórir Hannesson 7	Matt Garner 7
Guðni Rúnar 8	Páll Hjarðar 7
Ragnar Sigurðss. 6	C. Vorenkamp 6
Arnar Þór 6	*Joanh Long 8
Páll Einarsson 6	Atli Jóhannsson 7
Peter Gravesen 7	A. Mwesigwa 5
Jón Björgvin 5	Thomas Lundbye 7
Eyjólfur Héðinss. 6	Bjarni Geir 5
(62. Haukur Ingi 5)	(75. Bjarni Hólm -)
Sævar Þór 6	Pétur Runólfsson 6
(84. Albert Ingason -)	(75. Ingi Rafn -)
Björn Víðar 5	Ulrik Drost 4
(72. C. Christiansen -)	(84. Sævar Eyjólfss. -)

*Maður leiksins

STADAN Í LANDSBANKAÐEILDINNI:

1. FH	9	7	2	0	17-5	23
2. VÍKINGUR	9	4	2	3	13-8	14
3. GRINDAVÍK	9	3	4	2	14-10	13
4. FYLKIR	9	4	1	4	12-12	13
5. KR	8	4	0	4	7-16	12
6. KEFLAVÍK	9	3	2	4	14-9	11
7. VALUR	8	3	2	3	11-10	11
8. ÍBV	9	3	2	4	9-14	11
9. BREIÐABLÍK	9	3	1	5	16-22	10
10. ÍA	9	2	0	7	10-17	6

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

1. deild karla:

FJÖLNIR-FRAM	0-1
PRÓTTUR-LEIKNIR	1-0

Sænski bikarinn:

DJURGARDEN-GAIS 2-0

Kári Arnason sat á bekknum hjá Djurgarden en Helgi Valur Daniélfsson lék ekki með GAIS.

Eyjamenn börðust fyrir stigi

Fylkir og ÍBV gerðu 1-1 jafntefli í Árbænum í gær. Heimamenn byrjuðu leikinn betur, en gestirnir komu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og unnu sér inn stig.

FÓTBOLTI Það var lítið um fallet til þríf í Árbænum í gær þegar Fylkismenn tóku á móti Eyjamönnum en frekar var það baráttan sem var allsráðandi. Fylkismenn byrjuðu leikinn af meiri krafti og vildu fá vítaspyrnu á sjöundu mínútu en Kristinn Jakobsson, góður dómari leiksins, spjaldaði Eyjólf Héðinsson fyrir leikaraskap.

Eyjólfur hélt áfram að láta að sér kveða og skallaði rétt yfir eftir fyrirgjöf frá Sævari Þór Gíslasyni skömmu síðar. Það var síðan á sextándu mínútu sem varnarjafnlíni Guðni Rúnar Helgason kom Fylki yfir með góðum skalla eftir aukaspurnu frá Peter Gravesen.

Eftir þetta mark slökuðu heimamenn heldur mikið á en það kom ekki að sök, ÍBV sótti á fáum mönnum og gekk erfiðlega að ógna marki Fylkis.

Eyjamenn komu ákveðnir til leiks í síðari hálfleik og voru baráttuglaðir. Það skilaði sér í marki á 55. mínútu en þá skoraði Thomas Lundbye stórglæsilegt mark. Allt annað var að sjá til Eyjalíðsins á þessum kafla og hefðu þeir með heppni getað stolið stigunum þremur.



STJÓRNURNAR HORFA Á Eiður Smári Guðjohansen, Birkir Kristinnsson og Hermann Hreiðarsson voru á meðal áhorfenda á Fylkisvelli í gær.



Í BARÁTTU UM BOLTANN Fylkismaðurinn Peter Gravesen stendur hér í ströngu þegar Eyjamennirnir Jonah Long og Bjarni Geir Víðarsson reyna að hafa af honum boltann.

Fylkismenn voru hins vegar meira með boltann og voru á köflum skuggalega nálægt því að læða inn marki, Guðni Rúnar átti m.a. hörkuskot sem Hrafn Davíðsson rétt náði að verja. Undir blálokin áttu þeir harða sókn en allt kom fyrir ekki og úrslitin jafntefli 1-1.

„Við komum ákveðnir til leiks og náðum marki en svo datt þetta niður. Það þarf að koma boltanum í markið til að ná að skora og því náðum við ekki þrátt fyrir að hafa verið grátlega nálægt því. Við misstum aðeins stjórnina á leiknum og einbeitingin var ekki lagi,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis, í leikslok en hann var ekki

sáttur við að ná ekki að landa sigri.

Guðlaugur Baldursson, þjálfari ÍBV, var léttari. „Ég er nokkuð sáttur en við ætluðum okkur þrjú stig. Við vorum fremur slakir í fyrri hálfleik en áttum síðan góðan seinni hálfleik. Við vorum að spila gegn góðum og sterkum mótherjum og það á útivelli. Fylkismenn fengu góðan tíma til að spila boltanum í fyrri hálfleik og þá er virkilega erfitt að eiga við þá. Svo kom baráttan í síðari hálfleik og leikmenn fóru að spila eftir því sem upp var lagt, vorum mun nær mönnum og náðum því stiginu,“ sagði Guðlaugur.



ENSKIR STUÐNINGSMENN Komast ekki af í hitanum í Þýskalandi án þess að hafa bjór við höndina.

Ensku stuðningsmennirnir:

Eru að klára bjórinn á HM

FÓTBOLTI Stuðningsmenn enska landsliðsins í knattspyrnu eru á góðri leið með að klára bjórinn sem til er í Þýskalandi en nokkrar bruggverksmiðjur þar í landi hafa sent frá sér tilkynningu þar sem varað er við því að birgðir þeirra svari ekki eftirspurn. Það var enska slúðurblaðið The Sun sem greindi frá þessu í gær.

Enska landsliðinu hefur vegnað vel það sem af er á HM og er komið áfram í 8-liða úrslit. Talið er að á milli fjórutíu og fimmtíu þúsund stuðningsmenn liðsins séu staddir í Þýskalandi, fyrir utan þann fjölda sem mætir á leiki Englands hverju sinni. The Sun greinir frá því að að ensku stuðningsmennirnir hafi drukkið 600 þúsund lítra af bjór á meðan leikur Engendinga og Trínidad stóð yfir.

Kráreigendur í Köln voru einnig himinlifandi með drykkjar-söluna á meðan leik Engendinga og Svía í riðlakeppninni stóð yfir en þá seldist bjórinn upp á nokkrum stöðum borgarinnar. - egm

Ólafur Þórðarson eftir tap gegn Víkingum í gær:

Fer þá bara niður með liðinu ef þörf þykir

FÓTBOLTI Botnlið Skagamanna virðist algerlega heillum horfið, nú síðast eftir erfitt 4-1 tap fyrir Skagamönnum á Akranesvelli. Liðið er ennþá langneðst og aðeins með sex stig, en Breiðablik hefur fjórum stigum meira.

Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en eftir því sem leið á þann síðari fundu Víkingar glufur á vörn ÍA og skoruðu þrjú lagleg mörk. Skagamenn byrjuðu betur og því kom það nokkuð á óvart að Víkingar skyldu komast yfir. Markið var ef til vill lýsandi fyrir Skagamenn í sumar, sæmilega hættulaust skot Jökuls Elísabetarsonar hafnaði í markinu, en líklega hefur Bjarki Freyr markvörður einfaldlega séð boltann of seint.

En Skagamenn létu ekki slá sig út af laginu og héldu áfram að spila sína knattspyrnu. Bæði lið sóttu á víxl og eftir nokkrar ágætar sóknir heimamanna varð loksins úr mark er Ingvari Kale tókst ekki að halda fastri fyrirgjöf Hjartar Hjartarsonar.

Í síðari hálfleik var áfram nokkuð jafnræði með liðunum en gestunum óx ásmegin eftir því sem á leið. Líttleikandi miðju Víkinga tókst í tvígang að finna glufur á vörn ÍA og nýttu sér það vel. Í fyrri skiptið eftir fyrirgjöf Harðar Bjarnasonar á Arnar Sigurgeirsson sem fór illa með varnarmenn ÍA og skoraði laglegt mark. Svo komst varamaðurinn Stefán Kári Sveinbjörnsson einn inn fyrir varnarmúr heimamanna og skoraði örugglega.

Það var svo í blálokin sem Daníel Hjaltason, annar varamaður, gulltryggt sigurinn. Skagamenn léku góða knattspyrnu framan af leik en eftir að þeir lentu undir í síðara skiptið varð leikur þeirra handahófskenndur og örvæntingarfullur.




ÓLAFUR ÞÓRÐARSON Ætlar ekki að gefast upp og er reiðubúinn að fara niður með liðinu.

Það skal þó tekið fram að vörn Víkinga var gífurlega sterk. Sóknarleikur liðsins var einnig öflugur og er greinilegt að Magnús Gylfason hefur stillt upp vel samhæfðu og léttleikandi liði.


„Ég er vitanlega mjög ósáttur við spilamennsku okkar í síðari hálfleik og á ekki orð yfir hvað við vorum að gera inni á vellinum,“ sagði Ólafur Þórðarson þjálfari ÍA eftir leik.

„Við erum ekki að berjast sem liðsheild og það er eins og það vanti gleði og viljann til að ná lengra en við erum komnir,“ sagði Ólafur og bætti við að hann lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir slakt gengi. „Ég fer þá bara niður með liðinu ef þörf þykir.“

eirikurst@frettabladid.is



FIFA WORLD CUP GERMANY 2006



515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FÖSTUDAG KL. 15:00
ÞÝSKALAND - ARGENTÍNA

FÖSTUDAG KL. 19:00
ÍTALÍA - ÚKRAÍNA

LAUGARDAG KL. 15:00
ENGLAND - PORTÚGAL

LAUGARDAG KL. 19:00
BRASILÍA - FRAKKLAND

HM 2006

8 LIÐA ÚRSLIT

SYN
besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„My darling girl, when are you going to understand that „normal“ is not necessarily a virtue? It rather denotes a lack of courage.“

Aunt Frances úr kvikmyndinni Practical Magic árið 1998.
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ KRISTJÁN HJÁLMARSSON HORFIR ENN Á HM

Nágranni í neyð

Vegna flutninga er ég ekki enn búinn tengja Sýn við sjónvarpið heima. Ég hef því þurft að treysta í von og óvon á að góðir vinir eða ættingjar bjóði mér í knattspyrnuveislu á milli þess sem ég hef verið að koma mér fyrir á nýjum stað.


Síðustu dagar hjá mér og fjölskyldunni hafa farið í að selflytja dót og drasl upp í íbúðina. Þessir flutningar hafa, eins og gefur að skilja, bitnað mikið á ættingum, vinum og vinnu en þó ekki síst á sjálfu heimsmeistaramótinu. Á meðan á flutningum stendur er nefnilega ekki æskilegt að horfa á HM.

Íbúðin sem ég er að koma mér fyrir í er á annarri hæð í húsi sem liggur samvaxið við annað hús. Á neðri hæðinni í því húsi er einn af börum bæjarins sem hefur ekki sérlega gott orð á sér þótt hann sé að mörgu leyti ágætur. Barinn er ekki þekktur fyrir að gera íþróttum góð



BARINN BJARGAR Heimsmeistaramótið í knattspyrnu er í fullum gangi og meina beita ýmissa bragða til að sjá HM.

skil. Hann hefur þó séð sóma sinn í að sýna flesta leiki heimsmeistaramótsins. Leikirnir hafa ekki verið sýndir á einhverju breiðtjaldi eða flatskjám eins og tíðkast víst með aðra bari, heldur á gamaldags sjónvarpshlunki sem glittir í þegar maður gengur framhjá einum af fimm gluggum veitingastaðarins. Þökk sé þessum ágæta bar hef ég náð stórum köflum eða að minnsta kosti hluta af þeim leikjum sem sýndir hafa verið á meðan á flutningunum hefur staðið. Í hvert skipti sem ég hef stökkið niður tröppurnar til að ná í annan kassa eða aðra muðlu hef ég getað séð helstu hápunkta þeirra leikja sem hafa verið í gangi á þeim tíma. Barinn, sem ég hafði áður ímugust á, hefur reynt hinn besti nágranni, ekki síst á þeirri neyðarstund sem heimsmeistaramótið er.




▶ 22.25
Drama

AÐPRENGDAR EIGINKONUR



▶ 21.20
Sakamál

MURDER IN SUBURBIA




▶ 22.40
Drama

X-FILES



▶ 21.00
Gaman

COURTING ALEX



▶ 14.00
Fréttir

FRÉTTAVAKTIN EFTIR HÁDEGI

SIJÓNVARPIÐ



SIRKUS TV

SKJÁREINN

NFS

6.58 Ísland í bitöð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Martha 10.20 Alf 10.45 3rd Rock From the Sun 11.10 Whose Line Is it Anyway? 11.35 My Wife and Kids

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.00 Home Improvement 13.25 Sketch Show 13.50 Two and a Half Men 14.10 Medium 14.50 Eldsnögg með Jóa Fel 15.15 Related 16.00 Barney 16.25 Títeuf 16.50 Noddy 17.00 Bold and the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 Simpsons 18.12 Íþróttfréttir

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
19.40 Strákarnir
20.05 Eldsnögg með Jóa Fel (5:6)
20.35 Bones (10:22) (Bein)
▶ 21.20 Murder In Suburbia (6:6) (Morð í út-hverfinu) Breskir sakamálaþættir þar sem hin sígilda morðgáta er færð í nýjan og ferskan búning. Scribbs og As eru eldklárar og einhleypar lögreglukonur sem beita gömlu aðferðum við morðrannsóknir með góðum árangri.
22.10 How I Met Your Mother (22:22) (Svona kynntist ég móður ykkar)
22.35 Michel Vaillant Verulega spennandi og hröð kappaksturmynd.

0.20 Huff 2 (3:13) (Bönnuð börnum) 1.15 Greenfingers 2.45 Black Cadillac (Stranglega bönnuð börnum) 4.15 Bones (10:22) 5.10 Fréttir og Ísland í dag 6.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
19.30 Bernie Mac (12:22) (e)
20.00 Friends (7:17)
20.30 Twins (5:18)
21.00 Smallville (7:22)
21.50 Killer Instinct (5:13) (Die Like An Egyptian) Hörkuspennandi þættir um lögreglumenn í San Francisco og baráttu þeirra gegn hættulegustu glæpamönnum borgarinnar. Bönnuð börnum.
▶ 22.40 X-Files (Ráðgátur) Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

23.30 Clubhouse (9:11) (e) 0.15 Sirkus RVK (e) 0.45 Friends (7:17) (e)

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

15.40 Run of the House (e) 16.10 Beautiful People (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Beverly Hills 90210 Unglingarnir í Beverly Hills eru mættir til leiks. Tvi-burnarnir Brandon og Brenda Walsh eru nýflutt til stjörnuborgarinnar og kynna krökkum fina og fræga fólksins í Beverly Hills.
19.45 Melrose Place
20.30 Völvi Snær
▶ 21.00 Courting Alex – tvöfaldur lokapáttur Glæný gamanþáttaröð sem fengið hefur frábæra dóma.
22.00 Everybody loves Raymond – lokapáttur Margverðlaunuð gamanþáttaröð um hinn nánast óþolandi íþróttapistlahöfund Ray Romano.
22.30 C.S.I: Miami

23.20 Jay Leno 0.05 America's Next Top Model V (e) 1.00 Beverly Hills 90210 (e) 1.45 Melrose Place (e) 2.30 Östöðvandi tónlist

7.00 Ísland í bitöð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/ Markaðurinn / Íþróttfréttir / Veðurfréttir / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal 13.00 Sportið ▶ 14.00 Fréttavaktin eftir hádegi 17.00 5fréttir 18.00 Veður / Íþróttir / Kvöldfréttir NFS

19.00 Ísland í dag
19.40 Hrafnáþing Ingva Hrafn Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpingu-gulausan hátt.
20.10 Brot úr fréttavakt
21.00 Fréttir
21.10 60 Minutes
22.00 Fréttir Fréttir og veður
22.30 Hrafnáþing Ingvi Hrafn Jónsson gerir upp fréttir dagsins á tæpingu-gulausan hátt.

23.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir 0.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.00 Fréttavaktin eftir hádegi 6.00 Hrafnáþing

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Sky Captain and the World of Tomorrow
8.00 Down With Love 10.00 Simone 12.00 Spy Kids 3-D: Game Over 14.00 Down With Love 16.00 Simone 18.00 Spy Kids 3-D: Game Over 20.00 Sky Captain and the World of Tomorrow (Háloftakafteinninn og veröld morgundagsins) Byltingakennnd og ævintýrleg visindaskáldsaga með Jude Law og Gwyneth Paltrow í aðalhlutverkum. 22.00 Blown Away (Í loft upp) Sprengjumaður gengur laus

í stórborginni Boston og íbúarnir eru sem lamaðir. Sprengjusveitin er kölluð á vettvang og meðlimum hennar verður fljótlega ljóst að ekki er við neinn víðvæning að fást. Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Jeff Bridges. Leikstjóri: Stephen Hopkins. 1994. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Razor Blade Smile (Str. b. börnum) 2.00 Jeepers Creepers 2 (Str. bönnuð börnum) 4.00 Blown Away (e) (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

11.30 Extreme Close-Up 12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 Child Star Confidential 13.30 10 Ways 14.00 THS American Pie: Uncovered 15.00 50 Most Shocking Celebrity Confessions 17.00 Girls of the Playboy Mansion 17.30 Girls of the Playboy Mansion 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Simon Cowell 20.00 101 Craziest TV Moments 21.00 Sexiest 22.00 Dr. 90210 23.00 Girls of the Playboy Mansion 23.30 Girls of the Playboy Mansion 0.00 THS Simon Cowell 1.00 101 Craziest TV Moments 2.00 101 Most Starlicious Makeovers

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



Bón og hreinsivara
NÝ OG ÖFLUGRI VARNARLÍNA
FRÁ **TURTLEWAX**

Söluaðilar um land allt



... á næstu Esso stöð ... bestir fyrir bilinn þinn

NÝTT!

VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Strákarnir **Stöð 2 kl. 19.40**

Komið að leiðarlokum

Nú er komið að allra síðasta þætti Strákanna og munu allir drengirnir, það er Sveppi, Auddi, Pétur Jóhann og meðreiðarsveinar þeirra, Hugí, Atli og Gunni, koma saman af því tilefni. Í þættinum verður rífað upp allt það eftirminnlegasta sem Strákarnir hafa tekið upp á en þátturinn hefur verið á dagskrá síðan í febrúar 2005, fjórum sinnum í viku, hálf tíma í senn; og á þeim tíma hafa ófáar áskoranir verið teknar sem og tilraunir, stjórnarnir, faldar myndavélar og vakningar.



Einkamál
Smáauglýsing óskar eftir að komast í samband við góðan auglýsanda. Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið samband í síma 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

19.45
Fótbolti
LANDSBANKAÐEILDIN 2006



18.00 Íþróttasjallið **18.12** Sportið

- 18.30** **US PGA í nærmynd** (Inside the PGA) Víkulegur fréttabáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
- 19.05** **Landsbankamörkin 2006**
- 19.45** **Landsbankadeildin 2006** (Landsbankadeildin 2006)
- 22.00** **Kraftsport** (Sterkasti maður Íslands 2006) Uptaka frá keppninni um Sterkasta mann Íslands.
- 22.30** **Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar fimmtán nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspymu eða sparkað í fótbolta mynda knattspyrnuhljóð?

23.20 Landsbankadeildin 2006

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Músík og mas **11.03** Samfélagið í nærmynd

12.20 Fréttir **12.45** Veður **13.00** Vilt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Parísardraumir **15.03** Tónstígin **16.13** Hlaupanótan **17.03** Viðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Biótónar **19.30** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar **23.10** Hlaupanótan

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar **2 9.05** Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

18.00 Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Píkupopp **0.10** Popp og ról

BYLGJAN FM 98,9

7.00 Ísland í bitíð **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádeggi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Leðurstóll með skemli **73.900**

Stækkanlegt glerborð **62.900**
Stóll með leðuráferð **11.900**

o p i ð v i r k a d a g a 1 0 - 1 8 l a u g a r d a g a 1 1 - 1 6



Vaxtalaus júlí

vaxtalausar greiðslur allan júlí til allt að 12 mánaða



H Ú S G Ö G N

b æ j a r l i n d 6 2 0 1 k ó p a v o g i s í m i 5 5 4 6 3 0 0 w w w . m i r a a r t . i s

Borðstofuborð verð frá **39.900**
Stóll með leðuráferð **9.900**

Mikið úrval af fallegum húsgögnum og gjafavöru



HRÓSIÐ

... fær tónlistarmaðurinn **Baldvin Ringsted** sem seldi eitt laga sinna í bandaríska hafnaboltauglýsingu.

Góð helgi...



ÚTILEGA

Um helgina er hin árlega útilega háskólana. Í ár er ferðinni heitið í Hallgeirsey og er stúttfull dagskrá alla helgina. Ferðin kostar 3.900 krónur fyrir háskólana, annars 4.500 krónur.

BÍÓ

Ef veðurguðirnir verða í vondu skapi um helgina er tilvalið að skella sér á nýju myndina með gamanleikaranum Adam Sandler, **CLICK**, sem frumsýnd var fyrir stuttu.



TÓNLEIKAR

Í kvöld eru tónleikar á vegum Grapevine og Smekkleysu á Kaffi Amsterdam. Það er hljómsveitin Hairdoctor sem stígur á svið kl. 21 og kostar 500 kr. inn.

FATAHÖNNUNAR-SÝNING

Í dag opnar sýningin „Íslensk tískuhönnun“ í Þjóðmenningarhúsinu. Tilvalið að leggja leið sína þangað og berja íslenska hönnun augum.



SIRKUSMARKAÐURINN

Í portinu á bak við skemmtistaðinn Sirkus er starfræktur skemmtilegur markaður á föstudögum og laugardögum í allt sumar. Þar er hægt að finna skemmtilega hluti á kjaraverði.

MATUR

Um helgar er alltaf gott að gera vel við sig og fá sér góðan mat. Sushismiðjan er staðsett við Reykjavíkurbíó og hvað er betra en að gæða sér á hráum fiski í hafgolunni?

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 land 6 skammstöfun 8 hljóma 9 æxlunarkorn 11 vafi 12 stuttur 14 líf-hvati 16 tveir eins 17 gerast 18 enþá 20 bardagi 21 málmhúða.

LÓÐRÉTT

1 voð 3 holskrúfa 4 heimsálfa 5 kóf 7 ónnið efni 10 hætta 13 suss 15 vega 16 skref 19 ónefndur.

LAUSN

16 fet, 19 nn. kaf, 7 hræfni, 10 ógn, 13 uss, 15 meta, LÖBÉTTI: 1 segl, 3 ró, 4 amerka, 5 enn, 20 at, 21 tína. e, 12 lágur, 14 ensa, 16 ff, 17 ske, 18 LÁRÉTT: 2 írak, 6 eh, 8 óma, 9 gró, 11

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Warren Buffet
- 2 Brúnó
- 3 Þvagsýrugigt

www.sturta.is
allan sólarhringinn!

Reykjavíkurgvegur 64, Hafnarfjörður.
Sími: 565-5566

Stráumurinn!!!
Draumurinn!!!

sturta.is



FIJÓRÐA BÚLLAN Starfsmenn Hamborgarabúllunnar á Bíldshöfða 18 bjóða gæstum meðal annars til sætis á borð 301 af Hard Rock Café. Staðurinn er annars mjög fjölskylduvænn og er með góðu leikhorni fyrir börn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

TÓMAS TÓMASSON: OPNAR ENN EINN HAMBORGARASTAÐINN

Búlluveldið stækkar enn

Hamborgarakóngurinn Tómas Tómasson hefur opnað enn eina hamborgarabúlluna. Fyrir rekur Tommi hamborgarastaði við Geirsgötu, á Egilsstöðum og í Hafnarfirði, sem allir eru undir heitinu Hamborgarabúlla Tómasar. Fjórða hamborgarabúllan og jafnframt sú nýjasta er til húsa við hliðina á Húsgagnahöllinni við Bíldshöfða. Staðurinn tekur um fimmtíu manns í sæti og er því stærsti hamborgarastaðurinn í hinni sístækkandi keðju Tomma. Eins og hinir staðirnir er hann samtíningur af hinu og þessu. Þannig eru húsgögn staðarins meðal annars úr Góða hirðinum.

„Frægasti básinn af gamla Hard Rock, bás 301, er líka á staðnum sem er stórt og mikið



HAMBORGARAKÓNGUR Tommi á hamborgarabúllunni breiðir úr sér. Í júlí bætist grísaamloka á matseðilinn.

átta manna borð sem var mjög vinsælt meðal lítilla vinahópa,“ segir Tommi og bætir við að það að nýta það sem til er gefi staðnum heimilislegt yfirbragð. Á staðnum er líka krakkahorn með flatskjá

fyrir teiknimyndir og gestir staðarins þurfa ekki að láta sér leiðast á meðan beðið er eftir matnum því hægt er að dunda sér við að teikna listaverk sem þrýða muna loft staðarins.

Akureyringurinn Óðinn Geirsson hefur verið ráðinn rekstrarstjóri nýja staðarins, en hann er lærdur bakari.

Í júlí hyggur Tommi á breytingar á matseðli búllanna en þá bætist gamla góða grísaamlokun af Hard Rock á seðilinn, en hún er samsett úr grísastrimlum í barbeque-sósu sem settir eru í hamborgarbrauð ásamt hrásalati. Aðspurður um það hvort fleiri búllur séu væntanlegar svarar Tommi hlæjandi: „Það er bara heimsyfírrað eða dauði.“

snaefridur@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Birgir Guðmundsson, lektor við Háskólann á Akureyri, fagnar fimmtugsafmæli sínu á morgun. Búist er við fjölda gesta í Ketilshúsið þar sem veislan verður haldin, enda Birgir vinarmargur maður og þekktur fyrir sífín í fjölmiðlum. Síðustu misseri hefur Birgir verið vinsæll gestur í ýmsum spjallþáttum og er gjarnan fenginn til að segja álit sitt á málum í fjölmiðlum. Því hafa sumir gengið svo langt að uppnefna hann Álitsgjafa Íslands þó að Birgir vilji eflaust ekki kannast við þann titil. Meðal gesta í veislunni verða gamlir skólabræður Birgis, **Einar K. Guðfinnsson** sjávarútvegsráðgjafi, **Már Guðmundsson** hagfræðingur og **Tryggvi Jónsson**, gjarnan kenndur við Heklu.



Lokaþáttur Strákanna er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld að loknum fréttum. Þeir **Auðunn Blöndal**, **Sverrir Þór Sverrisson**, **Pétur Jóhann Sigfússon** auk hjálparmanna hafa haldið þættinum úti síðan í febrúar á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Stöð 2 eru þættirnir orðnir 280 talsins, þeir hafa tekið um 160 áskorunum og Ofur-Hugi hefur 84 sinnum tekið upp á ótrúlegustu hlutum. Þá eru ótaldir allar vakningarnar, földu myndavélarnar og ólíka stjórnum svo eitthvað sé nefnt. Strákarnir fara nú í frí og þegar þeir snúa til baka hefja þeir vinnu við nýja þætti sem verða á dagskrá Stöðvar 2 næsta vetur. Eins og Fréttablaðið greindi frá fyrir skemmstu munu Strákarnir skipta sér upp og verða því að minnsta kosti tveir nýir þættir á skjánum í haust.



Gestir skemmtistaðarins Sirkuss dattu sannarlega í lukkupottinn á laugardagskvöldið þegar tónlistarkonan **Björk Guðmundsdóttir** hélt veglega veislu á heimili sínu. Björk er einn af fastagæstum Sirkuss og bauð öðrum fastagæstum og vinum heim til sín í Vesturbæinn. Partí Bjarkar stóð fram eftir nóttu og meðal gesta voru þeir **Heiðar Örn Kristjánsson** og **Ragnar Páll Steinson** úr hljómsveitinni Botnleðu og leikarinn Benedikt Erlingsson. - hdm



Fyrsta lag Start í 25 ár

Hljómsveitin Start, með Eirík Hauksson í fararbroddi, gefur út nýtt lag á safnplötu sem kemur út þann 7. júlí.

Lagið nefnist Heilræðavísur og er það fyrsta frá sveitinni frá árinu 1981, eða í 25 ár. „Þetta er lag sem ég fann í Noregi sem ég á. Ég átti texta síðan 1984 eða '85 sem smellpassaði fyrir þetta ákveðna lag. Þannig að við skelltum því í upptökur,“ segir Eiríkur. „Þetta er frekar einfaldur rokkari. Við erum svona rétt að minna á okkur,“ segir hann. Hann útilokar ekki að stór plata verði tekin upp með sveitinni í framtíðinni.

Start spilar á Players í Kópavogi á laugardagskvöld. Sveitin



START Hljómsveitin Start spilar á Players í Kópavogi á laugardagskvöld.

spilaði síðast á Players í apríl við mjög góðar undirtektir og ákvað því að endurtaka leikinn. „Við

höfðum voðalega gaman að þessu síðast og okkur langaði að prófa aftur,“ segir Eiríkur. - fb



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, VILLTUR LAX, SKÖTUSELUR og KEILA



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

STÓRÚTSALAN HEFST Í DAG

REGATTA 
GREAT OUTDOORS™

Opið
virka daga 10 – 18
laugard. 10 - 18
sunnud. 13-17

50-80%
afsl.

● ● **ÚTIVIST & SPORT**

verslanir / hópa- og fyrirtækjajónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322



BAKÞANKAR

JÓNS GNARR

Argasta réttlæti

Nú á dögunum gengu í garð ný lög sem heimila hommum og lesbíum að búa saman og njóta sömu réttinda og aðrir hvað það varðar. Einnig gefst nú samkynhneigðum þörum tækifæri á að sækja um að ættleiða börn.

ÉG þekki marga homma. Margir af þeim eru mjög góðir vinir mínir, mér finnst vænt um þá og er þakklátur fyrir að hafa kynnst þeim. Þeir hafa auðgað líf mitt með tilveru sinni og vináttu. Ég þekki líka nokkrar lesbíur.

PETTA fólk er ekkert öðru vísi en annað fólk sem ég hef kynnst á lífsleiðinni. Ef eitthvað er þá eru samkynhneigðir vinir mínir á margan hátt næmari fyrir lífinu en gengur og gerist. Það er ekki að ástæðulausu hve margir listamenn eru samkynhneigðir. Ég geri engan greinarmun á vinum mínum eftir kynhneigðum þeirra.

ÉG held að samkynhneigð sé aðallega meðfædd. Svo held ég líka að þeir séu til sem kjósa hana sem lífsstíll. Guð skapaði samkynhneigð. Hann gerði það af ástæðu. Samkynhneigð er engin synd. Samkynhneigðir eru eins misjafnir og þeir eru margir. Og á heildina lítið eru þeir ekkert öðru vísi en annað fólk og eiga skilin sömu réttindi og allir aðrir.

ÉG sé ekkert því til fyrirstöðu að samkynhneigðir fái að giftast. Þær kirkjur sem vilja gefa saman samkynhneigð hjón ættu að mega það. Og þær kirkjur sem vilja það ekki eiga líka að hafa rétt á því, án þess að þurfa að þola eitthvað skítkast. Gagnkvæmrar virðingar er þörf.

HJÓNABAND tveggja karlmannna hefur engin bein áhrif á hjónaband mitt. Mér finnst það ekki gera lítið úr því eða ógna því á nokkurn hátt. Það hefur hreinlega ekkert með það að gera, ekki frekar en önnur sambönd í kringum mig. Að börn alist upp með eða hjá samkynhneigðum foreldrum mótar þau minna en innræti foreldranna. Ég held að mörg börn væru betur komin meðal homma og lesbía en hjá mörgum drykkfellnum og gagnkynhneigðum, íslenskum hjónum. Ég sjálfur er alinn upp af miðaldra keðjureykjandi konum í greiðslusloppum. Ég hvorki reyki né geng í greiðsluslopp, né fer reglulega í lagningu.

GUÐ skapar homma og lesbíur vegna þess að hann elskar þau eins og annað fólk sem hann skapar. Vegir Guðs eru órannsaklegir. Ég óska hommum og lesbíum innilega til hamingju með þennan áfanga og samgleðst þeim innilega.

MARKAÐURINN



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt **handklæði** í kaupbæti.

Farðu í fríð með fjármálin á þurru:

- **Kreditkort**
 - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- **Netbankinn**
 - yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.
- **Reglulegur sparnaður**
 - leggðu drög að næsta fríi.
- **Greiðsluþjónusta**
 - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á www.glitnir.is

GLITNIR